## MEÐ BRÁÐSMITANDI TAKT Í ÆÐUM

*Djassistinn Tómas R. Einarsson lét ástríðuna reka sig til Kúbu og mun aldrei bíða þess bætur.*



28




**Sumarsól 2008**

fylgir Fréttablaðinu í dag

ÚRVAL-ÚTSÝN



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. janúar 2008 — 25. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**LAUGARD…**



**DRAUMAMAÐUR FYRIRLIÐANS**

**Ólafur Stefánsson vill fá Hlyn Bæringsson í íslensku vörnina**

ÍÞRÓTTIR 46

# Réttur brotinn á nemendum vegna skorts á kennurum

**„Öll börn eru skólaskyld og það á ekki að vera hægt að skerða viðmiðunarstundaskrá samkvæmt lögum,“ segir formaður Félags grunnskólakennara. Aðeins helmingur skóla í borginni er fullmannaður.**

**MENNTAMÁL** „Alvarleg staða er komin upp í mörgum skólum en það má búast við að þetta sé hátíð miðað við það sem verður á næsta ári náist ekki góðir samningar í vor,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskóla kennara, um ástandið í grunnskólum landsins.

Samkvæmt könnun sem menntasvið Reykjavíkurborgar lét gera 9. janúar eru aðeins sautján skólar af 38 í borginni fullmannaðir.

Alvarlegust er staðan í Rimaskóla þar sem skert kennsla hefur verið frá því eftir áramót í unglingadeild vegna skorts á kennurum. Þá hafa kennarar í skólanum sem séð hafa um sérkennslu verið færðir í hefðbundna bekkjarkennslu.

Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, segir aðgerðirnar nauðvörn í afar erfiðri stöðu. „Við höfum auglýst eftir starfsmönnum í fjölmiðlum, í hverfinu og meðal félaga en því miður vantar þó enn upp á að hægt sé að uppfylla viðmiðunarstundaskrá en við vonumst til þess að geta bætt börnunum það upp þegar við fáum fólk,“ segir Helgi.

„Öll börn eru skólaskyld og það á ekki að vera hægt að skerða viðmiðunarstundaskrá samkvæmt lögum,“ segir Ólafur. Hann segist þó vita að afar erfitt sé að finna starfsfólk um þessar mundir. „Og ég held að það sé nær útilokað að finna einhvern með kennararéttindi,“ bætir hann við.

Ólafur segir stöðuna sem nú er komin upp hafa verið fyrirsjáanlega í langan tíma en tekur fram að hann viti ekki til þess að stundaskrár hafi verið skertar annars staðar en í Rimaskóla.

„Í hinum skólunum er svo verið að bjarga hlutum fyrir horn í mörgum tilfellum, svo sem með óhóflegri yfirvinnu og tilfærslum í starfi til að koma í veg fyrir að fella þurfi út tíma. En þótt það sé gert er ekki þar með sagt að ástandið sé gott því þeim hefur fjölgað mikið við kennslu sem ekki hafa réttindi.

Ég held því fram að skólastarfið hljóti að hafa versnað í vetur vegna þess hve margir reyndir kennarar hafa horfið til annarra starfa,“ segir Ólafur en kveðst þó nokkuð bjartsýnn á að góðir samningar takist milli kennara og sveitarfélaga á vormánuðum.

„Það hefur verið mikið og gott samstarf okkar á milli í undirbúningi kjaraviðræðna.“ **- kdk**





STÍLL 40

## VEÐRIÐ Í DAG





**HVASST SYÐRA Í FYRSTU** Í fyrstu verða vestan 13-20 m/s sunnan til en lægir í dag. Annars staðar verður vindur hægari. Minnkandi él eftir því sem líður á daginn. Hvessir af suðaustri seint í kvöld. Frost 0-8 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4



VIÐHALD Hópur nemenda Listaháskóla Íslands kom litríkri klæðningu fyrir þar sem klæðning húsanna hefur látið á sjá á húsi í Skuggahverfinu í Reykjavík í gær. Þetta kom íbúum nokkuð á óvart en flestir voru ánægðir með tiltækið. Nemendurnir tóku klæðninguna niður aftur að gjörningi loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gjörningur nemenda LHÍ:

## Gerðu við á táknrænan hátt

**MENNING** „Verktakarnir hafa brugðist okkur, borgaryfirvöld hafa brugðist okkur.“ Þetta var meðal þess sem nemendur við Listaháskóla Íslands skrifuðu á dreifibréf sem þeir útbýttu samhliða því að þeir komu fyrir sérhönnuðum flísum á húsum í Skuggahverfinu.

Gjörningurinn var hluti af uppskeruhátíð nemenda skólans sem tóku þátt í námskeiði fyrir allar deildir skólans sem bar yfirskriftina Karnival, segir Anna Júlía Friðbjörnsdóttir, verkefnisstjóri yfir verkefninu.

Einn hópur nemendanna stóð fyrir gjörningi í Skuggahverfinu og gerði á táknrænan hátt við húsin. Íbúar hafa lengi kvartað yfir lélegri klæðningu. Með þessu lýstu nemendurnir óánægju með slæleg vinnubrögð verktaka og skipulagsyfirvalda, segir Anna. **- bj**

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir árásir á sig óvægnar og ósæmilegar:

# Hefur haldið sannfæringu sinni í 18 ár

**STJÓRNMÁL** „Veikindi eins og mín hafa hrjáð marga stjórnmálamenn án þess að þeir yrðu lagðir í einelti sem er nánast það sem ég hef orðið fyrir,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri í viðtali við Fréttablaðið.

Hann segir að fjölmiðlar hafi sýnt veikindum hans meiri athygli heldur en þeim málefnum sem hann standi fyrir. „Ég vona aðeins að þeir sem hvað óvægilegast hafa reynt að vega að mér geri sér grein fyrir því að þessar ósæmilegu, persónulegu árásir særa alla fjölskyldu mína.“

Ólafur leggur áherslu á að hann hafi alla tíð verið heiðarlegur stjórnmálamaður og haldið sannfæringu sinni og aldrei fengið á sig spillingarstimpil þau átján ár sem hann hefur starfað í stjórnmálum.

„Það væri réttara að dæma mig af því. En ég get líka verið mannlegur og ég held að einmitt þess vegna hafi ég verið farsæll í mínum læknisstörfum og unnið langvarandi traust skjólstæðinga minna,“ segir Ólafur.

Hann kveðst stoltur af tveimur fyrstu verkum sínum í stóli borgarstjóra; björgun húsanna við Laugaveg og lækkun fasteignaskatta. **- jse/** sjá síðu 24


E S E D R A



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

SteinTeppi.is
Steinteppi & Epoxy gólfefni | www.steinteppi.is | S. 864 6600
Bílskúrar, svalir, baðherbergi, stofur, eldhús, verslanir, iðnaðarhúsnæði

Hefur þú auga fyrir góðri hönnun?



A3 Sportback
AUDI

## SPURNING DAGSINS



*Herdís, ætlar þú í herferð gegn The Daily Show?*

„Ég verð þá ein í liði.“

Grínfréttamaðurinn Jason Jones frá fréttaskýringaþættinum The Daily Show leitaði logandi ljósi af íslenska hernum. Hann komst að því að sá her var aðeins skipaður einum hermanni, það er að segja Herdísi Sigurgrímsdóttur.

Demókratar halda forkosningar í Suður-Karólínu:

# Obama hefur yfirhöndina

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama hefur vinninginn í skoðanakönnunum fyrir forkosningar Demókrataflokksins, sem haldnar verða í Suður-Karólínu í dag. Hillary Clinton sakar Obama um að hafa gert kosningabaráttu flokksins óvægnari með persónulegri gagnrýni á sig, sem hún hafi neyðst til að svara í sömu mynt.

Frambjóðendur Repúblikanaflokksins, þeir Mitt Romney, John McCain og Rudy Giuliani, beindu einnig gagnrýni sinni að Clinton frekar en að deila innbyrðis. Romney sagði hana ekki í takti við almenning og sagðist glaður vilja keppa á móti henni í forsetakosningum: „Satt að segja get ég ekki beðið eftir því, vegna þess að ég get hreinlega ekki séð fyrir mér að Bill Clinton komi aftur í Hvíta húsið og hafi ekkert að gera.“



**HILLARY CLINTON** Tekur gagnrýni repúblikana ekki jafn alvarlega og gagnrýni flokksbróður síns Obama.

Dagblaðið New York Times tók í gær afstöðu til frambjóðenda flokkanna tveggja og lýsti yfir stuðningi við Clinton og McCain.

Blaðið sagði Clinton mun reyndari og djúpvitrari stjórnmálamann en Obama, en McCain var að mati blaðsins skásti kosturinn í röðum repúblikana, ekki síst fyrir opinskáa andstöðu hans við stefnu George W. Bush forseta.

Blaðið gagnrýndi harðlega Giuliani, fyrrum borgarstjóra í New York, og sagði hann hafa „notfært sér martröð borgar sinnar og landsins til þess að auglýsa forsetaframboð sitt“. - gb

Gerð út í breskum borgum:

# Rúmensk börn seld í þjófnað

**RÚMENÍA, AP Vitað er um 120 rúmensk börn sem voru flutt til Bretlands á síðasta ári í þeim tilgangi að betla eða stunda vasaþjófnað í breskum borgum og bæjum.**

**Verið er að rannsaka 400 manns vegna þessa og hafa 150 verið handteknir í sameiginlegri aðgerð bresku og rúmensku lögreglunnar. Flestir þeirra sem stóðu að mansalinu eru ættingjar viðkomandi barna.**

**Breska lögreglan rakti aukningu í notkun glæpagengja á börnum til fátækra fjölskyldna í Rúmeníu sem afhenda þau gegn loforði um peninga. - sdg**

Innbrotsþjófur handtekinn:

# Lafhræddur við geltandi hunda

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotsþjófi í Breiðholti var stórlega brugðið þegar að honum veittust geltandi hundar. Hann tók til fótanna og þaut eins og fætur toguðu.

Húseigandinn sem átti hundana hafði hins vegar vaknað við gjammið og sá þjófinn sem þaut tómhentur í burtu. Húseigandinn hringdi í svæðisstöð lögreglu í Breiðholti og gat gefið góðar upplýsingar um útlit innbrotsþjófsins, sem var handtekinn skömmu síðar. Hann var þá að sniglast í þjónustumiðstöð borgarinnar í Mjódd, en hún er einmitt við hlið svæðisstöðvar lögreglunnar. Maðurinn var með hluti á sér sem taldir eru vera þýfi. - jss

Barnaverndarnefnd:

# Skipuð formaður án vitundar

**BORGARMÁL Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, sem kosin var formaður Barnaverndarnefndar Reykjavíkur af borgarstjórn á fimmtudag, hyggst ekki gegna stöðunni. Kristín segist hafa verið skipuð að henni forspurðri og um misskilning hafi verið að ræða á milli sín og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.**

**Kristín ætlar engu síður að ganga í störf formanns þar til mögulegt verður að skipa nýjan formann á næsta borgarstjórnarfundi, sem haldinn verður 4. febrúar. Með því er komið í veg fyrir að neyðarástand skapist þar sem án starfandi formanns er nefndin í raun óstarfhæf, sem hefði getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir skjólstæðinga nefndarinnar.**

- shá

# Þrjár vikur til að rífa nýbyggð frístundahús

**Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur fengið kröfu um að tvö nýbyggð frístundahús verði fjarlægð innan 20 daga eftir niðurstöðu úrskurðarnefndar. Fráleitt segir sveitarstjórnin sem falið hefur lögmanni sínum málið.**

**STJÓRNSÝSLA** Hjón sem eiga sumarbústað í Kiðjabergi í Grímsnesi hafa gefið sveitarstjórninni tuttugu daga frest til að rífa tvö ný hús í nágrenni við bústað þeirra.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur í nýjum úrskurði enn og aftur tekið undir með hjónunum og fellt úr gildi bæði deiliskipulag og byggingarleyfi frá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir nýju húsunum tveimur. Ástæðan er sú að úrskurðarnefndin telur að deiliskipulaginu hafi í raun fyrst verið breytt eftir að húsin voru risin í trássi við eldra skipulagið sem gerði ráð fyrir margfalt minni húsum.

Ívar Pálsson, lögmaður hjónanna Þórdísar Tómasdóttur og Þórs Ingólfssonar, hefur nú sent sveitarstjórninni bréf og bent á að hin umdeildu hús séu ólögmæt. Samkvæmt lögum skuli þau fjarlægð.

„Er þess nú krafist að sveitarstjórnin hlutist þegar til um að láta fjarlægja húsin og afmá allt jarðrask á lóðunum. Verði ekki orðið við framangreindri kröfu innan 20 daga frá dagsetningu bréfs þessa áskilja umbjóðendur mínir sér rétt til að grípa til þeirra réttarúrræða sem þau telja nauðsynleg til að verja hagsmuni sína þar með talið leita með málið fyrir dómstóla,“ segir í bréfi lögmannsins til sveitarstjórnarinnar sem einnig er krafin um greiðslu útlagðs kostnaðar.

„Ljóst er, miðað við þá sex úrskurði sem kveðnir hafa verið upp í málinu, að ærin ástæða hefur verið fyrir umbjóðendur mína að bregðast við ólögmætum aðgerðum sveitarfélagsins,“ segir í bréfi Ívars Pálssonar lögmanns.



**NIÐURRIFS KRAFIST** Annað af tveimur nýbyggðum sumarhúsum sem krafist er að verði fjarlægð. MYND/EGILL



**Í KIÐJABERGI** Þórdís Tómasdóttir og eiginmaður hennar eiga bústaðinn til hægri á myndinni og eru mótfallin byggingu stóra hússins til vinstri. MYND/EGILL

Við blasir að gríðarlega margir tugir milljóna króna færu í súginn ef rífa þyrfti nýju húsin. Fyrir liggur að hreppurinn vill heimila nýja skipulagið með stærri húsum og í raun því ekkert til fyrirstöðu séu hlutirnir gerðir í réttri röð. Þá væri að byggja nákvæmlega sams konar hús á sama stað.

„Sveitarstjórn lýsir sig ósammála niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar og telur fráleitt að afgreiðsla á samþykki fundargerðar skipulagsnefndar hafi ekki verið með fullnægjandi hætti,“ segir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sem falið hefur lögmanni sínum að annast málið.

gar@frettabladid.is



**VESTMANNAEYJAHÖFN** Ástæða uppsagnanna er niðurskurður þorskvótans.

Enn ein fiskvinnslan hættir:

# Öllum sagt upp hjá Pétursey

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Öllu starfsfólki fiskvinnslunnar Pétursey ehf. í Vestmannaeyjum hefur verið sagt upp störfum. Alls er tólf starfsmönnum sagt upp nú en frá byrjun september hafa um 36 störf tapast hjá fyrirtækinu, að sögn forsvarsmanna.

Ástæða uppsagnanna er niðurskurður þorskkvóta en vegna lítils framboðs á fiskmörkuðum hefur starfsemi fyrirtækisins dregist mjög saman að undanförnu. Línubátur sem Pétursey hefur gert út var lagt í haust.

Þetta er þriðja fyrirtækið sem tilkynnir um samdrátt eða stöðvun vinnslu á örfáum dögum. HB Grandi hefur sagt upp öllum starfsmönnum í fiskvinnslu sinni á Akranesi og Vísir í Grindavík hyggst leggja niður vinnslu í fimm mánuði í tveimur fiskvinnslum í sumar. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á vegfaranda í Keflavík

Ekið var á fjórtán ára gangandi vegfaranda á Hringbraut í Keflavík um klukkan hálftíu á fimmtudagskvöldið. Var hann fluttur á slysadeild í Reykjavík þar sem óttast var að hann væri mikið slasaður. Við rannsókn kom í ljós að hann var óbrotinn en marinn og dvaldi hann til öryggis á sjúkrahúsi yfir nótt.




Dæmdir fyrir grófan ofbeldisverknað gegn konu í húsasundi við Laugaveg:

# Dæmdir í fimm ára fangelsi fyrir hrottalega nauðgun

**DÓMSMÁL** Tveir karlmenn, 28 og 32 ára, hafa verið dæmdir í fimm ára fangelsi fyrir hrottalega nauðgun í húsasundi við Laugaveg. Þeir voru jafnframt dæmdir til að greiða fórnarlambinu tvær milljónir króna í skaðabætur.

Mennirnir, Arunar Bartkus og Rolandas Jancevicius, sem báðir eru litháískir ríkisborgarar, reyndu með ofbeldi að hafa samræði við konu á fertugsaldri og neyddu hana til að hafa við þá munnmök. Konan hlaut rispur, roða og bólgu á kynfærum og fjölmarga áverka á líkama. Hún leitaði til neyðarmóttöku Landspítala sömu nótt og nauðgunin átti sér stað. Var hún þá verulega ölvuð og í uppnámi. Hún kvaðst hafa hitt tvo útlendinga á veitingastað. Hún hafi hitt mennina aftur á leið sinni heim og þau orðið samferða á Laugavegi. Síðan hafi þau farið inn í húsasund og leitað skjóls fyrir rigningu. Þar hafi mennirnir misþyrmt henni kynferðislega með margvíslegum hrottalegum hætti.



**LAUGAVEGUR** Mennirnir misþyrmdu konunni í húsasundi við Laugaveg.

Rannsóknir lögreglu leiddu í ljós að annar mannanna var smitaður af klamydíu og hinn af lifrarbólgu-C. Þeir reyndust báðir dæmdir brotamenn í heimalandi sínu.

Héraðsdómur Reykjavíkur segir í niðurstöðu að verknaður mannanna hafi verið hrottalegur og aðgerðir þeirra svívirðilegar og niðurlægjandi. Þetta er þyngsti dómurinn fyrir eitt nauðgunarbrot í íslenskri dómaframkvæmd að sögn Sigríðar Friðjónsdóttur saksóknara. - jss





85.999

**Hlaupabretti**
HK-1689, 2,5 hestafla mótor, sterkt afrafmagnað álagsþolið fjaðrandi færiband 167x41,5 sm, tímaklukka, vegalengdarmælir, kaloríumælir, hraða- og púlsmælir, 5 hraða og hallastillingar 0-12%, hraði frá 0,8-16 km/klst, hámarks líkamsþyngd 120 kg, þyngd á tæki 89 kg, hægt að leggja saman
3899525



46.999

**Göngubretti**
JDB-1300, 1,5 hestafla mótor, hraði 1-12 km/klst, sterkt álagsþolið fjaðrandi færiband 115x38 sm, 1,6 mm belti, öryggislykill, tímaklukka, vegalendarmælir, kaloríumælir, hraða og púlsmælir, 5 æfingakerfi, 3 innbyggð kerfi, hámarks líkamsþyngd 100 kg., hægt að leggja saman, þyngd á tæki 63 kg.
3899532

# HEILSUDAGAR



**Safapressa**
Lifestyle, 300W
1840891

4.999
~~6.999~~




1.599

**Æfingamotta**
MAT3 PVC, svampmotta, 180x60x2,5 sm
3899536



15.999

**Þrekhjól**
YK B-19, hljóðlátt, segulviðnám, mælir sem sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd, hraða, sveifarsnúning og púls, þyngdarstilling á bilinu 1-10 kg., þyngd á tæki 26 kg.
3899530



**Æfingasett**
YK-TS303, 2x1 kg. lóð, 2x grip, sippuband
3899537

1.599



**Magaþjálfi**
YK-A09
3899547

3.999



6.990

**Trampolin**
48" æfingatrampolin, hentar vel innanhúss
3900569

Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

**GENGIÐ 25.01.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,94 | 65,26 |
| Sterlingspund | 128,46 | 129,08 |
| Evra | 95,44 | 95,98 |
| Dönsk króna | 12,808 | 12,882 |
| Norsk króna | 11,898 | 11,968 |
| Sænsk króna | 10,096 | 10,156 |
| Japanskt jen | 0,6025 | 0,6061 |
| SDR | 102,82 | 103,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,8651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ítalíuforseti kannar möguleika á myndun nýrrar ríkisstjórnar:

# Berlusconi krefst kosninga

**ÍTALÍA, AP** Giorgio Napolitano, forseti Ítalíu, hóf í gær könnunarviðræður við formenn ítalskra stjórnmálaflokka til að ganga úr skugga um hvort möguleiki væri á því að mynda nýja ríkisstjórn eða hvort boða þyrfti til þingkosninga.

Romano Prodi sagði af sér sem forsætisráðherra á fimmtudagskvöld eftir að traustsyfirlýsing á stjórn hans var felld í öldungadeild þingsins í Róm. Ríkisstjórn Prodis hafði aðeins verið við völd í 20 mánuði.

Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra, vill að þingkosningar verði boðaðar strax.

Nýja ríkisstjórnin myndi, ef af verður, aðeins verða bráðabirgðastjórn sem sæti þangað til breytingar hefðu verið gerðar á kosningalöggjöfinni, sem almennt er talin eiga stóran þátt í óstöðugleika ítalskra stjórnmála.

Hægri flokkarnir samþykktu núgildandi kosningalöggjöf á síðasta þingi, meðan Berlusconi var forsætisráðherra, gagngert til þess að gera smáflokkum á hægri vængnum auðveldara með að ná kjöri til þings. Berlusconi og aðrir leiðtogar hægri flokkanna eru því alfarið á móti breytingum á löggjöfinni, sem myndu hækka þröskuld þess atkvæðafjölda sem flokkar þurfa að fá til að ná kjöri.

Napolitano hyggst ljúka viðræðum sínum við formenn flokkanna á þriðjudag. Stjórn Prodis situr áfram þangað til þeim viðræður lýkur. - gb



**SILVIO BERLUSCONI** Fagnaði ákaft afsögn Prodis og vill kosningar sem fyrst. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarmyndun í Færeyjum:

## Viðræðurnar sigldu í strand

**FÆREYJAR** Stjórnarmyndunarviðræður í Færeyjum sigldu í strand á fimmtudaginn þegar ljóst var að Sambandsflokkurinn, Jafnaðarflokkurinn og Fólkaflokkurinn ættu erfitt með að ná samkomulagi um velferðarmál.

Flokkarnir þrír voru í stjórn fyrir kosningarnar, sem haldnar voru um síðustu helgi, og héldu meirihluta sínum þótt þingmönnum þeirra samtals á lögþingi Færeyja hefði fækkað úr 21 í 20.

Óvíst var í gær hvort flokkarnir ætla áfram að reyna stjórnarmyndun, eða opna fyrir möguleikann á öðrum stjórnarmynstrum. - gb

Fíkniefnasali handtekinn:

## Fundu kókaín og tæpa milljón

**DÓMSTÓLAR** Um 600 grömm af kókaíni og tæp milljón í peningum fundust við húsleit í Hafnarfirði í fyrradag. Þetta staðfestir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Íslenskur karlmaður á fertugsaldri var handtekinn í kjölfar húsleitarinnar. Hann hefur verið úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald. Grunur leikur á að sú háa fjárhæð sem fannst í íbúðinni sé ágóði af fíkniefnasölu. Húsleitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. - jss

Stjórnvöld og Rauði krossinn:

## Tíu milljónir króna til Kenía

**UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur ákveðið að veita sjö milljónum króna til hjálparstarfs Rauða krossins í Kenía. Með framlögum Rauða krossins er upphæðin komin í tíu milljónir. Alvarlegt ástand hefur verið í landinu frá því kosningar fóru fram.** - bj

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Unglingur meiddist á baki**

Fimmtán ára unglingur meiddist á baki þegar snjósleði sem hann ók tók flugið og lenti illa í Bláfjöllum um klukkan fjögur á fimmtudaginn. Var unglingurinn fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

**LEIÐRÉTTING**

Í frétt um skipan í fagráð Reykjavíkurborgar í gær var gefið til kynna með flokksmerki að Ólöf Guðný Valdimarsdóttir sæti í skipulagsráði fyrir Framsóknarflokkinn. Hið rétta er að Ólöf er fulltrúi F-lista.

# Losunarkvóti Alcan kærður til ráðherra

**Úthlutun nefndar á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur verið kærð til umhverfisráðuneytis. Alcan segir nefndina hafa farið út fyrir verksvið sitt þegar fyrirtækinu var synjað um losunarkvóta fyrir framleiðsluaukningu.**

**STJÓRNSÝSLA** Alcan á Íslandi hefur kært úthlutun á losunarheimildum gróðurhúsalofttegunda til umhverfisráðuneytisins.

Það var úthlutunarnefnd losunarheimilda sem úthlutaði fimm fyrirtækjum heimildum til að losa samtals 8,6 milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum á árunum 2008 til 2012. Alls hafði nefndin 10,5 milljónir tonna til umráða en kaus að fullnýta ekki kvótann.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**



**RANNVEIG RIST**

„Að okkar mati fer þessi nefnd langt út fyrir sitt verksvið með því að hunsa umsókn okkar á þeim forsendum að það sé óvissa um stækkunaráformin út af skipulagsmálum,“ segir Guðrún Þóra Magnúsdóttir, sem annastumhverfismál innan stækkunarteymis Alcan.

Alcan sótti um heimildir sem svara til losunarþarfar vegna 460 þúsund tonna álframleiðslu á ári. Fyrirtækið fékk hins vegar aðeins úthlutað losunarkvóta sem miðast við núverandi 183 þúsund tonna framleiðslu. Það eru tæplega 1,4 milljónir tonna af gróðurhúsalofttegundum á fimm árum.

Eins og kunnugt er höfnuðu Hafnfirðingar því í almennri atkvæðagreiðslu að skipulagi yrði breytt svo Alcan gæti stækkað verksmiðjuna í 460 þúsund tonn.



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Hafnfirðingar synjuðu Alcan um fyrirhugaða stækkun og fyrirtækið fékk ekki losunarkvóta sem það óskaði eftir.

Guðrún Þóra segir Alcan bæði hafa verið komið með umhverfismat og starfsleyfi fyrir stækkun upp í 460 þúsund tonn.

„Nefndin á ekkert að taka afstöðu til þess hvort það getur orðið af stækkunaráformum eða ekki. Hún á bara að úthluta samkvæmt þeim lögum sem hún á að vinna eftir. Það segir í lögunum að umsækjendur sem eru komnir lengst skuli njóta forgangs – og við vorum komin lengst með okkar stækkunaráform,“ segir Guðrún.

Alcan hefur að sögn Guðrúnar ekki gefið stækkun upp á bátinn. Þótt atkvæðagreiðslan í Hafnarfirði hafi farið á þann veg sem hún gerði þá séu ýmsir möguleikar enn þá til skoðunar, meðal annars með landfyllingum.

„Við erum líka að huga að framleiðsluaukningu í núverandi kerskálum um 40 þúsund tonn og við erum með fullt starfsleyfi til þess,“ segir Guðrún en ítrekar að með ákvörðun sinni hafi úthlutunarnefndin mjög heft möguleika Alcan á framleiðsluaukningu. „Þannig að þetta kemur sér mjög illa fyrir okkur,“ segir hún.

Kæran barst umhverfisráðuneytinu fyrir jól. Að sögn Guðmundar Harðar Guðmundssonar, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, liggur ekki fyrir hvenær úrskurðar er að vænta þaðan.

gar@frettabladid.is

Magnús Geir í Borgarleikhús:

## Spenningur og söknuður í senn

**MENNING „Ég hlakka afskaplega til að takast á við þetta spennandi verkefni. Það er samt með ögn blendnum hug því ég veit að ég kem til með að sakna Akureyrar,“ segir Magnús Geir Þórðarson en í gær var tekin einróma ákvörðun stjórnar Borgarleikhússins um að hann yrði þar næsti leikhússtjóri. Hann hefur verið leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar í um fjögur ár.**



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON**

**Magnús segist ætla að fara hægt í sakirnar í byrjun en stefnan verði tekin á að Borgarleikhúsið verði í hæsta gæðaflokki og geti laðað alla hópa þjóðfélagsins að.** - kdk

Enn straumur til Egyptalands:

## Sprengdu sig í gegnum landamæraveginn

**GAZASTRÖND, AP** Egypskir óeirðarlögreglumenn stilltu sér upp í fylkingu í gær til að varna því að Gazabúar kæmust gegnum gatið sem var sprengt í landamæraveginn milli Egyptalands og Gaza á miðvikudaginn.

Þá voru jarðýtur notaðar til að ryðja gat á öðrum stað á tólf kílómetra löngum landamærunum og þustu Gazabúar þar í gegn. Þegar leið á daginn drógu lögreglumennirnir sig í hlé og leyfðu fólkinu að streyma óhindrað yfir landamærin.

Fimm egypskir lögreglumenn særðust eftir grjótkast frá Gazabúum. - sdg


NÁTTÚRULÆKNINGABÚÐIN

ULL OG SILKI

Verðhrun !

Rýmum til fyrir nýjum vörum

Allar vörur með afslætti



RUSKOVILLA

Ull sem ekki stingur.

MIKIÐ ÚRVAL

Nýir eigendur sama góða varan.

30-100% afsláttur

Hlíðasmára 14 • 201 Kóp • Opið mán-lau 11-18

Sendum frítt um land allt




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**STORMUR Í NÓTT**

Það lægir eftir því sem líður á daginn, eða rétt á meðan beðið er eftir næsta kröftuga veðurkerfinu. Í kvöld fer vindur vaxandi af suðaustri með hlýnandi veðri og úrkomu. Um miðnætti í kvöld verður komin allhvöss eða hvöss suðaustanátt með snjókomu með öllu sunnanverðu landinu en um sexleytið í fyrramálið verða hlýindi komin inn á sunnanvert landið og þá víða hvassviðri eða stormur.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Minnkandi vestanátt og él. Hiti við núllið.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*» á morgun*




8-20 m/s, hægastur austan til

*» mánudagur*




Stíf norðanátt allra austast annars hægari.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C ringing | London | 12°C alskýjað | Friedrichshafen | 7°C skúrir |
| Billund | 8°C rigning | París | 10°C alskýjað | Lúxemborg | 6°C alskýjað |
| Osló | 1°C alskýjað | Amsterdam | 11°C alskýjað | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C alskýjað | Frankfurt | 9°C alskýjað | Róm | 12°C heiðskírt |
| Gautaborg | 6°C rigning | Berlín | 8°C skúrir | Las Palmas | 22°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Góð þjónusta
Viðskiptavinir Símans eru þeir ánægðustu meðal farsímafyrirtækja
Að hringja Kollekt *888*
Það er sama hver staðan er. Viðskiptavinir Símans geta alltaf hringt Kollekt úr GSM í GSM. Sláðu bara inn *888* á undan númerinu og sá sem þú hringir í greiðir símtalið.
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú til útlanda á skíði?*

| | |
|---|---|
| Já | 5,8% |
| Nei | 94,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Festir þú bílinn þinn í ófærðinni í gær?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Verðlaunahafi verðlaunamyndagátu Fréttablaðsins:

# Erfði áhugann frá mömmu

**FÓLK** Það var Þórunn Jakobsdóttir, 17 ára námsmær af Seltjarnarnesi, sem varð hlutskörpust af þeim mikla fjölda sem sendi inn rétta lausn fyrir verðlaunamyndagátu Fréttablaðsins.

Þegar Þórunn tók við 25 þúsund króna ferðaávísun frá Iceland Express, sagðist hún sérstaklega stolt yfir því að hafa leyst gátuna nánast hjálparlaust á meðan kærastinn hennar var að horfa á fótbolta. Áhugann á myndagátum hafi hún hins vegar erft frá móður sinni, en hún hafi leyst svona gátur frá því Þórunn man eftir sér.



Þeim fjölmörgu sem sendu Fréttablaðinu lausnir er þökkuð þátttakan. Rétt lausn var: Hver fréttin rak aðra þetta árið. Reimálið felldi Vilhjálm og nýr borgarstjóri tók við. Lúkasarmálið olli fjaðrafoki og fleira bar á góma, sem ei verður frá greint hér. - ss



**ÞÓRUNN JAKOBSDÓTTIR OG ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** Þórunn tekur við 25 þúsund króna ferðaávísun frá Iceland Express hjá Önnu Margréti, umsjónarmanni helgarefnis Fréttablaðsins.

Mannréttindanefnd SÞ:

# Ísland hlíti niðurstöðunni

**ALÞINGI** Breyta verður lögum um stjórn fiskveiða í kjölfar niðurstöðu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, að mati sex þingmanna Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna.

Verði frumvarpið samþykkt mun Alþingi álykta um að hlíta beri niðurstöðu nefndarinnar þess efnis að fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga brjóti í bága við borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Að frumvarpinu standa þingmennirnir Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson, Grétar Mar Jónsson, Atli Gíslason, Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson. - bj

GOTT FÓLK

# ER ÞESSI EINI AF HVERJUM NÍU SKYLDUR ÞÉR?

Á síðasta ári voru greiddir út 35.695 vinningar í Happdrætti Háskólans sem þýðir að einn af hverjum níu Íslendingum hlaut vinning. Verður þú í hópi vinningshafa í ár?

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*




**HÚS Á LAUGAVEGI 4 OG 6** Borgin keypti líka Skólavörðustíg 1a sem tengist húsunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Borgin kaupir húsin við Laugaveg 4 og 6

**Kostnaður borgarinnar gæti verið um hálfur milljarður króna. Kaupverð húsanna hækkaði um meira en helming á einu ári. Eigendur segjast verða af væntanlegum hagnaði. Formaður borgarráðs segir verkefnið þess virði.**

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg kaupir húsin við Laugaveg 4 og 6 af Kaupangi ehf. Kemur þetta fram í tilkynningu sem borgin sendi frá sér í gær og er það í samræmi við samþykkt borgarráðs frá því á fimmtudag. Þar var borgarstjóra falið að ganga til viðræðna við eigendur húsanna með það að markmiði að borgin keypti húsin og gerði þau upp.

Samkvæmt þessu virðist borgarráð hafa ákveðið að velja valkosti B eða B2 sem nefndir eru svo í greinargerð um kostnað og endurbygginguna fyrir Laugaveg 4 og 6 sem unnin var af Minjavernd og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen ehf.

Er þar tilkostnaður borgarinnar áætlaður á bilinu 583,3 til 828,5 milljónir króna eftir því hvort farið verður eftir tillögum um endurskoðaða uppbyggingu eða endurbyggingu í óbreyttri mynd.

Inni í þeim kostnaði eru kaup á húsunum tveimur auk kaupa á Skólavörðustíg 1a sem húsin tengjast. Að auki er þar tilkostnaður sem eigendur hafa lagt í vegna fyrirhugaðra framkvæmda og er þá einnig reiknað með að lóðarhafa séu greiddar miskabætur sem nema 25 prósent af kaupverði byggingaréttar vegna nauðungarsölu.

Reiknaður fórnarkostnaður borgarinnar telst þar á bilinu 230 til 305 milljónir króna ef húsin verða seld að loknum endurbótum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kaupverðið nærri 550 milljónum króna og því greinilegt að fórnarkostnaður borgarinnar verður töluvert hærri.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir borgina ætla að nýta reitinn eins vel og hægt er miðað við þau markmið sem lagt er upp með og selja svo húsin. „Við áttum okkur á að borgin ber af þessu einhvern kostnað en við teljum að verkefnið sé þess virði.“

Kaupangur keypti húsin fyrir um ári á um 250 milljónir svo verð þeirra hefur að minnsta kosti tvöfaldast á þessu ári.

„Við erum búnir að kosta hundruðum milljóna króna í verkefnið,“ segir Jóhannes Sigurðsson, stjórnarformaður Kaupangs, en varðandi kostnað borgarinnar segir Jóhannes hann væntanlega meiri en þeir hafi eytt í húsin. „Við erum að verða af hagnaði sem við vorum að vænta.“

olav@frettabladid.is

Ráðherra þarf ekki að ákveða hvort Laugavegshúsin verði friðuð:

# Nefnd vill friða um tug húsa

**SKIPULAGSMÁL** Húsafriðunarnefnd ætlar að leggja til við menntamálaráðherra að um tíu hús við Laugaveginn verði friðuð. Ráðherra mun ekki taka ákvörðun um friðun húsanna númer fjögur og sex vegna áherslubreytinga nýs borgarstjórnarmeirihluta.

Þetta tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra á fundi með fjölmiðlafólki síðla dags í gær.

Húsafriðunarnefnd hafði lagt til að húsin yrðu friðuð en nefndin dró tillögu sína til baka eftir að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sendi ráðherra og nefndarmönnum bréf. Þar kynnti hann ákvörðun borgarráðs um að kaupa húsin með það fyrir augum að viðhalda 19. aldar götumynd Laugavegarins.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Vill líta á miðbæinn sem eina heild. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Ég er mjög fegin að lyktir málsins eru þessar,“ segir Þorgerður. Aðspurð sagðist hún þegar hafa verið búin að ákveða að friða húsin áður en þetta kom til.

Af þessu tilefni óskaði hún sérstaklega eftir því við skipulagsyfirvöld og húsafriðunarnefnd að þeir sem hafi áhuga á uppbyggingu eða friðun húsa við Laugaveg vinni betur saman í framtíðinni.

„Ég óska eftir því að fá heildarmyndina af skipulagi við Laugaveginn og hér í miðborginni þannig að ég þurfi ekki að standa frammi fyrir tillögum húsafriðunarnefndar eins og ég sé að búa til bútasaumsteppi,“ segir Þorgerður Katrín. - bj



Prófaðu nýjung á **byr.is**:

# **Komdu þér** í fjárhagslegt form **með Byr**

**Taktu heilsuprófið á byr.is og komdu í heimsókn!**

Markmiðið með nýja fjárhagslega heilsuprófi Byrs er að **bæta fjárhagslegt heilbrigði þitt.**

Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs um niðurstöðurnar. **Nýttu tækifærið.**
Fáðu góð ráð til að styrkja fjárhagslega heilsu þína núna með fjármálaþjálfurum Byrs.

**Það tekur aðeins nokkrar mínútur að taka heilsupróf Byrs.**
Komdu með í ræktina. Komdu þér í fjárhagslegt form.

Taktu heilsuprófið – byrjaðu á **byr.is**
Talaðu við fjármálaþjálfara Byrs í dag

BYR
SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVIK




Þrír karlar sitja í gæsluvarðhaldi vegna hraðsendingar á miklu magni fíkniefna:

# Létu senda eiturlyf með pósti

**LÖGREGLUMÁL** Þrír íslenskir karlmenn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á stóru fíkniefnasmyglmáli sem kom upp um miðjan nóvember síðastliðinn.

Þá lagði Tollgæslan á Suðurnesjum hald á tæp fimm kíló af amfetamíni og 600 grömm af kókaíni sem komu með hraðsendingu til landsins frá Þýskalandi, sem er mesta magn sem tollgæslan hér á landi hefur fundið við eftirlit með hraðsendingum.

Lögregla handtók í fyrradag og daginn þar áður fimm einstaklinga vegna málsins, að sögn Eyjólfs Ágústs Kristjánssonar, fulltrúa lögreglu- og tollstjóra á Suðurnesjum. Einn mannanna var úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald í fyrradag, tveir voru sömuleiðis úrskurðaðir í viku gæslu í gær, en hinum fjórða og fimmta var sleppt að loknum yfirheyrslum. Mennirnir eru milli tvítugs og þrítugs. Þeir eru af höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Sumir þeirra hafa komið við sögu lögreglu áður vegna fíkniefnamála.



**GRAFARHOLT** Lögreglan handtók fólkið í Grafarholti.

Rannsókn málsins hefur verið í náinni samvinnu lögreglunnar á Suðurnesjum og fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur verið mjög viðamikil og meðal annars teygt anga sína til Þýskalands. Henni miðar vel, að sögn Eyjólfs. - jss




# Átök vegna uppsagna á Akranesi

**Ólga ríkir á Akranesi vegna uppsagna 45 starfsmanna hjá HB Granda þar í bæ. Þingmaður veltir því fyrir sér hvort fyrirtæki sem ekki stígi ölduna í þrengingunum beri að fá þann kvóta sem það hafi orðið af við kvótaskerðingu.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikil óánægja ríkir hjá sveitarstjórnarmönnum og formanni verkalýðsfélagsins á Akranesi vegna uppsagna HB Granda þar í bæ.

Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélags Akraness, segist blása á þær skýringar stjórnarmanna HB Granda að þetta sé gert í hagræðingarskyni og séu viðbrögð við skerðingu aflaheimilda. „Ef þeir eru að hugsa um að hagræða þá er hægt að benda þeim á það að það liggja mikil verðmæti í lóðareignum þeirra í Reykjavík en ákjósanlegar aðstæður séu til vinnslu hér á Akranesi, svo ef þeir vilja hagræða þá ættu þeir frekar að efla uppbygginguna hér.“

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar í Norðurlandskjördæmi vestra, segir að athuga beri hvort fyrirtækjum sem sinna ekki samfélagslegri ábyrgð í þrengingum sem hljótast af kvótaskerðingunni beri að fá þann kvóta til baka sem þau urðu af við skerðinguna.

„Nú er verið að skera niður þriðjung af kvóta fyrirtækja til þriggja ára og menn hafa alltaf gengið út frá því að fyrirtækin fengju þennan kvóta til baka þegar aðstæður leyfa að auka heimildir aftur. En ég hef athugasemdir við þetta því ef fyrirtæki taka ekki á vandamálinu með ríkisvaldinu og reyna ekki að þreyja þorrann og halda fólki í vinnu þá hlýtur að vakna sú spurning hvort það sé eðlilegt að þau fyrirtæki ættu að fá kvótann til baka.“ Hann segir útlit fyrir að flest fiskvinnslufyrirtæki í landinu hugi ekki nægilega að starfsfólki og sveitarfélögum í hagræðingaraðgerðum sínum.



**FRÁ AKRANESI** Sveitarstjórnarmenn og formaður verkalýðsfélagsins segja veg útgerðar þar hafa legið beina leið niður á við frá því HB og Grandi sameinuðust árið 2004.

„Það stóð til hjá okkur að flytja alla fiskvinnslu til Akraness,“ segir Eggert B. Guðmundsson, forstjóri HB Granda. „Hins vegar voru þær áætlanir sem gerðu ráð fyrir starfsemi okkar á Akranesi styttra á veg komnar en við töldum og svo settum við fram ákveðnar óskir um það hvernig við fengjum að skilja við eignirnar í Reykjavík en það var ekki gengið að því svo þetta gekk ekki eftir. Við erum alls ekki að reyna að hnýta enda á útgerðarsögu á Akranesi eins og skilja má af mönnum þar.“ Hann sagðist bíða með að svara Guðbjarti þar til hann hefði fengið nánari útskýringar.

jse@frettabladid.is





ÚTSALA!
Allt að 80% afsláttur af bókum
Nönnu
5.990 kr.
8.490 kr.
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Aska
2.290 kr.
4.690 kr.
BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM
1.290 kr.
2.490 kr.
ARNALDUR INDRIÐASON
HARÐSKAFI
1.990 kr.
4.790 kr.
Rimlar hugans
1.990 kr.
4.690 kr.
DAUÐI TRÚÐSINS
1.990 kr.
4.680 kr.
1.990 kr.
4.680 kr.
BREIÐAVÍKURDRENGUR
1.990 kr.
4.490 kr.
STEPHEN KING
EKKJAN
1.990 kr.
4.480 kr.
Karitas
1.990 kr.
4.400 kr.
Heildarlista íslenskra útsölubóka má finna á eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

verkefnislýsing
frumkvæði
árangursmat
markaðssetning
nýnæmismat
framkvæmdaáætlun
kostnaðaráætlun

### Átak til atvinnusköpunar:
## Ert þú með snjalla nýsköpunarhugmynd?

**Iðnaðarráðuneyti** auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu Átak til atvinnusköpunar.

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til smærri verkefna og verkefna sem leitt geta til nýsköpunar.

**Umsóknir og fylgigögn**
Allar umsóknir skulu færðar á þar til gerð umsóknareyðublöð sem eru á vefsíðu *Impru*, *www.impra.is*. Þar skal eftirfarandi koma fram:

- Markmið verkefnisins.
- Lýsing á verkefninu, greining á nýnæmi þess og áætlaður árangur (afurð).
- Styrkir og önnur fyrirgreiðsla sem áður hefur verið veitt til verkefnisins.
- Kostnaðaráætlun og tímaáætlun fyrir verkefnið.
- Áætlanir um sölu eða markaðssetningu.

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga.

***Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á vefsíðu Impru, www.impra.is og hjá Hallfríði Benediktsdóttur í tölvupóstfang hb@nmi.is. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2008.***

Umsóknum skal skilað á framangreindum eyðublöðum til:

***Impra - frumkvöðlar og sprotar,***
***Nýsköpunarmiðstöð Íslands,***
***Keldnaholti, 112 Reykjavík,***
***merkt Átak til atvinnusköpunar***
***eða á netfangið atak@nmi.is***

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

LÝÐHEILSUSTÖÐ

## Styrkir úr Forvarnasjóði 2008

**Lýðheilsustöð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að forvörnum á sviði áfengis- og vímuvarna og eru styrkir veittir til verkefna eða afmarkaðra rannsókna.**

Sérstök áhersla er lögð á að verkefnin séu samstarfsverkefni og að þau tengist börnum og ungmennum á mismunandi skólastigum eða ungu fólki utan skóla. Að þessu sinni er auglýst sérstaklega eftir verkefnum sem taka til forvarna í framhaldsskólum. Mikilvægt er að í umsókninni sé gert grein fyrir mati á verkefninu.

Lýðheilsustöð metur umsóknirnar í samstarfi við áfengis- og vímuvarnaráð. Áskilinn er réttur til að senda umsóknir til umfjöllunar fagaðila, óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnun. Einnig áskilja styrkveitendur sér rétt til að skilyrða styrkveitingar og ákveða að styrkir verði greiddir út í samræmi við framvindu verkefnis. Sé sótt um styrk til framhaldsverkefna þarf framvinduskýrsla að liggja fyrir.

**Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2008 og skal sótt um á eyðublöðum sem eru á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is. Styrkir, sem veittir eru á árinu, skulu sóttir fyrir 31. desember 2008.**

Nánari upplýsingar fást í síma 5 800 900, johann@lydheilsustod.is eða á heimasíðunni www.lydheilsustod.is en þar er sótt rafrænt um styrkinn. Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið johann@lydheilsustod.is



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.451 **+4,82%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.260
**Velta:** 15.704 milljónir

MESTA HÆKKUN
**ATLANTIC AIRWAYS** +17,9%
**SPRON** +9,67%
**FLAGA** +9,09%

MESTA LÆKKUN
**ICELANDIC GROUP** -1,12%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,36 +1,09% ... Bakkavör 50,00 +1,01% ... Eimskipafélagið 29,40 +4,63% ... Exista 12,95 +7,38% ... FL Group 11,23 +5,94% ... Glitnir 20,70 +5,88% ... Icelandair 27,35 +3,80% ... Kaupþing 739,00 +5,42% ... Landsbankinn 31,85 +3,92% ... Marel 99,00 +2,06% ... SPRON 6,69 +9,67% ... Straumur-Burðarás 13,84 +4,06% ... Össur 92,70 +1,87% ... Teymi 5,83 +2,28%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Hagvöxtur í Kína ekki meiri í 13 ár

**Rúmlega 11 prósenta hagvöxtur var í Kína í fyrra. Þar fylgjast stjórnvöld náið með undirmálslánakrísunni.**

Hagvöxtur í Kína var 11,4 prósent á síðasta ári og hefur ekki verið meiri í þrettán ár. Mikil aukning útflutnings og vöxtur í byggingariðnaði eru sagðar meginástæður hins mikla hagvaxtar.

Þrátt fyrir að kínverska hagkerfið sé sagt í góðu ástandi hafa embættismenn nokkrar áhyggjur af mögulegri ofþenslu. Þá er verðbólga talsverð, en hún mældist 6,5 prósent á ársgrundvelli og hefur sjaldan verið meiri.

Xie Fuzhan, forstjóri kínversku hagstofunnar, segir stjórnvöld fylgjast náið með undirmálskrísunni í Bandaríkjunum. Samkvæmt Xie er vel hugsanlegt að brugðist verði við ástandinu með stýrivaxtabreytingum. Þá kunni að koma til greina að breyta gengi juansins, en Kínverjar hafa hingað til aðhyllst fastgengisstefnu.

Sérfræðingar segja nú aðeins tímaspursmál hvenær kínverska hagkerfið verður þriðja stærsta hagkerfi í heiminum, og fer þá fram úr Þýskalandi. Xie svaraði hins vegar engum spurningum þess efnis. „Þótt við kunnum að fara fram úr Þjóðverjum skal hafa í huga að Kína er enn þróunarland. Þjóðartekjur á mann eru hér til að mynda enn of lágar.“ **- jsk**



**FRÁ HONG KONG** Kínverska hagkerfið heldur áfram að vaxa þótt eldar logi á alþjóðamörkuðum. Stjórnvöld segjast við öllu búin fari svo að áhrif undirmálskrísunnar magnist enn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Stjórnendur svartsýnir

Stjórnendur fyrirtækja eru svartsýnni en áður á horfur í efnahagsmálum, samkvæmt athugun sem birtist í Hagvísum Seðlabankans.

Seðlabankinn kannaði viðhorf stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins í desember.



**STUND MILLI STRÍÐA** Nóg verður að gera næstu mánuði við að reisa tónlistarhúsið á hafnarbakkanum. Margir stjórnendur stærstu fyrirtækja eru þó heldur svartsýnir á horfur í efnahagsmálum.

Fram kom að forráðamenn 44 prósenta fyrirtækja telja að aðstæður í efnahagslífinu myndu versna á næsta hálfa árinu frá því sem nú er. Fjórir af hverjum tíu teldu að þær yrðu óbreyttar. Um sextán prósent stjórnenda gera ráð fyrir batnandi árferði.

Í sams konar könnun í haust töldu 22 prósent stjórnenda að aðstæður færu versnandi, svo heldur hefur fjölgað í röðum svartsýnna.

Samkvæmt könnuninni hefur dregið úr vilja stjórnenda til að fjölga starfsfólki á næstu mánuðum. Þessa viðhorfs gætir bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og jafnframt í flestum atvinnugreinum. Undantekningar eru þó fjármála- og tryggingastarfsemi og sjávarútvegur.

Um þriðjungur stjórnenda gerir ráð fyrir að bæta við starfsfólki á næstu mánuðum, samkvæmt könnuninni. **- ikh**

## Stöðugar horfur Norvik Banka

Lánshæfiseinkunnir Norvik Banka í Lettlandi eru óbreyttar eftir uppfærslu alþjóðlega matsfyrirtækisins Moody's Investor Services fyrr í mánuðinum.

Bankinn fær hjá Moody's einkunnina D- fyrir fjárhagslegan styrkleika, en það er sagt samsvara lánshæfiseinkuninni Ba3. Moody's segir horfur stöðugar á öllum sviðum hjá bankanum.

Í tilkynningu kemur fram að Moodys's telji meðal styrkleika bankans nýja hluthafa hans og reynslu þeirra af bankastarfsemi og tengslum. Þá er talin til innleiðing upplýsingaferla, sterkt eiginfjárhlutfall og gæði eigna. Norvik Banki er að meirihluta í eigu Straumborgar, sem er fjárfestingarfélag Jóns Helga Guðmundssonar og fjölskyldu.

„Möguleiki er á að lánshæfiseinkunn bankans verði hækkuð ef félagið heldur áfram að styrkja útibúanet sitt, lausafjárstöðu sína, fjármögnun og áhættustýringu,“ segir í tilkynningunni, en Norvik Banki er viðskiptabanki með eitt stærsta útibúanet Lettlands. Í lok síðasta árs nam eigið fé bankans um 7,5 milljörðum króna og heildareignir um 86 milljörðum. **- óká**

CITROËN

## Citroën C5 Exclusive II

Tækniafsláttur
**261.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 2.598.000*

2,0i 143 hö 200 Nm sjálfskiptur
5 dyra CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í bl. akstri 8,6 l/100 km
Listaverð kr 2.859.000



# Sjáðu tækni Citroën í dag

# Tæknisýningar á hjólum

Hver Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig. Þú fylgist með nýjungum. Þú vilt nútímatækni, gott verð og gæði. Þú kemur á tæknisýningar í Brimborg í dag, Bíldshöfða 8. Nýttu þér sýningarverðið. Sjáðu tæknisýningaafslætti dagsins.
*Komdu í Brimborg í dag.*

**Opið í dag milli kl. 12 og 16.**

**Komdu á tæknisýningu. Allt að 261.000 kr. tækniafsláttur.**



## Citroën C3 SX

Tækniafsláttur
**127.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 1.598.000*

1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 145 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1 l/100 km
Listaverð kr. 1.725.000

## Citroën C4 Saloon SX

Tækniafsláttur
**150.000 krónur**
Tæknilegt verð
kr. 1.949.000*

1,6i 110 hö 147 Nm 5 gíra 5 dyra
C02 losun 169 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 7,1 l/100 km
Listaverð kr 2.099.000



GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

visthæf skref með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

FOR SAFER CARS EURO NCAP
www.euroncap.com

*Komdu í Brimborg.
Þú sérð að hver og einn Citroën er stór tæknisýning út af fyrir sig.
Vertu á tæknisýningu.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Ath. allt að 100% fjármögnun er í boði fyrir Citroën C3, C4 og C5. Aukabúnaður á mynd af C3 eru þokuljós og af C4 og C5 álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Að þjóna sjálfum sér og gleyma umbjóðendum sínum:

## Á rangri leið

JÓN KALDAL

Undanfarnar vikur hafa átt sér stað atburðir sem varpa ljósi á ónotalegt hugarfar sem þrífst í ákveðnum kreðsum innan Sjálfstæðisflokksins. Ætla má að báðir atburðir eigi eftir að fylgja flokknum lengi og reynast honum þungbærir. Sá fyrri varð 21. desember þegar Árni Mathiesen skipaði dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Austurlands. Sá síðari varð núna á mánudaginn, hinn 21. janúar, þegar sjálfstæðismenn náðu völdum í borgarstjórn Reykjavíkur á nýjan leik með fulltingi Ólafs F. Magnússonar.

Þessir tveir ólíku atburðir eiga það sameiginlegt að í báðum tilvikum afhjúpast sérgæska sem gengur lengra en áður hefur þekkst í íslenskum stjórnmálum. Hafa stjórnmálaflokkarnir þó sannarlega ekki kallað allt ömmu sína í þeim efnum hingað til. Er þar enginn flokkur undanskilinn.

Þegar á móti blæs er gamalt trikk í stjórnmálum að setja undir sig höfuðið og bíða eftir að óveðrinu sloti. Svo er líka hægt að vona að stórhríð bresti á annars staðar og athyglin færist þangað. Þetta ætlar ekki að verða raunin með dómaraskipun Árna Mathiesen. Þótt fimm vikur séu liðnar frá þeim gjörningi vill ekki fenna yfir málið. Enda engin ástæða til. Í þessu tilviki er ekki hægt að draga víglínuna pólitískt. Málið er alvarlegra en svo að það snúist um átök gagnstæðra fylkinga.

Auðvitað hafa andstæðingar Sjálfstæðisflokksins deilt hart á dómaraskipun Árna. Þau orð kafna þó gjörsamlega í þrumugný gagnrýni Dómarafélags Íslands, Péturs Kr. Hafstein og Sigurðar Líndal. Þessa aðila getur Árni Mathiesen ekki slegið út af borðinu með því að segja að hann hafi víst rétt fyrir sér, eins og hann þráast við studdur af sumum flokkssystkinum sínum.

Í borginni létu sjálfstæðismenn sig hafa það að kaupa Ólaf F. Magnússon út úr sitjandi meirihluta með því að afhenda honum borgarstjórastólinn og skrifa upp á málefnaskrá sem er sjötíu prósent hans; manns sem er þó svotil án pólitísks baklands.

Seint í gær kom svo í ljós að hið rétta kaupverð fyrir sæti sjálfstæðismanna í meirihlutanum nemur þeim hundruð milljónum króna sem á að verja til kaupa á húsunum við Laugavegi 4 og 6. Þetta er makalaus niðurstaða. Ekki síst þegar haft er í huga að innan borgarfulltrúahópsins í Ráðhúsinu eru mun fleiri sem vilja nýjar byggingar við Laugaveg 4 og 6 en friða húsin. Það vill bara svo til að sá sem var á annarri skoðun gat nýtt sér hana sem skiptimynt til að mynda nýjan meirihluta. Kostnaðurinn við þessa aðgerð liggur á bilinu 240 til 550 milljónir króna, eftir því hversu mikið verður borgað fyrir húsin. Sá reikningur verður þó ekki greiddur í Valhöll heldur sendur íbúum Reykjavíkur. Það er sannarlega auðvelt að ráðstafa fé sem er ekki manns eigið.

Dómaraskipun Árna Mathiesen og valdatakan í borginni hafa bæði á sér yfirbragð flokks sem fyrst og fremst vill þjóna sjálfum sér en hefur gleymt umbjóðendum sínum. Slíkt getur aldrei verið tilverugrundvöllur stjórnmálaafls. Og er í raun í fullkominni andstöðu við það heilbrigða viðhorf til valda sem fólst í orðum Geirs Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að hann hafi aldrei haft það markmið að halda tilteknum einstaklingum frá völdum hvað sem það kostar, heldur að tryggja landinu trausta og öfluga stjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



Tvöfaldir Vildarpunktar
VISA ICELANDAIR Vildarkort
olis

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hott hott hjá framsókn

Komið hefur í ljós að framsóknarmenn keyptu fleira en herraföt fyrir borgarstjórnarkosningarnar síðustu. Þeir keyptu nefnilega hnakk sem fékk þó ekki að liggja undir frambjóðendum því hann var hafður sem happdrættisvinningur í happdrætti sem flokkurinn hélt í Reiðhöllinni. Þar réðust heldur ekki örlög hnakksins því enginn hreppti vinninginn. Þótti framsóknarmönnum það afar óheppilegt, að sögn Óskars Bergssonar, svo ákveðið var að gefa hann Fáksmönnum.



### Hnakkrifist

Nú hefur Björn Ingi Hrafnsson sagt af sér sem borgarfulltrúi framsóknarmanna. Óskar Bergsson tekur við af honum. Það er spurning hvort Óskar þyrfti ekki góðan hnakk því hann ríður mun feitari hesti en eftir prófkjör flokksins þar sem hann hafnaði í þriðja sæti og þurfti að velta vöngum yfir því hvort hann ætti að taka það sæti. Síðan þá hafa framsóknarmenn hnakkrifist og nokkrir dottið af baki svo skyndilega ríður Óskar fremstur í flokki.



### Brynja fyrir næstu kosningar

Guðjón Ólafur Jónsson hóf lokabardagann í þessari framsóknarrimmu með bréfaskrifum um misnotkun frambjóðenda flokksins. Svo sagðist hann vera með marga hnífa í bakinu eftir Björn Inga. Það væri því sennilegast við hæfi að riddararnir keyptu brynju fyrir næstu kosningar. Og þar sem framsóknarmenn hafa meiri þörf fyrir hana en Fáksmenn væri við hæfi að þeir hirtu hana sjálfir gangi hún ekki út í happdrættinu.

jse@frettabladid.is

# Púað á plottið



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Borgarstjórn

Á mánudagskvöldið var borgarbúum boðið upp á skemmtidagskrá í beinni útsendingu, til að lyfta þeim upp á milli tapleikjanna á EM í handbolta. Fyrrverandi og afturverðandi borgarstjóri sagðist hafa fundið nýjan borgarstjóra. Sá steig síðan fram og fór með draumaverk sín: Nítjándu aldar götumynd varðveitt við Laugaveg en tuttugusta aldar götumynd reist við Kringluna, og skyndifriðun á flugvellinum í Vatnsmýri.

Kurrinn í stofum landsmanna barst alla leið niður á Kjarvalsstaði og fréttamaður fann sig knúinn til að spyrja Ólaf hvort hann væri maður í þetta, nýkominn úr löngu veikindaleyfi. Villi greip fram í og fullyrti að Óli væri „alveg jafn vel í stakk búinn og ég var á sínum tíma til að setjast í stól borgarstjóra“. Kurr breytist í hlátur.

Á bakvið stóðu sexmenningarnir frægu, misvandræðalegir, og minntu helst á meðvirka ættingja í misráðnu boði þar sem fulli frændinn tilkynnir að hann sé búinn að bjarga gamla ættaróðalinu; hann hafi slegið lán hjá góðum manni, sem í staðinn fær reyndar að búa í húsinu í eitt ár. Smám saman kemur svo í ljós að nýi íbúinn er búinn að fá leyfi til að gjörbreyta garðinum og setja þyrlupall á þakið, enda áhugamaður um flugvelli.

### Bíræfin flétta

Var nokkur munur á þessum meirihlutaskiptum og þeim síðustu? Sumir segja ekki. Þó má benda á að síðast fór Björn Ingi á bakvið samstarfsflokkinn og tók upp viðræður við hina flokkana en nú sótti Sjálfstæðisflokkurinn inn í meirihlutann og tókst að ginna óánægðan hlekk út úr keðjunni með gylliboðum um borgarstjórastól með þeim orðum að Svandís væri að máta hann „as we speak“. Munurinn er eins og á manni sem hættir með kærustunni að morgni og byrjar með annarri um kvöldið og manni sem brýst viljandi inn í hjónaband og tekst að sprengja það upp.

Þá er nýi meirihlutinn mun tæpari (veltur á heilsu borgarstjóra — flensa eða ekki flensa?) en sá gamli sem hafði stuðning varamanna. Hér er því teflt á tæpasta vað. Allt reynt til að komast aftur til valda. Flýtirinn svo mikill að jafnvel hinn nýi borgarstjóri taldi sig eiga stuðning varamanna. „Ja... ég geri ráð fyrir að Margrét verði með okkur.“ Kannski verður þetta mottó nýja meirihlutans. „Ég geri ráð fyrir því að manneklan verði minni í haust.“ „Ég geri ráð fyrir því að borgin hafi efni á þessum kjarasamningi.“

Þetta var bíræfin flétta hjá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Einsöngur hans við undirleik Kjartans Magnússonar, undir handleiðslu söngkennarans Júlíusar Vífils, var auðvitað falskur en skilaði flokknum samt í meirihluta. Hætt er þó við að kjósendur skipi honum í minnihluta í næstu kosningum. Líklega er það þess vegna sem maður hefur enn ekki rekist á þann sjálfstæðismann utan ráðhúss sem styður þennan skollaleik. Þeir telja hann afleik er til lengri tíma lítur. Strax daginn eftir var stærsti flokkur borgarinnar orðinn sá næststærsti í könnunum og forsætisráðherra var sýnilega bumbult þegar hann „fagnaði“ tíðindunum.

### Ofmetnaður

Vandræði Sjálfstæðisflokks í borginni má rekja til prófkjörsúrslita haustið 2005, þegar Villi sigraði Gísla Martein, mér og fleirum að óvörum. REI-málsfarsinn á liðnu hausti afhjúpaði mann sem réð ekki við embætti borgarstjóra. Að ætla að bjóða borgarbúum upp á sjálfan sig eftir þá sorglegu uppákomu er enn meiri bíræfni. Ef flokkurinn ætlar að halda sig við þennan mjög svo veika meirihluta ætti hann að sýna borgarbúum þá kurteisi að bjóða upp á nýjan og betri borgarstjóra. Í „Ráðhússlagnum“ síðastliðinn fimmtudag sýndi Hanna Birna Kristjánsdóttir sannkallaða foringjatakta.

Ólafur F. Magnússon sýnir ofmetnað með því að setjast í stól borgarstjóra. Myndi Guðjón Arnar Kristjánsson einhverntíma heimta forsætisráðherrastólinn í stjórnarmyndunarviðræðum við Sjálfstæðisflokkinn? Þegar hátt er seilst verður fallið hátt.

„Skrílslætin“ á pöllum ráðhússins daginn sem hann tók við embætti voru skiljanlegur toppur á reiðiöldu sem reis úr ÖLLUM flokkum og gerðu engum illt nema þremur leiðarahöfundum úr sama flokki. Setningin „Þú ert enginn fokking borgarstjóri!“ náði að kristalla ástandið. Ofmetnaðurinn átti hana skilið. Og þegar pallarnir síðan púuðu borgarstjórann út af fundi minnti það bara á púið sem elti sama mann út af landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir nokkrum árum, hvar sömu þrír leiðarahöfundar sátu saman við borð.

# Ráðhúslætin

UMRÆÐAN

Mótmæli í ráðhúsi



SÆVAR GUÐMUNDSSON

Það var sannarlega hryggilegt að horfa upp á framgöngu ungra vinstrimanna í ráðhúsi Reykjavíkur þegar meirihlutaskipti fóru fram. Þeir stöðvuðu fundarhöld lýðræðislega kjörinna fulltrúa okkar með ofbeldisfullum hætti. Flestir hafa eflaust séð skrílslætin í sjónvarpinu, en ég efast um að sjónvarpsfólkið hafi náð að fanga heiftina sem réði ríkjum. Ungt fólk gerði hróp og köll að fullorðnu fólki sem komið var til að fylgjast með fundinum og var vinstrimönnunum ekki sammála. Eldri kona var kölluð fasisti og eldri manni tilkynnt að það eina sem stæði í vegi fyrir því að hann yrði beittur líkamlegu ofbeldi væri að mótmælendur væru friðarsinnar. Fólki var hrint og ýtt.

Ef fólk vill að skoðanir þess séu virtar og hlustað sé á það, verður það að sýna öðrum sömu virðingu. Það er ábyrgðarhluti að efna til mótmæla eins og þessara. Mótmælin verða að fara fram með þeim hætti að fólk æsist ekki upp eins og gerðist á áhorfendapöllum ráðhússins. Skipuleggjendur þessara mótmæla virtust ekki finna til þessarar ábyrgðar. Formaður Ungra jafnaðarmanna, Anna Pála Sverrisdóttir, stóð fremst í flokki og magnaði upp hópinn eins og hún gat.

Ég skil vel að vinstrimenn séu nú sárir og reiðir yfir að hafa misst meirihluta sinn. En það voru ungir sjálfstæðismenn líka á sínum tíma. Við höfðum mörg hver lagt mikið í að vinna borgina úr höndum vinstrimanna, og það var sannarlega mikið áfall þegar Björn Ingi Hrafnsson sveik okkar fulltrúa. Okkur kom hins vegar ekki til hugar að storma í ráðhúsið eins og byltingarsveit og stöðva lýðræðislega kjörna fulltrúa í fundarhöldum sínum. Vilji átta borgarfulltrúar starfa saman í meirihluta, er þeim heimilt að stofna til hans. Það gerðist fyrir þremur mánuðum, og það gerðist núna. Fólk verður að sætta sig við að svona virkar fulltrúalýðræðið.

Vinstrimenn lýsa oft með aðdáun mótmæla- og verkfallsaðgerðum á meginlandi Evrópu sem lama samfélögin þar. Þeir segja að Íslendingar kunni ekki að mótmæla.

*Höfundur er varaformaður Heimdallar.*

# SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

SUZUKI

Way of Life!



## SX4 2.090 þús.

SX4 er Sportjepplingurinn frá Suzuki, bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. „Crossover" hönnun SX4 gefur ökumanni og farþegum meira rými, hærra aðgengi og betri yfirsýn. Drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sítengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi. SX4 fæst beinskiptur eða sjálfskiptur.

Hugtök Jan. 08

## Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.

FULL FRAME 4x4





FULL FRAME 4x4



**GRAND VITARA frá 2.940 þús.**
Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spólvörn, 4 öryggisloftpúðar og hliðargardínur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.

**Swift 4X4 1.799 þús.**
Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseiginleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.

**JIMNY 1.859 þús.**
Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

---

**SUZUKI SPARNEYTNI**

SUZUKI

**TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR**

**SUZUKI BÍLAR HF · SUZUKIBILAR.IS · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100**



# Ferðadagar Icelandair og Hagkaupa

**Frá 17.–27. jan.**

**50 FERÐAVINNINGAR!**
Allir kassastrimlar eru happdrættismiðar. Neðst á strimlinum er númer, þú ferð inn á www.icelandair.is og slærð þar inn númerinu og færð samstundis svar við því hvort þú hefur dottið í lukkupottinn.

**ÞÍN BORG Á HAGKAUPSVERÐI**
Spennandi heimsborg á tilboðsverði á hverjum degi.

**SÖLUBÁSAR Í VERSLUNUM HAGKAUPA**
Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og á Akureyri. Þar gefst viðskiptavinum kostur á að bóka sér ferð.

# Hvert vi




**Valensia náttbuxur**




**Ferðatöskur** 3 stærðir




**Wrigley's tyggjó karton**




**Latabæjar litabækur**




**Fjarstýrður Disney Mikka Mús jeppi**




**Disney prinsessur**

**STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI DUTY FREE TILBOÐUM...**

**NÝR FERÐABÆKLINGUR ICELANDAIR**
Mín borg, liggur frammi í öllum verslunum Hagkaupa.






# ltu fara?

## KAUPMANNAHÖFN Á FRÁBÆRU VERÐI Í DAG

Kauptu miða á www.icelandair.is í dag eða í verslunum Hagkaupa í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind eða á Akureyri.




**Bayonne skinka**




**Partý kjúklingaskinka**
- soðin




**Nautalundir** innfluttar
- úr kjötborði




**Nauta entrecote**
- úr kjötborði

WWW.ICELANDAIR.IS

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI




Pabbi hefur alltaf verið nálægur

Villý Vilhjálmsdóttir þekkti aldrei föður sinn Vihjálm Vilhjálmsson en segir hann sína helstu fyrirmynd.

Ráðin í pólitísku skjóli?

Fréttablaðið skoðar umdeildustu embættisveitingar undanfarinna ára.

Engir tveir dagar eins

Vika í lífi leikskólakennarans Hrannar Harðardóttur á leikskólanum Hamraborg í Reykjavik

ferðalög

Tímarit sem fylgir mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Í Ferðalögum á sunnudag er fjallað um hvernig fara má í frumleg ferðalög um allan heim á eigin vegum, litið er á heitustu áfangastaðina árið 2008, Skíðahótel í Lech, leynistaði í París, Borg hins elífa vors í Bólivíu og hollráð frá heimamönnum í Boston og San Francisco.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




MAÐUR VIKUNNAR

# Með klikkað keppnisskap og gríðarlegan metnað

Grétar Rafn Steinsson varð á dögunum nýjasti íslenski knattspyrnumaðurinn í ensku úrvalsdeildinni, vinsælustu deild í heimi. Grétar Rafn hefur unnið sig upp jafnt og þétt frá því að vera ungur leikmaður á Siglufirði í að spila í að margra mati bestu og skemmtilegustu deild í heimi. Að baki árangri Grétars Rafns hefur legið gríðarleg vinna og metnaður sem hann hefur lagt í það að verða atvinnumaður í knattspyrnu í hæsta gæðaflokki.

Grétari Rafni er lýst sem algjörum sómanáunga sem láti vel til sín taka í góðgerðarmálum og láti öllum líða vel í kringum sig.

Grétar Rafn er þekktur sprelligosi utan vallar og á það til að hrekkja liðsfélaga sína með óútreiknanlegum brögðum. Í einu af nokkrum aprílgöbbum Grétars Rafns tók hann sig til og opnaði öryggisskáp sem hafði að geyma bíllykla leikmanna AZ Alkmaar og ruglaði bíllyklunum og setti á nýjar lyklakippur. Grétar Rafn forðaði sér svo af vettvangi og skildi leikmennina eftir í tómu rugli þannig að hver og einn þurfti að hafa uppi á sínum lyklum og lyklakippum til þess að komast sinnar leiðar. Í annað skipti naut hann aðstoðar annars leikmanns við að lyfta blýþungum bekk sem var á æfingasvæðinu og færa hann í veg fyrir bíl eins leikmanns AZ Alkmaar, sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

Þó að stutt sé í brosið og grínið utan vallar er allt annað uppi á teningnum innan vallar hjá Grétari Rafni. Þar stekkur honum ekki bros og einbeiting og óþreytandi sigurvilji taka öll völd. Fyrrverandi þjálfari Grétars Rafns lýsir honum sem virkilega fínum strák með gríðarlegan vilja og mikinn metnað. Hann hafi ekki endilega verið besti knattspyrnumaðurinn þó svo að hann hafi vissulega haft marga kosti til að bera sem leikmaður. Fyrst og fremst hafi ósérhlífnin og metnaðurinn samt gert honum kleift að ná þeim árangri sem hann hefur náð og opnað dyrnar fyrir honum að komast þangað sem hann er kominn á sínum ferli.

Keppnisskap og metnaður Grétars Rafns einskorðast ekki við knattspyrnuvöllinn þar sem fyrrverandi kennari hans lýsir honum sem mjög námsfúsum og sannkölluðum fyrirmyndarnemanda. Hann hafi til að mynda hafnað tilboði um að gerast atvinnumaður í Noregi á meðan hann var í framhaldsskóla á Íslandi og borið það fyrir sig að hann vildi klára námið fyrst.

Grétar Rafn hefur ekki látið mikið mótlæti stöðva sig og eitt besta dæmið um það er þegar hann sleit krossband í hné 24. júlí 2003. Grétar Rafn sneri aftur rétt rúmu hálfu ári síðar og sautján mánuðum eftir að hann meiddist var hann orðinn atvinnumaður í Sviss. Þekkt er sagan af tveimur öðrum knattspyrnumönnum sem fóru í sams konar aðgerð á sama tíma sem voru rétt byrjaðir að stíga í fótinn þegar Grétar Rafn var búinn að reima á sig knattspyrnuskóna og farinn út á völl. Grétar Rafn æfði þrisvar á dag, var alltaf inni í tækjasal og kom sér á mettíma í gegnum ein erfiðustu meiðsli sem íþróttamaður getur orðið fyrir. Þeir sem fengu að skoða æfingaprógrammið hans spurðu hann bara hreint út hvort hann væri klikkaður.

Enginn uppgjafartónn eða væl heyrðist í Grétari Rafni því hann ætlaði sér alltaf að verða fótboltamaður og þegar hann var sextán ára var hann staðráðinn í að komast út sem atvinnumaður. Hann vissi að hann þyrfti að fórna miklu til þess og æfði því alltaf meira en hinir.

Þegar Grétar kom fyrst upp á Skaga fór hann þangað upp á eigin spýtur og bjó meðal annars í bílskúr í eitt og hálft ár, en það hefðu fáir látið bjóða sér. Hann var ákveðinn í að sanna sig hjá ÍA og þetta var eitt skref í átt að stærri draumum. Grétar Rafn átti alltaf draum um að spila í ensku úrvalsdeildinni og hann rættist nú í þessum mánuði þegar hann gekk til liðs við enska úrvalsdeildarliðið Bolton. Hann er þó sjálfur Leedsari en ekki kom til greina að fara þangað, þar sem Leeds er í C-deild. Grétar Rafn veit hvað hann vill en hefur jafnframt skynsemina til þess að gera sér grein fyrir því hvernig hann kemst þangað. Það var draumur hans að komast til Englands en þeir sem þekkja til stráksins eru sannfærðir um að hann eigi eftir að láta fleiri drauma sína rætast og ná enn lengra.

Karakter Grétars Rafns inni á velli fer ekki á milli mála og hann er mikill leiðtogi á velli. Grétar Rafn þótti alltaf góður í fótbolta en það var fullt af strákum sem voru svipaðir að getu. Hann hafði hins vegar ódrepandi vilja og metnað til þess að fara í gegnum ótrúlega erfiðar og miklar æfingar til þess að komast í eina eftirsóttustu knattspyrnudeild í heimi. Fyrst og fremst er það gríðarlegur sjálfsagi og dugnaður sem hefur komið honum svona langt.

Einbeitingin og dugnaðurinn hafa gert Grétar að fagnmanni fram í fingurgóma. Það er þetta einstaka hugarfar sem hefur komið honum svona langt og það þóttust menn sjá frá fyrstu tíð að þessi strákur yrði einhvern tímann góður. Grétar Rafn er fyrirmynd ungra knattspyrnumanna sem dreymir um að ná langt í boltanum en verða jafnframt að átta sig á því að það krefst mikillar vinnu og getu að halda sínu striki þótt ýmislegt bjáti á.

## GRÉTAR RAFN STEINSSON




## ÆVIÁGRIP

Grétar Rafn Steinsson er fæddur 9. janúar 1982 á Siglufirði þar sem hann ólst upp og átti heima þar til hann fluttist til Akraness og gekk í raðir Skagamanna í júlí 1998, þá rúmlega sextán ára gamall. Foreldrar hans eru Steinn Elmar Árnason smiður og Guðlaug I. Guðmundsdóttir sem vinnur í banka. Grétar Rafn er millibarn því hann á bæði eldri systur, Fanneyju, sem er þremur árum eldri og svo yngri systur, Sigurbjörgu Hildi, sem er sex árum yngri. Grétar gekk í Grunnskólann á Siglufirði og síðan í Fjölbrautaskóla Vesturlands þaðan sem hann útskrifaðist sem stúdent. Grétar Rafn giftist á síðasta ári Manúelu Ósk Harðardóttur sem er einu ári yngri en hann og hann á einn fósturson, Jóhann Grétar Árnason.

Grétar Rafn hóf knattspyrnuiðkun sína með KS á Siglufirði þar sem að hann hóf að leika með meistaraflokki í 3. deildinni 1997 og var þá C-deildarmeistari með liðinu. Grétar Rafn fór til ÍA sumarið eftir og lék sinn fyrsta meistaraflokksleik með Skagamönnum vorið 2000. Sumarið eftir spilaði Grétar lykilhlutverk þegar Skagamenn urðu óvænt Íslandsmeistarar. Grétar Rafn skoraði sex mörk í 18 leikjum en það mikilvægasta var örugglega sigurmarkið sem hann skoraði á á lokamínútu leiks liðsins við Fram í 15. umferð. Grétar Rafn lék alls 76 leiki með Skagamönnum í efstu deild.

Grétar Rafn fór út í atvinnumennsku í ársbyrjun 2005 og samdi við svissneska liðið Young Boys. Grétar Rafn vann sér fljótt sæti í byrjunarliðinu og áður en árið var liðið hafði hann verið seldur til AZ Alkmaar. Grétar Rafn var lykilmaður í liði AZ þau rúmlega tvö tímabil sem hann lék með liðinu en enska úrvalsdeildarliðið Bolton keypti hann síðan frá AZ fyrr í þessum mánuði.

Grétar Rafn hefur ekki unnið stóran titil síðan hann yfirgaf Skagann en var ótrúlega nálægt því á síðasta tímabili með AZ, þegar liðið missti klaufalega af hollenska meistaratitlinum á lokasprettinum og tapaði síðan í vítaspyrnukeppni í bikarúrslitaleiknum.

Grétar Rafn hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu síðustu ár, hann lék sinn fyrsta landsleik vorið 2002 og hefur alls leikið 24 A-landsleiki og skorað í þeim 3 mörk.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Grétar Rafn Steinsson skoraði í sínum fyrsta landsleik aðeins 17 mínútum eftir að hann hafði komið inn á sem varamaður. En það var ekki gegn hverjum sem var heldur skoraði Grétar Rafn markið gegn Brasilíumönnum í Brasilíu eftir að hafa sýnt sannkallaða sambatakta þegar hann einlék í gegnum brasilísku vörnina. Þetta er eina markið sem Ísland hefur skorað gegn fimmföldum heimsmeisturum Brasilíumanna. Brasilía vann leikinn 6-1 og meðal markaskorara þeirra voru Kaká, Gilberto Silva og Edilson.

# Ímyndaðu þér stað !

Þar sem erfiði dagsins er létt af þér



## Stað sem þú gætir farið til í kvöld – og hvert einasta kvöld !




### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði |
|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Rauðhetta og Vilhjálmur

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um dýrlingabein, hálfskrifaða bók, heimskreppuna, gegnumlýsingu og vopnaleit. Einnig er minnst á snúningshurð á skrifstofu borgarstjóra og ævintýrið sígilda um Rauðhettu og Vilhjálm í skóginum.



## KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar



### Trúarbrögð nútímans

**FÖSTUDAGUR, 18. JANÚAR.**

Andri bauð bekkjarsystkinum sínum úr Landakotsskóla heim til síðdegisdrykkju ef nota má það orð um sprellfjörugt tíu ára afmæli þar sem veitingar eru bornar fram síðdegis.

Því miður varð ég að yfirgefa samkvæmið þegar hæst stóð í stönginni til að flytja fyrirlestur hjá fyrirtækjagreiningardeild Kaupþings.

Það var tilboð sem ég gat ekki hafnað þegar bankafólk á starfsnámskeiði bað mig að koma og spjalla um sjálfvalið efni.

Að sjálfsögðu valdi ég að tala um efni sem mikill hluti ævi minnar hefur farið í að hugsa um – peninga.

Sumir segja að peningar og markaðir séu trúarbrögð nútímans. Ef að er gáð eiga þessi trúarbrögð jafnlanga og jafnæsispennandi sögu og önnur trúarbrögð mannkynsins. Bankamenn og bankastjórar eru innvígðir hofgoðar og æðstuprestar nútímans sem standa – að eigin sögn – í nánu persónulegu sambandi við yfirskilvitleg dulmögn sem ráða árferði og afkomu þjóða og stjórna stríði og friði í veröldinni.

Í sjálfu sér er enginn munur á því að trúa á dýrlingakjúkur og almáttka guði eða stafræna peninga og kenjar markaðarins – nema tímamunur.

### Einvera í margmenni

**LAUGARDAGUR, 19. JANÚAR.**

Á morgun legg ég af stað til Prag til fundar við hálfskrifaða bók.

Hún heitir í augnablikinu „Ýmiss konar ég“.

Ég bæði hlakka til og kvíði fyrir þessari fimm vikna dvöl í einveru og margmenni. Einvera er góð fyrir einbeitinguna og hvergi er auðveldara að vera einn en í margmenni.

### Heimskreppa?

**SUNNUDAGUR, 20. JANÚAR.**

Ferðalagið til Prag var eins þægilegt og nokkurt ferðalag getur verið sem byrjar á því að maður er vakinn klukkan fjögur um nótt til að mæta í gegnumlýsingu og vopnaleit.

Í Prag var tíu stiga hiti. Mér var tekið með kostum og kynjum af vinum mínum sem af greiðasemi leigja mér litla íbúð í miðborginni.

Það eru þrjú ár síðan ég var hérna síðast.

Prag er einhver fallegasta borg í heimi vegna þess að þar hefur engum dottið í hug að til þess að byggja ný hús þurfi endilega að rífa þau gömlu.

Mér fannst samt eitthvað hafa breyst og það tók dálitla stund að átta sig á því í hverju breytingin felst. Hér eru eiginlega engir túristar á sveimi. Venjulega rennur þykkur og seigfljótandi ferðamannastraumur gegnum borgina frá Vatnsláks-torgi, yfir Moldá um Karlsbrúna, og upp í Hradcany eða Borgarvirki.

Núna er ferðamannaelfan uppþornuð að mestu eða orðin að lækjarsprænu.

Trúlega hefur heimsbyggðin frétt af gangtruflunum í íslenska efnahagsundrinu og nú óttast menn að heimskreppan sé á næsta leiti. Þá er skynsamlegra að halda sig heima við og geyma spariféð undir koddanum en að svífa áhyggjulaus um veröldina á kreditkortinu.

Vonandi gerir heimskreppan stuttan stans hérna í Prag svo að Tékkar neyðist ekki til að ákalla Impregilo að virkja Moldá og breyta Borgarkastalanum í álver.

### Snúningshurð handa borgarstjórum

**MÁNUDAGUR, 21. JANÚAR.**

Eyddi mestöllum deginum á netinu að fylgjast með fréttum að heiman.

Það eru dapurleg tíðindi hvað starfsöryggi borgarstjóra Reykjavíkur virðist vera lítið. Sundabrautin er greinilega ekki forgangsverkefni miðað við það þjóðþrifamál að setja upp snúningshurð til að auðvelda nýjum og nýjum borgarstjórum aðgang að kontórnum sínum.

Gegnum slitrótt netsamband komst ég að því að það er kominn nýr borgarstjórnarmeirihluti í Reykjavík. Og nýr borgarstjóri að sjálfsögðu.

Á myndum er ekki annað að sjá en Ólafur læknir sé kátur og glaður eins og Rauðhetta litla var þegar hún valhoppaði áhyggjulaus gegnum skóginn til fundar við ömmu sína.

Á bak við tré stendur gamli góði Villi sem stígur allt í einu fram og kynnir sig með nafni: Góðan dag, stúlka litla. Ég heiti Vilhjálmur sigurvegari.

Fyrir litlar pólitískar Rauðhettur er ekki hættulaust að vera á ferli um borgarskóginn í skammdeginu. Það er Deginum ljósara.

### Pólitísk andlátsfregn!

**MIÐVIKUDAGUR, 23. JANÚAR.**

Björn Ingi hættir í pólitík!

Nú dámar mér ekki. Maður má ekki bregða sér af bæ þá verður allt vitlaust heima fyrir.

Sem betur fer eru pólitískar andlátsfregnir ekki jafn sorglegar og raunverulegar dánartilkynningar.

Ástæðan fyrir því að flestir stjórnmálamenn eru eins og útfararstjórar á svipinn og gretta sig þegar venjulegt fólk brosir eða hlær er sú að starf stjórnmálamannsins er bæði hættulegt og óþrifalegt þótt það sé þokkalega borgað og eftirlaunakjörin viðunandi.

Þrátt fyrir að nokkrar framfarir hafi orðið í stjórnmálum síðan í fornöld eins og á flestum öðrum sviðum er munurinn á siðmenntuðum stjórnmálamönnum og frumstæðum helst sá að frumstæðir stjórnmálamenn reyna að drepa andstæðinga sína en siðmenntaðir stjórnmálamenn vilja helst ganga milli bols og höfuðs á samherjum sínum.

Það sér hver heilvita maður að andstæðingar manns eru aðeins manneskjur sem eru manni ósammála um einhverja hluti – og ekkert getur verið eðlilegra.

Samherjar eru hins vegar lífshættulegir og nauðsynlegt að ryðja þeim úr vegi með öllum tiltækum ráðum svo að þeir skáki manni ekki út úr pólitíkinni.

Þessa uppgötvun virðast íslenskir stjórnmálamenn vera að gera um þessar mundir. Nokkuð seint mundu sumir segja.

Næsti kafli í lýðræðiskennslubókinni fjallar svo um að nútíma stjórnmálamenn megi ekki einu sinni ganga milli bols og höfuðs á samflokksmönnum sínum – af siðferðilegum ástæðum. Sá kafli fjallar reyndar um siðferði í pólitík og er oft sleppt til prófs.

Persónulega finnst mér að stjórnmálin setji ofan þegar öflugir og ástríðufullir stjórnmálamenn eins og Björn Ingi taka pokann sinn og róa á önnur mið. Ég skil hann vel að nenna ekki að sitja undir spillingartalinu lengur. Enda kemur það fljótlega í ljós hvort hann er spilltur eða ekki. Ef hann er spilltur verður hann orðinn að seðlabankastjóra eftir nokkra daga eða sendiherra – eða að minnsta kosti að héraðsdómara einhvers staðar úti á landi.

Það er þó huggun harmi gegn fyrir Framsóknarflokkinn að Guðjón Ólafur skuli enn hafa áhuga á að láta gott af sér leiða í pólitík.

Blíðviðrið hérna í Prag heldur áfram. Og ég veit ekki einu sinni hvað borgarstjórinn hérna heitir.

### Fréttir af Marsbúum

**FIMMTUDAGUR, 24. JANÚAR.**

Fjör er hlaupið í umræðuna um hvort líf sé á Mars eða ekki. Myndir sem geimfar bandarísku geimvísindastofnunarinnar sendi frá sér í gær sýna að því er virðist styttu af manneskju í miðri sandauðninni á Mars.

Það sem vekur athygli er að styttan á Mars er sláandi lík styttunni af Litlu hafmeyjunni í Kaupmannahöfn sem er Íslendingum vel kunn.

Þessi mynd kemur mér ekki á óvart því að ég hef lengi gert ráð fyrir því að Marsbúar séu jafnmargir og Íslendingar – ef ekki fleiri.

Ég hef það fyrir satt að miklar huldufólksbyggðir séu á Mars og gífurlegur efnahagslegur uppgangur þótt gengi hlutabréfa sé ótryggt í augnablikinu.

Á Mars eins og víða annars staðar sjá tröllin um viðskiptalífið, dvergar um iðnaðarframleiðslu og handverk, ljósálfar vinna hvers konar launavinnu og svartálfarnir reka banka og fjármálaþjónustu en jólasveinar stjórna landinu.


Kjarafundir
með hjúkrunarfræðingum
í janúar og febrúar 2008

| Dagsetning | | Tími | Staður | Fundarstaður |
|---|---|---|---|---|
| Þriðjud. | 29. jan. | Kl. 15:00-17:00 | Akureyri | Hótel KEA |
| Fimmtud. | 31. jan. | Kl. 15:00-17:00 | Akranes | Safnaskálinn |
| Mánud. | 4. feb. | Kl. 15.00-17:00 | Reykjavík | Grand Hótel |
| Þriðjud. | 5. feb. | Kl. 15:15-16:45 | Egilsstaðir | Hótel Hérað |
| Miðvikud. | 6. feb. | Kl. 15:00-17:00 | Reykjanesbær | Ráin |
| Föstud. | 8. feb. | Kl. 14:30-16:00 | Ísafjörður | Hótel Ísafjörður |
| Þriðjud. | 12. feb. | Kl. 15:00-17:00 | Selfoss | Hótel Selfoss |
| Miðvikud. | 13. feb. | Kl. 15:00-17:00 | Reykjavík LSH-Hr | Hringsalur |
| Föstud. | 15. feb. | Kl. 15:00-17:00 | Vestmannaeyjar | Kaffi Kró |

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Þegar mest á reynir

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




# Reynsluaktu Mazda2 í dag
# Finndu anda og kraft Mazda2

Vertu sportlegri. Neitaðu að gleyma leikgleðinni.
Vertu á hreyfingu, ferð og flugi. Segðu zoom zoom.
Vertu Mazda í dag. Komdu í Brimborg í dag.

## Nýr og endurhannaður Mazda2

Gott verð á
Mazda2 Advance:
1,3i 86 hö 5 dyra beinskiptur
kr. 1.690.000*

- Betri aksturseiginleikar
- 100 kg léttari
- Miklu minni eyðsla
- Miklu minni mengun
- Meiri öryggisbúnaður
- Meiri rekstrarhagkvæmni

FOR SAFER CARS EURO NCAP
www.euroncap.com
Mazda2 hefur 5 stjörnur
úr öryggisprófun Euro NCAP

visthæf skref
með Brimborg
Léttur og lipur Mazda2
eyðir aðeins 5,4 l/100 km og
losar aðeins 129 g/km af $CO_2$

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAUGARDAGU




Ali ferskur svínabógur 499 kr/kg.




Óðals ferskt nautahakk 40% afsláttur
839 kr/kg. *Merkt verð 1398 kr.*




Kjarnafæði: Hrossabjúgu 299 kr/kg.




Kryddaðir kjúklingabitar 30% afsláttur
349 kr/kg. *Merkt verð 499 kr/kg.*




Holta fersk kjúklingalæri 40% afsláttur
395 kr/kg. *Merkt verð 659 kr/kg.*




Holta ferskir kjúklingaleggir 40% afsláttur
395 kr/kg. *Merkt verð 659 kr/kg.*




Holta kjúklinga-hversdagssteik
455 kr/kg. *Merkt verð 759 kr/kg.*




Ósvikið grísasnitsel 1019 kr/kg.
*Merkt verð 1698 kr/kg.*




Grísakótilettur í raspi 40% afsláttur
1019 kr/kg. *Merkt verð 1698 kr/kg.*




Frosin lambalæri 20% afsláttur 879 kr/kg. *Merkt verð 1098 kr/kg.*




Frosið lambafillet m/fituröng 20% afsláttur
2398 kr/kg. *Merkt verð 2998 kr/kg.*

BÓNUS

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI laugardaga: 10.00 TIL 18.30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
R: OPNUM KL. 10
25% AFSLÁTTUR
1409
SS súrmatur í fötu 1350g 1409 kr.
Merkt verð 1878 kr.
899
Gullfiskur bitafiskur 200g 899 kr.
Próteinbomba, rúmlega 81% próteininnihald.
295
NF hákarl 100g 295 kr.krukkan
40% AFSLÁTTUR
239
Holta ferskir kjúklingavængir 40% afsláttur
239 kr/kg. Merkt verð 399 kr/kg.
299
Frosin lambasvið 25% afsláttur 299 kr/kg.
Merkt verð 399 kr/kg.
49
Egils pilsner 49 kr.
Vanillu Ís 2 BÓNUS
198
Bónus ís 2 ltr. 198 kr boxið.
98
Coke Light 2 ltr. 98 kr.
98
Toppur 2 ltr. 98 kr.
20% AFSLÁTTUR
559
Frosinn lambabógur 20% afsláttur 559 kr/kg. Merkt verð 699 kr/kg.
DURACELL PLUS
398
Duracel rafhlöður AA og AAA
8 stk pakkning 398 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI laugardaga: 10.00 TIL 18.30.

**PAUL NEWMAN LEIKARI ER 83 ÁRA Í DAG.**

*„Ég get ekki lengur unnið sem leikari á þeim styrkleika sem ég gæti unað við. Ég er farinn að tapa minni, missa sjálfstraust og allan frumleika. Því tel ég kvikmyndaleik búið gaman fyrir mig.“*



***Bandaríski stórleikarinn Paul Newman er maðurinn á bak við Paul Newman-poppkornsveldið. Hann fékk Óskarsverðlaun fyrir The Color of Money árið 1987 og heiðursverðlaun Óskarsins 1986.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 26. JANÚAR 1955

## *45 sjómenn drukkna á Vestfjörðum*

Það var þennan dag fyrir 53 árum að togarinn Egill rauði strandaði við Grænuhlíð við Ísafjarðardjúp með 34 manna áhöfn. Togarinn hafði verið við veiðar á Halamiðum þegar fárviðri skall á að morgni og sigldi beint í var við Grænuhlíð þar sem fyrir var fjöldi togara. Yfirmenn voru allir íslenskir en nítján af áhöfninni Færeyingar.



**FRÁ ÍSAFIRÐI**

Síðdegis skipaði skipstjóri einum af færeysku hásetunum að stýra togaranum innst undir hlíðina þar sem lagst skyldi við akkeri. Skömmu síðar strandaði Egill rauði skammt frá landi og sat þar fastur. Mikið brim gekk yfir togarann og fór fremri hluti hans brátt á kaf. Áhöfn var öll kölluð á stjórnpall en á leiðinni þangað hrifu brimskaflar þrjá Íslendinga og einn Færeying fyrir borð. Í kjölfarið var sent út neyðarkall og hófu togarar í vari að leita á strandstað. Varðskipið Ægir kom einnig fljótlega á staðinn en enginn fékk neitt að gert vegna brims á staðnum. Þótti ljóst að eina vonin væri að bjarga mönnunum úr landi og þurftu björgunarmenn að ganga margra klukkustunda leið frá Hesteyri.

Eftir mikla erfiðleika tókst að bjarga öllum úr Agli rauða nema einum sem féll úr björgunarstól þegar verið var að ferja hann í land.

Sama dag fórust bresku togararnir Lorella og Rodrigo úti af Vestfjörðum með allri áhöfn, alls 40 manns. Lorella lagðist á hliðina og Rodrigo sigldi því til hjálpar, en hafið gleypti bæði skipin án þess að frekar spyrðist til þeirra.

### MERKISATBURÐIR

**1340** Eðvarð III Englandskonungur lýstur konungur Frakklands.
**1790** Mozart frumflytur óperuna Cosi Fan Tutte í Vín.
**1838** Tennessee-ríki bannar áfengi fyrst Bandaríkja.
**1866** Ísafjörður fær kaupstaðarréttindi.
**1894** Hið íslenska kvenfélag stofnað í Reykjavík.
**1906** Verkamannafélagið Dagsbrún stofnað.
**1940** Nasistar banna pólskum gyðingum að ferðast með lestum.
**1968** Breski togarinn Kingston Peridot ferst með 20 manns út af Öxarfirði.
**1998** Bill Clinton neitar opinberlega að hafa átt í kynferðislegu sambandi við Monicu Lewinsky.



**GÖNGUFERÐIR VINSÆLAR** Ferðafélag Íslands býður upp á fjölda ferða á nýbyrjuðu ári.

# Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands

Ferðaáætlun FÍ 2008 er komin út. Í ferðaáætluninni er að finna á annað hundrað gönguferðir um náttúru Íslands.

Ferðum í áætluninni er skipt í dagsferðir, helgarferðir, sumarleyfisferðir og svo er einnig að finna jeppaferðir og skíðaferðir.

Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri segir að í ferðaáætluninni sé mikið úrval af gönguferða, bæði léttum gönguferðum sem og krefjandi fjallgöngum á hæstu tinda landsins.

Páll segir jafnframt félagið vera að auka framboð af dagsferðum og um leið er meira framboð af krefjandi fjallgöngum.

Léttar gönguferðir eru einnig í boði þannig að allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu.

Í ferðum FÍ er að sögn Páls ávallt lögð áhersla á trausta og góða fararstjórn þar sem fararstjórar félagsins miðla af þekkingu sinni og reynslu, tildæmis um sögu, menningu og náttúru landsins. Hann segir að sem fyrr í ferðum FÍ sé sögu og menningu gerð góð skil þegar gengið um ákveðið svæði, auk þess sem þátttakendur séu fræddir um náttúruna.

Hefðbundin sumarleyfisferð FÍ er 4–8 daga gönguferð í náttúru landsins þar sem gist er í skálum eða tjöldum, farangur fluttur á milli staða og þátttakendur bera léttan dagpoka með nesti og hlífðarfatnaði.

Gönguferðir FÍ um íslenskar óbyggðir njóta vaxandi vinsælda og sífellt fleiri sem stunda fjallamennsku.

Allir eru velkomnir í ferðir með FÍ en félagsmenn njóta sérkjara. Ferðaáætlunni er dreift í 66.000 eintökum, meðal annars í pósti til allra félagsmanna.

Ferðaáætlunin er einnig á heimasíðu Ferðafélagsins www.fi.is

# Japanska á nokkrum vikum

Japanskt talmál verður kennt í fyrsta sinn hjá Málaskólanum Lingva á næstunni. Í málaskólanum er lögð sérstök áhersla á að þjálfa talmál en kennsla í skólanum er hugsuð fyrir algjöra byrjendur í tungumálanámi. Talmál er kennt á öllum stigum en ekki er þörf á að kunna neitt áður en menn byrja. Kennarar beita nýstárlegum aðferðum til að leyfa öllum að taka þátt í samræðum með lestri einfaldra texta og orðalista sem nemendur læra að nota strax frá fyrsta tíma. Um er að ræða kennslu fyrir alla þá sem hafa hvorki tíma né vilja til að þurfa að læra alla málfræði sem liggur að baki málinu.



**CHIHARU KAWAI** Kennir Íslendingum að tala japönsku á nokkrum vikum.

Í næstu viku hefst kennsla í japönsku sem miðar að því að læra að bjarga sér á japanskri grundu með einföldum setningum í daglegum samskiptum fólks. Kennsla er þegar hafin í spænsku, ítölsku, ensku og íslensku fyrir nýja Íslendinga, en bráðum hefst nám í þýsku, frönsku og einmitt japönsku undir leiðsögn Chiharu Kawai, sem er japönsk en hefur verið búsett hér á landi um nokkurra ára skeið.



**Í MYNDLISTARFÉLAGINU** Hlynur Hallsson myndlistarmaður er einn af stofnfélögum Myndlistarfélagsins en félagið verður stofnað með pompi og prakt í Deiglunni í dag. MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON

MYNDLISTARFÉLAGIÐ: STOFNAÐ Í DEIGLUNNI Á AKUREYRI Í DAG

# Selfyssingar velkomnir líka

Stofnfundur Myndlistarfélagsins verður haldinn í Deiglunni á Akureyri klukkan 17 í dag, en á undirbúningsfundi í nóvember mættu þrjátíu norðlenskir myndlistarmenn til skrafs og ráðagerða.

„Myndlistarfélagið hefur verið í undirbúningi lengi, en það voru praktísk mál sem ýttu á eftir okkur núna. Nokkrir myndlistarmenn voru í leit að húsnæði undir vinnustofur en þeir sem áttu húsnæði til þess arna vildu frekar leigja félagasamtökum en einstaklingum. Við ákváðum því að stofna félagið strax sem sækja mun að aðild að Sambandi íslenskra myndlistarmanna, en á stofnfundinum verða drög að lögum félagsins kynnt, kosin stjórn og rætt um hagsmunamál myndlistarfólks,“ segir Hlynur Hallsson myndlistarmaður sem er einn af þeim sem eru í forsvari fyrir undirbúningshópinn.

Þegar Hlynur er spurður út í hið gamaldags en traustvekjandi nafn Myndlistarfélagsins segir hann félaga þess ekki hafa viljað binda sig niður við ákveðinn landshluta.

„Við ræddum lengi um nöfnin Myndlistarfélagið á Akureyri eða Norðurlands, en á endanum fannst okkur skemmtilegast að hafa þetta opið með ákveðnum greini. Þannig útilokum við ekki norðlenska myndlistarmenn með búsetu utan Akureyrar, en við skilgreinum okkar svæði sem allt Norðurland, þótt við neitum auðvitað engum um inngöngu í félagið þótt þeir séu frá Selfossi,“ segir Hlynur sposkur og hamingjusamur sem myndlistarmaður í norðrinu.

„Það er að mörgu leyti afar gott að vera myndlistarmaður á Akureyri, en maður má ekki lokast inni í þessum heimi. Það er líka nauðsynlegt að komast út fyrir og þá ekki bara til höfuðstaðarins heldur einnig til útlanda. Við njótum þess líka að hér er gestavinnustofa þar sem erlendir listamenn koma til mánaðardvalar og hittum þá til að bera saman bækur, en dvölin endar með sýningu í einu af galleríum bæjarins,“ segir Hlynur sem viðurkennir að norðlensk náttúra og andrúmsloft sé ríkuleg andagift meðlimum Myndlistarfélagsins.

„Það er reyndar aðeins meiri reykmengun hér nyrðra en syðra, en allt í góðu samkomulagi og hæfilegri samkeppni; sem betur fer enginn hasar á milli okkar. Í félaginu verður vettvangur til samfunda því myndlistarmenn vinna oftast hver í sínu horni og bæði nauðsynlegt og gaman að koma saman því þá verða oft til skemmtilegar hugmyndir til að vinna úr,“ segir Hlynur kátur og bætir við að engin hætta verði á hugmyndastuldi manna í millum þar sem búið sé að gera allt í myndlist áður.

„Myndlistarfélagið verður lifandi þrýstihópur en einnig með fyrirlestra, sýningar og kynningu á myndlist. Listalíf á Akureyri verður sífellt blómlegra en okkur finnst að bærinn ætti að nýta sér það meira. Hér er mikill áhugi á myndlist og alls opnuðu átta sýningar hér um síðustu helgi, en þá var Gilið troðfullt af fólki,“ segir Hlynur og hlær að þeirri klisju að listamenn hangi bara á kaffihúsum.

„Við erum alla vega ekki búin að skipuleggja þaulsetu á kaffihúsum og bara lítið brot listamanna sem gerir það að vana sínum. Vonandi getum við þó sett svip okkar á bæinn og sýnt öðrum að það er ekki bara í höfuðborginni sem allt gerist.“ **thordis@frettabladid.is**



**GÓÐGERÐARTÓNLEIKAR** Ágóðinn af aðventutónleikum Caritas á Íslandi var um 850 þúsund krónur og naut Umsjónarfélag einhverfra þess í þetta sinn.

# Góðu málefni lagt lið

Caritas á Íslandi, góðgerðarsamtök kaþólsku kirkjunnar, afhenti nýlega Umsjónarfélagi einhverfra 850 þúsund krónur. Er þetta ákóði af aðventutónleikum sem haldnir voru í Kristskirkju við Landakot.

Sigríður Ingvarsdóttir formaður Caritas á Íslandi segir það mikið gleðiefni hversu vel tókst til enda hefði verið metaðsókn í kirkjuna sem tekur rúmlega 250 manns í sæti.

Caritas hélt fyrstu styrktartónleikana árið 1994 og er það orðinn árviss viðburður. Á þessum tíma hafa safnast um 9 milljónir króna. Þess má geta að margir af landsins bestu listamenn hafa gefið vinnu sína og lagt góðum málefnum lið.

Tónleikar Caritas marka upphaf aðventunnar í hugum margra og koma margir ár eftir ár, njóta fagurra lista og leggja góðu málefni lið í leiðinni.

Meginhlutverk Caritas á Íslandi er félagslegt réttlæti og hjálparstarf. Caritas hefur skipulagt fjölmörg átaksverefni hérlendis vegna þeirra sem minna mega sín eða verið settir hjá í tilverunni. Caritas á Íslandi strarfar innan rómversk kaþólsku kirkjunnar og er hluti af Alþjóðasambandi Caritas ( Caritas Internationalis).

## AFMÆLI



**FRIÐRIK ÓLAFSSON, STÓRMEISTARI Í SKÁK,** er 73 ára í dag.



**BJARNI BENEDIKTSSON ALÞINGISMAÐUR** er 38 ára í dag.



**SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR LEIKKONA** er 35 ára í dag.



**GÍSLI EINARSSON FRÉTTAMAÐUR** er 41 árs í dag.



## 60 ára afmæli

**Kristján Ásgeir Möller**

trésmiður

er sextugur í dag.
Hann tekur á móti gestum í dag milli kl. 15 og 17 á heimili sínu.

**NAFNIÐ MITT:** ÞRÚÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR

# *Kölluð Þuríður í bankanum*

„Ég er skírð í höfuðið á langömmu minni en hún hét Jarþrúður," segir Þrúður Vilhjálmsdóttir leikkona aðspurð hvaðan nafnið hennar sé komið. „Sjálf þekkti ég hana ekki en mér skilst að hún hafi verið algjör kjarnakona. Hún var amma mömmu minnar og henni þótti svo vænt um hana. Mamma vildi skíra systur mína Þrúði sem er einu og hálfu ári eldri en ég en pabbi vildi það ekki því honum fannst það svo ljótt. En svo þegar ég fæddist var ákveðið að skíra stelpuna bara Þrúði," segir hún og er ánægð með nafnið sitt.

„Já, mér líkar vel við það en ég var ekkert rosalega hrifin af því þegar ég var unglingur, mér fannst erfitt hvað það er óvenjulegt en ég slapp samt alveg við stríðni," rifjar hún upp.

Þrúður segist helst lenda í vandræðum í útlöndum þegar útlendingar reyna að segja nafnið hennar og þurfi oft margar tilraunir. „Það getur enginn sagt nafnið mitt og það koma alls konar útgáfur af því hvað ég er kölluð, yfirleitt eitthvað mjög skringilegt. Svo er ég mjög oft kölluð Þuríður í bankanum og svoleiðis stöðum. Ég er bara vön því og ég veit að það er verið að tala við mig og segi bara já." - rt



**ÁNÆGÐ MEÐ NAFNIÐ** Þrúður lendir iðulega í vandræðum með nafnið sitt í útlöndum.



*Móðursystir mín,*

**Margrét Hjartardóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðinesi mánudaginn 21. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 29. janúar kl. 13.00.

**Fyrir hönd vandamanna**
**Ingibjörg Perla Pálmadóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Gissurarson**

prentari, Hlíðarhúsum 3,

sem andaðist aðfaranótt föstudagsins 18. janúar sl., verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 28. janúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Félag einstakra barna, sími 568 2661.

**Guðný Helgadóttir**
**Rannveig Gunnarsdóttir** **Björn H. Jóhannesson**
**Ásta Gunnarsdóttir** **Guðmundur R. Bragason**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Haraldur Þ. Gunnarsson**
**barnabörn og langafabarn.**



*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Guðlaugar Jóhönnu Sigurjónsdóttur**

Ránargötu 2, Akureyri

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri, föstudaginn 11. janúar síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsstúlkna í Hlíð og heimaþjónustu Akureyrarbæjar fyrir alla umönnun og aðhlynningu.

**Jónas R. Franzson** **Guðrún K. Guðmundsdóttir**
**Ívar Baldursson** **Sigríður Gunnarsdóttir**
**Sigrún Á. Franzdóttir** **Guðmundur Skúlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Else A. V. Andreasen Proppé**

er lést á hjúkrunarheimilinu Eir 14. janúar sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 29. janúar nk. kl. 13.00.

**Björn Halldórsson** **Brynja Axelsdóttir**
**Anna Dagný Halldórsdóttir**
**Eva Þórunn Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Drafnarstíg 2,

lést mánudaginn 21. janúar. Útför fer fram frá Fossvogskirkju, mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Magnús Ingi Ingvarsson** **Aðalheiður Alexandersdóttir**
**Guðjón Magnússon** **Anna Björk Eðvarðsdóttir**
**Ingvar Magnússon** **Bryndís Björk Karlsdóttir**
**Rut Magnúsdóttir** **Ingólfur Garðarsson**
**Anna Ingvarsdóttir**
**Sigríður María Torfadóttir** **Arinbjörn V. Clausen**
**Tómas Torfason** **Karen Bjarnhéðinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og vinur,*

**Sigríður Björnsdóttir**

Vesturgötu 14, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 21. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Unnur Birna Þórhallsdóttir** **Eðvarð Felix Vilhjálmsson**
**Jón Þór Harðarson**
**Ólafur Jóhann Harðarson** **Anna Marie Kjærnested**
**Þorleifur K. Sigurþórsson** **Anna Kristín Friðriksdóttir**
**Björn K. Sigurþórsson** **Ásdís Björk Þorvaldsdóttir**
**Ingimundur Óskarsson**
**Sigurður Björnsson**
**Helgi Ólafsson**
**Árni Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð, hlýju og stuðning við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,*

**Guðgeirs Ásgeirssonar**

Álfhólsvegi 139, Kópavogi

sem lést að heimili sínu 30. desember 2007. Útför hans fór fram í kyrrþey fimmtudaginn 10.janúar síðastliðinn.

**Ingeborg J. Kanneworff**
**Valgerður G. Guðgeirsdóttir** **Steindór J. Elíson**
**Guðgeir Ingi Steindórsson**
**Hinrik Steindórsson**
**Kristinn Steindórsson**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnþór Guðmundsson**

rithöfundur og fyrrverandi bóndi frá Dæli,

verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Hvammstanga.

**Helga Gunnþórsdóttir** **Guðmundur Leifsson**
**Sæmundur Gunnþórsson** **Nanna Ólafsdóttir**
**Róberta Gunnþórsdóttir** **Garðar Guðmundsson**
**Víglundur Gunnþórsson** **Sigrún Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar,*

**Kristín Þór**

Ljósheimum 4, Reykjavík, áður Blómvangi, Mosfellssveit,

er látin.

**Guðrún, Jónas og Ólöf Helga Þór.**

# Vill vera dæmdur af verkum sínum en ekki veikindum

Mikill styr hefur staðið um **Ólaf F. Magnússon** borgarstjóra sem áður fann sig knúinn til að fanga athygli fjölmiðlanna en hefur nú verið baðaður í sviðsljósinu. *Jón Sigurður Eyjólfsson* blaðamaður spjallaði við gömlu kempuna úr Val um atburði síðustu daga, veikindin og þá glampa kastljóssins sem svíður undan. Honum þykja kveðjurnar kaldar frá fyrrum samherja til margra ára.

Úr glugga borgarstjórans blasir frosin Tjörnin við en inni í Ráðhúsinu sjálfu hefur verið heldur heitt í kolunum að undanförnu. Enginn verður óbarinn borgarstjóri og að undanförnu hafa höggin dunið á þeim nýjasta.

Á fundi borgarstjórnarinnar þegar Ólafur F. Magnússon var settur í embættið fór fundarhald úr böndunum. Gert var hlé á því meðan áhorfendapallar voru rýmdir en þaðan komu hávær óp frá borgarbúum sem hugnaðist illa hvernig staðið var að myndun nýrrar borgarstjórnar.

Ólafur F. virðist kunna vel við sig á skrifstofunni þótt leiðin þangað hafi verið þungfarinn. Hann tekur þéttingsfast í hönd blaðamanns en lítur svo um á skrifstofunni. „Þessi mynd hefur verið máluð eftir 1930 því þarna er Landspítalinn kominn til sögunnar,“ segir hann meðan hann bendir á málverk af Reykjavík á veggnum gegnt skrifborðinu. Það er ekki að furða að hann sem vill varðveita 19. aldar götumynd Reykjavíkur sé hrifinn af þessari gömlu, rómantísku mynd.

„Við stöndum ekki við orðin tóm. Nýi meirihlutinn hefur nú þegar hafist handa og búið þannig um hnútana að húsin við Laugaveg 4 og 6 fari hvergi.“ Borgin keypti húsin sem Ólafur F. segir að hefði verið mun happasælla en að friða húsin og fara svo í gegnum skaðabótamál. Hann gefur hins vegar ekkert upp um verðið að svo stöddu.

Hans mesta stolt er þó ekki að finna í Ráðhúsinu en Ólafur F. er fjögurra barna faðir og daginn sem tilkynnt var um nýjan meirihluta eignaðist hann sitt annað barnabarn.



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Þótt Tjörnin sé frosin þessa dagana er hitinn mikill inni í Ráðhúsi Reykjavíkur. Það gengur mikið á hjá nýjum borgarstjóra, en daginn sem tilkynnt var um nýjan meirihluta eignaðist hann sitt annað barnabarn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Markheppinn miðherji

En hver er þessi maður sem kominn er í æðstu stöðu borgarinnar? „Ég er fæddur á Akureyri í húsi afa og ömmu á Oddeyrargötu 24 en faðir minn var þá langt kominn í læknanámi þannig að fjölskyldan flutti næst til Reykjavíkur en síðan til Wasington D.C., höfuðborgar Bandaríkjanna, þar sem faðir minn stundaði framhaldsnám í lyflækningum. Ég kom svo aftur til Reykjavíkur 6 ára gamall en þá fluttumst við í Hlíðarnar.“

Borgarstjórinn tekst á loft þegar blaðamaður skýtur því inn að þetta hljóti að þýða það að hann sé Valsari. „Já, ég er það fram í fingurgóma enda spilaði ég fótbolta með félaginu sem strákur og var reyndar markheppinn miðherji. Mér er minnisstæður minn fyrsti leikur en þá lékum við gegn Víkingi þegar ég var 10 ára gamall.

Ég hafði reyndar sagt eitthvað við þjálfarann sem fór illa í hann svo ég var tekinn út af sakramentinu. Ég mætti því án þess að hafa með mér takkaskóna en svo vildi það til að það vantaði í liðið svo ég fékk lánaða skó hjá félaga mínum sem reyndar voru of stórir. Þeir dugðu þó það vel að ég skoraði þrennu í þeim leik sem við og unnum með fimm mörkum gegn engu. En svo verð ég líka að segja frá því að ég lét mikið til mín taka í næsta leik sem var á móti Fram á gamla Háskólavellinum en hann endaði 2-2 og gerði ég öll mörkin nema eitt en ekki orð um það meir.“

### Tækifæri til að efna kosningaloforð

Nú er gamla kempan úr Val búinn að finna skóna sína og orðinn fyrirliðinn í Ráðhúsinu. Margir hafa þó látið í ljós þá skoðun að hann hafi skorað sjálfsmark þegar hann sleit samstarfinu með fyrrum meirihluta og hóf samstarf með Sjálfstæðisflokki. „Nei, ég hef ekki skorað sjálfsmark. Ég er reyndar búinn að skora tvö mörk frá því ég tók við,“ segir hann og á þá við framgang sinn í málefnum húsanna tveggja á Laugavegi og lækkun fasteignaskatts sem þegar hafa verið ákveðnar.

„En varðandi stjórnarmyndunina þá mat ég það þannig að með því að hefja þetta samstarf næði ég fram meira af mínum málefnum en ég hefði látið mig dreyma um. Þannig gafst mér tækifæri á að efna það sem við hétum kjósendum okkar.“

Enginn efast um að málefnasamningurinn sé nýja borgarstjóranum sérlega hagstæður en Margrét Sverrisdóttir er þó ekki ein af þeim sem fylkja sér um hann. En hafði Ólafur samband við Margréti þegar hann sá að alvara var komin í samræður hans við sjálfstæðismenn? „Ég gerði það, það var reyndar mjög erfitt að ná til hennar en ég talaði við hana áður en þetta var um garð gengið. Það kom í ljós að hún var neikvæð gagnvart þessum hugmyndum og sagðist hún þá einnig tala fyrir munn Guðrúnar Ásmundsdóttur en það hefði hún varla getað gert nema ef hún hefði vitað að einhverjar þreifingar væru í gangi.

En ég trúði aldrei öðru en að Margrét myndi fylkja sér á bak við þá stefnuskrá sem var í meginatriðum eins og sú sem við vorum kosin fyrir að fylgja. Enda hefur það komið í ljós að allir aðrir sem voru starfandi fyrir F-listann í fráfarandi meirihluta studdu þessa ákvörðun. “

### Að jafna sig eftir veikindin tók meiri tíma en vonir stóðu til

Sú var tíðin að Ólafur F. þurfti að lesa fjölmiðlafólki pistilinn fyrir að veita F-listanum ekki næga athygli. Nú er öldin önnur og kastljósið hefur étið upp skuggann og jafnvel skinið svo skært að stundum hefur Ólafi F. sviðið undan. „Mér hefur þótt afar leitt að lesa ummæli Margrétar, og einnig skrif föður hennar sem jafnframt er hennar helsti ráðgjafi. Þetta eru þykja mér heldur kaldar kveðjur eftir langt samstarf.“

Einnig þykir honum að sér vegið þegar veikindi hans ber á góma. „Sú spurning hvort ég sé tilbúinn til starfans vegna veikinda minna er borinn upp í öllum viðtölum en þá er jafnvel ekkert rætt um það hver ég er, fyrir hvað ég stend og hvað kjósendur mínir vildu ná fram með því að kjósa mig. Og það var áberandi hversu mikið menn reyndu að gera mig tortryggilegan eftir að ég kom úr mínu veikindaleyfi.

> Ég vona aðeins að þeir sem hvað óvægilegast hafa reynt að vega að mér geri sér grein fyrir því að þessar ósæmilegu persónulegu árásir særa alla fjölskyldu mína.

Veikindi eins og mín hafa hrjáð marga stjórnmálamenn án þess að þeir yrðu lagðir í einelti sem er nánast það sem ég hef orðið fyrir þar sem illgirni og ósannindi ráða ríkjum.

En það er einfaldlega þannig að við erfiðar aðstæður getur það hent fólk að það verði fyrir andlegu álagi og jafnvel orðið niðurdregið um skeið en það á ekki að koma í veg fyrir að menn séu fullgildir þegnar í sínu samfélagi eins og aðrir sem hafa lent í veikindum og orðið óvinnufærir um tíma. Ég hef öðlast vinnufærni á ný og mun vafalaust sanna það með mínum verkum.

Þetta tók meiri tíma hjá mér en vonir stóðu til en það var vegna mikils mótlætis sem ég varð fyrir en þau voru slík að enginn gæti siglt í gegnum þau án þess að bogna tímabundið. En ég legg áherslu á það að ég hef alla tíð verið heiðarlegur stjórnmálamaður, haldið sannfæringu minni og aldrei fengið á mig spillingarstimpil þau 18 ár sem ég hef staðið í stjórnmálum. Það væri eflaust réttara að dæma mig frekar af því. En ég get líka verið mannlegur og ég held að einmitt þess vegna hef ég verið farsæll í mínum læknisstörfum og unnið langvarandi traust skjólstæðinga minna.“

### Vilja ekki missa heimilislækninn

Þegar hér er komið sögu hringir síminn og þótt blaðamaður leggi það ekki í vana sinn að hlýða á símtöl annarra kemst hann ekki hjá því að heyra að viðmælandinn tengist umræðuefninu sem hann átti við heimilislækninn sem sestur er í stól borgarstjóra. Að samtali loknu sest Ólafur F. niður gegnt blaðamanni og segir eins og til að útskýra þessa stuttu fjarveru sína: „Þetta var sjúklingur hjá mér sem var að lýsa óánægju sinni með það að ég skyldi þurfa að hverfa frá heimilislækningunum,“ segir hann. „Ég hef fengið mörg símtöl frá skjólstæðingum mínum sem hafa áhyggjur af því að ég láti af störfum sem heimilislæknir. Ég verð vitanlega í leyfi meðan ég gegni starfi borgarstjóra. Mér finnst þó satt að segja alltaf að ég sé læknir þótt ég gegni nú starfi borgarstjóra enda er læknisstarfið samofið sjálfsímynd minni. Ég tel nokkuð víst að ég muni snúa mér aftur að lækningum þegar ég lýk stjórnmálastarfinu.“

Því næst berst talið aftur að veikindum hans og umtalinu sem þeim fylgdu. „Ég vona aðeins að þeir sem hvað óvægilegast hafa reynt að vega að mér geri sér grein fyrir því að þessar ósæmilegu persónulegu árásir særa alla fjölskyldu mína.

Það er öllu skemmtilegra að segja frá því að fólk sem hefur gengið í gegnum svipuð veikindi og ég hefur haft samband við mig og komið á framfæri þakklæti því ég er baráttumaður og ætla mér að sýna það að þótt sitthvað bjáti á um hríð getur maður komið til baka og jafnvel sigrað að lokum.“

### Miður að fá ekki að tala

En hvernig var Ólafi F. innanbrjósts þegar allt ætlaði um koll að keyra á borgarstjórnarfundinum síðastliðinn fimmtudag? „Það var aðallega tvennt sem mér þótti afar miður. Í fyrsta lagi að tveir fundarmenn voru settir á mælendaskrá áður en nýsettur borgarstjóri fékk að halda sína innsetningarræðu en það varð síðan til þess að ég fékk ekki að tala og það er afar óvenjulegt. Svo frétti ég það að kennarar hefðu gefið nemendum sínum frí til að fara að mótmæla á áheyrendapöllunum. Ég hefði sjálfur frekar farið í Ráðhúsið væri ég ungur piltur og mótmælt þar ef ég fengi frí út á það en þá er það spurning hversu mikið býr á bak við slík mótmæli.“

En nú getur forvitinn gestur ekki dvalið lengur við á kontórnum því gamli Valsarinn er farinn að bretta upp ermarnar og hnýta á sig skotskóna. Mörkin tvö verða ekki látin nægja því málefnasamningurinn kveður á um ein sautján áður en kjörtímabilinu lýkur.




**198** kr/kg. áður 449 kr/kg.
Goða saltkjöt - ódýrt




**2.170** kr/kg. áður 3.339 kr/kg.
KEA soðið hangilæri




**1.949** kr/kg. áður 2.998 kr/kg.
KEA soðin hangiframpartur




**1.369** kr/kg. áður 1.825 kr/kg.
Helgarlamb m/ sólþurrk. tómötum




**396** kr/kg. áður 629 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir




**79** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Pepsi Max - 2 ltr.




**699** kr/kg. áður 999 kr/kg.
Gæðafiskur bitafiskur 150 gr.




**299** kr/stk.
Hákarl 100 gr.




**999** kr/kg. áður 1.298 kr/kg.
Goða þorrabakki

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 24. janúar til 27. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Ofbeldismönnum er viðbjargandi

**Einar Gylfi Jónsson** og **Andrés Ragnarsson** sálfræðingar hafa með hléum veitt körlum sem beita heimilisofbeldi meðferð í tæpan áratug. Til þeirra leita menn úr öllum þrepum samfélagsins að eigin frumvæði eftir að hafa horfst í augu við vandamál sitt. Sumir hafa jafnvel gerst sekir um gróft líkamlegt ofbeldi. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* segja Einar Gylfi og Andrés það aldrei of seint fyrir ofbeldismenn að snúa við blaðinu, svo lengi sem þeir séu reiðubúnir að axla ábyrgð.

Yfirskrift meðferðarinnar er Karlar til ábyrgðar og var hún fyrst sett á laggirnar árið 1998 að tilstuðlan Skrifstofu jafnréttismála, Rauða kross Íslands og heilbrigðisráðuneytisins. Fyrirmyndin var sótt til Noregs, verkefnisins „Alternativ til vold“, þar sem tekið er á alls kyns heimilisofbeldi og er eitt stærsta verkefni sinnar tegundar í heiminum. Andrés og Einar Gylfi voru „sjanghæjaðir í verkið“, eins og þeir segja, strax í upphafi. „Við höfðu ekkert verið að vinna við þetta áður,“ segir Andrés. „Þóttum sæmilega hæfir sálfræðingar og vorum sendir til Noregs í þjálfun og erum enn í handleiðslu hjá „Alternativ til vold“. Meðferðartilboðið er að mestu leyti niðurgreitt af ríkinu en átti ekki fastan sess á fjárlögum og árið 2002 var ekki tekin ákvörðun með framhaldið og meðferðin datt upp fyrir. Ingólfur V. Gíslason, starfsmaður hjá Skrifstofu jafnréttismála, hélt því hins vegar á lofti og á vordögum 2006 var lífi blásið í Karla til ábyrgða á nýjan leik og framtíð verkefnisins tryggð. Síðan starfið hófst að nýju hafa 38 karlmenn sótt meðferð hjá Andrési og Einari Gylfa.

**Að axla ábyrgð**

„Við fengum sterk viðbrögð við þessu strax frá upphafi,“ segir Andrés. „Menn eru svo sem ekki að hrópa þetta á torgum, heimilisofbeldi er viðkvæmt efni og því fylgir skömm.“ Þeir sem sækja meðferð gera það að eigin frumkvæði en Einar Gylfi segir að meginreglan sé að þeir sem leita sér hjálpar séu yfirleitt undir þrýstingi frá umhverfinu; einkum maka eða öðrum aðstandendum en einnig öðrum aðilum, til dæmis barnaverndaryfirvöldum og þar fram eftir götunum. Mennirnir koma úr öllum þrepum þjóðfélagsins, flestir á aldrinum rétt undir tvítugu til 45 ára en á því eru undantekningar.

„Það sem þessir karlmenn eiga sameiginlegt er að þeir eru tilbúnir til að taka ábyrgð á gjörðum sínum og horfast í augu við vandann,“ segir Einar Gylfi. „Það má skipta ofbeldismönnum gróflega í tvennt: a) Þeir sem grípa til ofbeldis vegna óöryggis í samskiptum og b) að ofbeldi þeirra sé réttlætanlegt, öll mannleg samskipti séu átök um völd. Annaðhvort sigri maður eða tapi. Þeir í síðari hópnum eru síður reiðubúnir að taka ábyrgð á sínu persónulega vandamáli.“

**Ofbeldið gert sýnilegt**

Það er misjafnt hversu miklu ofbeldi skjólstæðingar Einars Gylfa og Andrésar hafa beitt áður en þeir leita sér aðstoðar. „Í sumum tilfellum hefur líkamlegt ofbeldi ekki enn átt sér stað en hjá öðrum er um að ræða langt ferli stigmagnandi líkamlegs ofbeldis. Stundum er það komið á mjög hættulegt stig,“ segja þeir.

Sumir sem leita til þeirra hafa ekki beitt líkamlegu ofbeldi en eru byrjaðir að beita andlegu ofbeldi og gera sér grein fyrir að þeir eru komnir í ógöngur. Ófáir hafa hins vegar beitt líkamlegu ofbeldi en eru tregir til að viðurkenna það. „Þeir líta ekki á þvingun eða það að snúa upp á hendi makans sem líkamlegt ofbeldi – og nota hlutlausari orð á borð við „að stjaka við“ eða „dangla í“, segir Einar Gylfi. „Þegar líður á meðferðina átta menn sig smám saman á að þeir hafa sannarlega beitt andlegu ofbeldi, jafnvel líkamlegu – það bara heitir ýmsum öðrum nöfnum. Stór hluti meðferðarinnar gengur út á að gera ofbeldið sýnilegt og fá menn til að axla ábyrgð á því.“


NORDICPHOTOS/GETTY

**HEIMILISOFBELDI** Sumir sem leita til Einars Gylfa og Andrésar hafa ekki beitt líkamlegu ofbeldi en eru byrjaðir að beita andlegu ofbeldi og gera sér grein fyrir að þeir eru komnir í ógöngur.

> Líkamlega ofbeldið hættir tiltölulega fljótt en andlega ofbeldið getur haldið áfram og þess vegna leggjum við áherslu á langtímameðferð.

**→ KARLMENN TIL ÁBYRGÐAR - Fjögur þrep meðferðar**

**1. Að gera ofbeldið sýnilegt**

„Það getur tekið mörg viðtöl. Ástæðan er sú að þegar fólk gerir eitthvað sem það skammast sín fyrir kemur það sér upp óljósri mynd af því. Við förum í nokkur ofbeldistilvik í smáatriðum. Byrjum gjarnan á því síðasta, rifjum svo upp það fyrsta, það alvarlegasta og eitt sem gæti talist dæmigert. Hvernig hófst það og lauk? Hvernig tók hann á henni? Hvar sló hann hana? Með opnum lófa eða krepptum hnefa? Hvernig endaði þetta nákvæmlega? Þessa atburðarás hafði hann í rauninni ekki séð fyrir sér. Það getur verið mjög erfitt að rifja þetta upp, meðal annars af því að stundum er þetta í ölæði gert en einnig vegna þess að menn hafa tilhneigingu til að hafa óljósa mynd af þessu.

**2. Ábyrgð**

„Hvar liggur ábyrgðin? Menn viðurkenna yfirleitt strax að þeir bera ábyrgð en hafa fyrirvara á því. „Hún hefði ekki átt að gera þetta“ eða „hún veit hvernig á að gera mig reiðan“. Glíman um ábyrgðina getur tekið tíma. Í henni felst meðal annars að losa sig við hugsunina „ég missi bara stjórn á mér“. Þetta er ekki stjórnleysi heldur örvæntingarfull aðferð til að ná stjórn.

**3. Aðstæður**

„Er eitthvert ákveðið munstur eða ágreiningsmál sem er kveikjan að ofbeldinu? Er áfengisneysla í spilinu eða önnur neysla? Hver er reynsla mannsins af ofbeldi í fortíðinni? Það eru tengsl á milli þess að hafa upplifað ofbeldi sem barn og beita því síðar en ekki beint orsakasamhengi. Margir sem upplifðu ofbeldi í æsku beita ekki ofbeldi sjálfir. En það eru tengsl. Drjúgur meirihluti þeirra sem voru hjá okkur 1998 til 2002 höfðu orðið fyrir ofbeldi.“

**4. Afleiðingar**

„Hverjar urðu niðurstöðurnar? Hvernig leið konunni og börnunum? Hversu hrædd var hún? Var líf þeirra í hættu? Farið er yfir langtímaafleiðingar á borð við að svipta fólk öryggi og sjálfsvirðingu með ofbeldi. Við fáum gjarnan svörin á borð við að börnin hafi ekki vitað af þessu, þau hafi aldrei verið viðstödd. Það er að okkar mati goðsögn sem stenst ekki. Börn verða undantekningalaust vör við heimilisofbeldi. Ef ekki með beinum hætti þá óbeinum. Fjölskyldur eru eins og óróar – ef tveir endar dingla hastarlega þá dinglar allur óróinn. Og börn mótast alltaf af því andrúmslofti sem þau lifa við.“

„Það er heppilegt að taka þrepin fyrir í þessari röð. Ef við myndum byrja á að fá menn til gera sér grein fyrir afleiðingunum sem gjörðir þeirra hefðu á börnin væri það líklega of stór biti að kyngja.“



**ANDRÉS RAGNARSSON** „En við göngum mjög nærri þessum mönnum og það er þeim til mikils hróss og virðingarvert að þeir taka svona á sínum málum.“
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Í sumum tilfellum hafa menn beitt kynferðisofbeldi. „Það er alþjóðlegt munstur að yfirleitt játa menn það ekki fyrr en á síðari stigum meðferðar – rétt eins og menn upplýsa yfirleitt ekki fyrr en seint að hafa sjálfir verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Annað er að þeir hafa kannski beitt kynferðislegu ofbeldi án þess að átta sig á því. Til dæmis svokallað „sáttakynlíf“ – það sem á ensku er kallað „makeup-sex“ – þeir átta sig oft ekki á ofbeldinu sem í því felst. Það er ekki fyrr en eftir á þegar þeir fara að skoða það samhengi að þeir sjá að makinn er yfirleitt nauðugur,“ segir Einar Gylfi. „Og kynlíf til að brjóta upp ofbeldi,“ bætir Andrés við. „Þar sem kona hefur samfarir til að losna undan ofbeldinu.“

**Hópmeðferð og samstaða**

Sá sem vill komast í meðferð þarf helst að panta viðtal sjálfur. Boðið er upp á þrjú til fjögur viðtöl til að kynna meðferðina og fá mynd af ofbeldinu. Eftir það heldur viðkomandi áfram í einstaklingsviðtölum eða fer í hópmeðferð. „Við metum fyrst og fremst hvort er líklegra til að gagnast honum meira. Helst viljum við að flestir fari í hópmeðferð þótt það henti ekki öllum,“ segir Einar Gylfi.

Hópstarfið getur verið erfitt fyrir þátttakendur eðli málsins samkvæmt. „Maður sér að minnsta kosti hvað bærist innra með þeim,“ segir Andrés. „En hópurinn býður aðra menn velkomna, þeir eru mjög flinkir við að taka á móti nýliðum.“ Einar Gylfi bætir við að á fundunum myndist jákvætt andrúmsloft, sem sé líka gefandi fyrir hann og Andrés. „Það myndast ákveðin samstaða. Menn hugsa sem svo að þeir eru á sama báti að glíma við sama vandamálið og ætla að vinna sameiginlega að því að öðlast sína sjálfsvirðingu aftur. Lykilorðið er ábyrgð.“

**Vilja meiri stuðning við maka**

Mökum ofbeldismannanna er boðið upp á tvö viðtöl. Eitt í upphafi meðferðar að lokinni greiningu og annað í lok meðferðar. „Tilgangurinn er fyrst og fremst öryggissjónarmið,“ segir Andrés. „Við vísum líka maka á önnur úrræði og stuðningsnet. Það hefur gerst að við teljum að maka sé ekki óhætt að búa áfram undir sama þaki og eiginmaðurinn. Okkar ábyrgð er að benda á það og gæta þess að það sé tekið alvarlega. Útfærslan er ekki í okkar höndum en ef börn búa við ótryggar aðstæður ber okkur skylda til að ræða við yfirvöld. Við höfum örsjaldan verið í þeirri stöðu að taka upp samvinnu við til dæmis lögreglu eða barnaverndaryfirvöld í óþökk þeirra sem til okkar



**SÓTT Á BRATTANN**
Kirkjufell í Grundarfirði þykir bratt og erfitt uppgöngu en það er einn af áfangastöðum Ferðafélags Íslands á árinu.
FERÐIR 3



**ÍSLENSKT Í VOGUE**
Kápa eftir Védísi Jónsdóttur, hönnuð hjá Ístexi, birtist á forsíðu Vogue-knitting fyrir stuttu.
TÍSKA 4

# allt




## Áberandi glæsilegur
7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...

- ☑ MEIRA RÝMI
- ☑ MEIRI KRAFTUR
- ☑ MEIRI BÚNAÐUR




Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

- ☑ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ☑ ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- ☑ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ☑ Bakkskynjari
- ☑ 18” Álfelgur
- ☑ Aksturstölva
- ☑ ARP - Veltivörn
- ☑ TOD - Sjálfvirk drifstýring
- ☑ DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- ☑ Tölvustýrð spólvörn
- ☑ LRS - Heldur hæð við hleðslu
- ☑ Og margt fleira....

CHEVROLET GÆÐI FRÁBÆRT VERÐ

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

**Áberandi glæsilegur**
Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

**Akureyri** - Bílasalan Ós, Njarðarnesi 1, sími 462 1430
**Egilsstaðir** - Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21, sími 471 3005
**Borgarnes** - Bílasala Vesturlands, Sólbakka 2, sími 437 2100
**Reykjanesbær** - Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, sími 420 3300

CHEVROLET




Atli Freyr ber fullt traust til Toyotunnar sinnar þótt hann viti ekki alveg um aldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Innsæi í beygjunum

***Atli Freyr Steinþórsson útvarpsþulur hefur náð góðum tökum á vetrarakstri með því að nota snör handtök og innsæi í beygjum eins og fram kemur í eftirfarandi símaviðtali.***

*Atli, hvernig bíl átt þú?*
„Ha? (Þögn) Hann er nú ekkert voða glæsilegur. Þetta er smaragðsgræn Toyota Avensis sem ég keypti í fyrra. Þá þurfti ég að skipta um bíl eftir að hafa eyðilagt gamla bílinn minn af vangá. Það var Volkswagen.“
*Ertu tilbúinn til að tjá þig meira um það?*
„Ja, ég bara kann ekki nógu mikið á bíla. Það er ekki flóknara en það.“
*Hann hefur sem sagt brætt úr sér.*
„Já, vegna vanhirðu af hálfu minnar persónu.“
*Það getur verið víti til varnaðar fyrir einhverja.*
„Já, ég lærði það af þessu kjaftshöggi að það er ekkert gáfulegt að fara með bíl á smurstöðvar öðru hverju.“
*Góður punktur.*
„Ég yrði mjög glaður ef einhverjir værukærir bókabéusar og menntamenn sem kunna ekkert á vélar tækju þetta til athugunar.“
*Þú ferð þá trúlega vel með þína smaragðsgrænu Toyotu?*
„Já, í kjölfar þessara hremminga hef ég ákveðið að gera það.“
*Er hún ekki mörgum góðum kostum búin?*
„Jú, það vantar að vísu geislaspilara í hana. En ég er með útvarp. Þá get ég farið á mónitorútsendingu Rásar 1. Alltaf.“
*Ertu á snjódekkjum?*
„Ég er á heilsársdekkjum. Hef náð ansi mikilli leikni í að skauta á hringtorgum og víðar svo ég veit ekki alveg hversu mikil heilsársdekk þau eru. En þetta hefur gengið ágætlega með snörum handtökum og innsæi í beygjunum.“
*Af hvaða árgerð er bíllinn?*
„Ég er bara ekki viss.“
*Spáirðu ekkert í það þegar þú keyptir hann hvort þú værir að kaupa nýjan eða gamlan?*
„Hann er innan við tíu ára, get ég fullyrt. Meira get ég ekki sagt þér, því miður. En ég ber fullt traust til hans.“

*gun@frettabladid.is*


## BFGoodrich Tires JEPPADEKK



VERÐDÆMI ALL TERRAIN

| | | |
|---|---|---|
| **15” Felgur** | | |
| 31x10,50R15 | | 17.990.- |
| 32x11,50R15 | | 18.990.- |
| 33x12,50R15 | | 18.990.- |
| 35x12,50R15 | | 20.990.- |
| **16” Felgur** | | |
| 265/75R16 | 31,6” | 18.990.- |
| 285/75R16 | 32,8” | 20.990.- |
| **17” Felgur** | | |
| 265/70R17 | 31,6” | 17.990.- |
| 285/70R17 | 32,7” | 26.990.- |
| 37x12,50R17 | | 36.990.- |
| **18” Felgur** | | |
| 285/65R18 | 32,6” | 30.990.- |
| 305/65R18 | 33,6” | 35.990.- |
| 37x12,50R18 | | 44.990.- |
| **20” Felgur** | | |
| 285/55R20 | 32,3” | 42.990.- |
| 285/65R20 | 34,6” | 40.990.- |
| 325/60R20 | 35,4” | 52.990.- |

561 4110
NESDEKK
Fiskislóð 30

BFGoodrich Tires

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

**Frostvari** í rúðuvökvann er mikið þarfaþing á köldum dögum. Skynsamlegt er að verða sér úti um slíkan vökva og setja í bílinn þegar kalt er og snjóþungt líkt og verið hefur.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

FRAMÖXLAR Í JEPPA
Japan/U.S.A.
Öxulliðir í flestar gerðir jeppa
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

VETRARDEKK
NEGLANLEG
AMTEL
NordMaster

| | Stærð | Mál | útsöluverð |
|---|---|---|---|
| NordMaster ST | 13” | 175/70R13 | 5.990 |
| NordMaster ST-310 | 14” | 175/R6514 | 6.600 |
| NordMaster ST | 14” | 185/65R14 | 6.900 |
| NordMaster ST | 15” | 195/65R15 | 7.990 |
| NordMaster ST | 15” | 205/65R15 | 8.600 |
| NordMaster ST | 15” | 205/70R15 | 8.900 |
| NordMaster ST-310 | 16” | 205/55R16 | 9.990 |

Stilling
www.stilling.is // stilling@stilling.is
Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000



Herdís Storgaard, forvarnarfulltrúi hjá Sjóvá forvarnarhúsi, hefur stórar áhyggjur af söluaðilum barnabílstóla á Íslandi og öryggi íslenskra barna í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Karlar eftirlátari frammí

***Börnum þykir spennandi að sitja í framsætinu og sækja það stíft eftir föngum. Þau þurfa að hafa náð 1,50 m á hæð til að mega sitja í framsæti bíls.***

„Í dag eru öryggisviðmið miðað við vaxtarkúrvu barna og þau verða að vera orðin 1,50 á hæð til að mega sitja í framsæti. Þangað til eru börn of lágvaxin til að höfuð þeirra og brjósthol þoli árekstur og/eða öryggispúða, en áður var miðað við 1,40 m og 40 kíló,“ segir Herdís Storgaard, forstöðumaður hjá Sjóvá forvarnarhúsi, innt eftir nýjustu stöðlum um börnin og framsætin.

„Börnum þykir sport að sitja frammi í bílnum, sækja það mjög fast og því vilja foreldrar skýr svör. Í niðurstöðum rannsókna okkar kemur fram að karlmenn leyfa þetta miklu frekar en konur, og einnig er algengara að ömmur og afar leyfi frammísetur, en roskið fólk áttar sig síður á þessu og er enn fast í gamla veruleikanum,“ segir Herdís, sem er mun hrifnari af bandaríska staðlinum en þeim evrópska sem Ísland fylgir eftir í öryggismálum barna.

„Vestra verða börn að vera orðin tólf ára til að mega sitja frammí, en þar hafa menn reiknað út að öll börn hafi náð 1,50 á hæð á þeim aldri. Uppeldislega finnst mér það skynsamlegra því hæð er mismunandi á milli barna og ósanngjarnt að mismuna þeim eftir hæð þegar þau eru jafnaldra,“ segir Herdís og bætir við að Íslendingar séu helst í góðum málum þegar kemur að umferðaröryggi leikskólabarna.

„Við sjáum 95 prósenta notkun á öryggisbúnaði yngstu barnanna, en þau 5 prósent sem standa eftir þýðir að 125 lítil börn séu laus í bílum. Slíkt einkennist gjarnan við stuttar vegalengdir í bæjum á landsbyggðinni og þau hverfi höfuðborgarsvæðisins þar sem umferð er minni. Við sjáum leikskólabörn sitja í framsætum fyrir framan öryggispúða en ekki þarf að spyrja að leikslokum ef hann springur; börnin hreinlega deyja. Öryggispúðar eru gerðir til að taka við þunga fullorðins fólks í árekstri svo innyfli slengist ekki til við höggið og krafturinn er feiknalegur, en börn í bakvísandi stólum framan við öryggispúða hafa einnig látist þegar púðinn springur,“ segir Herdís, sem ítrekar að börn undir þriggja ára skuli ávallt sitja í bakvísandi bílstólum en samt aldrei frammí ef þar er öryggispúði.

„Ég hef miklar áhyggjur af þeim sem selja barnabílstóla hér á landi. Hálsliðir barna undir þriggja ára eru ekki orðnir nógu sterkir til að bera höfuð uppi við árekstur. Hingað hringja foreldra fjögurra mánaða barna í vafa vegna þess að sölumenn hafa selt þeim framvísandi stól fyrir ungbarnið! Ungbarnastólar fást upp í 9 og 13 kíló, en íslensk börn fæðast stærri og þyngri og eru gjarnan búin að vaxa upp úr þeim stólum fimm mánaða. Þetta er því gífurlegt ábyrgðarleysi og menn verða hreinlega að mæta kröfunni um afturvísandi bílstóla og hafa alla flóruna til sölu.“

*thordis@frettabladid.is*

Jeppadekk fyrir veturinn
Heilsárs- og vetrardekk fyrir jeppa og jepplinga
Meira úrval – betra verð!
MAXXIS
GT RADIAL
Dæmi um gott verð:
31x10.50R15 Maxxis, kr. 12.900
33x12.50R15 Maxxis, kr. 15.900
275/70R16 GT-Radial, kr. 14.900
265/70R17 GT-Radial, kr. 16.900
Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga á hagstæðu verði.
Við míkróskerum og neglum dekkin fyrir þig
Líttu vel út!
Snjóskafa fylgir hverjum dekkjagangi
JEPPADEKK.is
ALORKA • Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
PIPAR • SÍA • 71983



**Ísveiði** getur verið gaman að stunda. Þá skiptir miklu máli að vera vel útbúinn og hafa með sér það sem við á eins og íssög, veiðigræjur, hlýjan fatnað og nesti.



Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, lítur bjartsýnn fram á nýbyrjað ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kynslóðirnar saman

***Ferðaáætlun Ferðafélags Íslands 2008 er komin í dreifingu. Hún vekur jákvæð viðbrögð að sögn framkvæmdastjórans Páls Guðmundssonar.***

Úrvalið af gönguferðum er mikið hjá Ferðafélaginu þetta ár eins og Páll lýsir. „Við bjóðum léttar gönguferðir en aukum líka úrvalið af erfiðari ferðum á fjöll landsins, Hvannadalshnjúk og Hrútfjallstinda í Öræfajökli og Helgrindur og Kirkjufell á Snæfellsnesi. Ferðir fyrir fólk í góðu formi og með fjallareynslu. Síðan verðum við með ferðir fyrir byrjendur, meðal annars hér í nágrenni Reykjavíkur, á fjöll eins og Vífilfell, Úlfarsfell, Helgafell og Esjuna. Einnig reynum við að ná til unglinganna og bjóðum sérstakar ferðir fyrir þá, til dæmis um Laugaveginn.“ Einstök ferð fyrir afa og ömmur með barnabörnin er á dagskrá. „Þetta er fjögurra daga ferð um Laugaveginn þar sem sem ömmur og afar eru með fararstjóra frá okkur og ganga á milli skála með barnabörnin með sér,“ segir Páll. „Okkur finnst þetta skemmtileg hugmynd og það verður gaman að sjá viðbrögðin við henni.“ Hornstrandir skipa alltaf stóran sess hjá Ferðafélaginu. „Þar leggjum við áherslu á söguna um byggðina, búsetuna, menninguna á Hornströndum fyrr á tímum,“ lýsir Páll. Hann nefnir líka nýjungar eins og matarferðir. „Við verðum með sérstakar ferðir þar sem áhersla er lögð á að smakka mat úr heimabyggð. Slík ferð er á Snæfellsnesið. Þar verðum við fjóra daga og heimsækjum gott fólk í sveitinni sem opnar matarkistur sínar fyrir þátttakendum. Bæði eyjabændur og fólk á fasta landinu.“

*gun@frettabladid.is*



Hlíðarfjall er vetrarperla Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STÍGUR HELGASON

# Akureyrskur ferðavefur

***www.visitakureyri.is er nýr ferða- og upplýsingavefur fyrir Akureyri.***

Nýlega kynnti Akureyrarstofa nýjan ferða- og upplýsingavef. Hann er á íslensku og ensku og þar er að finna allar helstu upplýsingar fyrir þá sem ferðast til bæjarins. Má þar nefna hótel og gististaði, veitingastaði, afþreyingu og samgöngur.

Eins og flestir Íslendingar vita er Hlíðarfjall einn af bestu skíðastöðum landsins. Þar er til dæmis boðið upp á einkakennslu á skíði og bretti fyrir alla aldurshópa, alla daga vikunnar. Þá þjónustu þarf að panta með að minnsta kosti dags fyrirvara eða í síðasta lagi upp úr hádegi samdægurs.

Menningarlífið er fjölskrúðugt á Akureyri allt árið og eru söfn, sönglist og leiksýningar í boði. Nefna má að Fló á skinni, einn vinsælasti og fyndnasti farsi allra tíma, verður frumsýndur 8. febrúar. Ljóst er að gríðarlegur áhugi er á sýningunni. Þegar er uppselt á 15 sýningar en miðasala er í fullum gangi því bætt hefur verið inn aukasýningum.

*- gun*

**BEINT FLUG FRÁ KEFLAVÍK**

**Riga**

Lettlandi

**Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið.**

**Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa á verði sem slær öllu við. Næturlíf eins og það gerist best.**



| Tímabil | Brottför | Hótel | Verð |
|---|---|---|---|
| 15.-19.mars( 5 nætur ) | Keflavík | **** | kr 76.295 |

**MUNIÐ FRÁBÆR TILBOÐ TIL KENNARA**

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eistrasaltslandanna Verð miðast við gengi evru 15. jan 2008

www.transatlantic.is

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905



**Finnskur North Ice Winter útivistafatnaður**
**með Air-Tex öndunarfilmu**

**Innifalið:** Úlpa, buxur, microflís nærföt og flísmillilag, húfa, trefill og lúffur.

Allur pakkinn á **kr 19,500.**

**Icefin** • Nóatúni 17 • s: 5343177
**www.icefin.is**

**Kanarí**

**Aukaferðir um páska**

**19. mars – 10 nátta ferð**
**12. mars – 17 nátta ferð**

**frá kr. 69.795**

***Aukaflug vegna mikillar eftirspurnar!***



Kr. **69.795**
– páskaferð 10 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í 10 nætur á Los Salmones, 19. mars.

***Fjölbreytt gisting í boði!***

Vegna mikillar eftirspurnar bjóðum við aukaferðir til Kanaríeyja um páskana. Í boði eru 2 ferðir, 12. mars í 17 nætur og 19. mars í 10 nætur. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sæti í frábæra páskaferð. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.*



**Loðfeldir** eru ávallt glæsilegir á að líta. Það má lífga upp á annan fatnað með því að smella um sig einum loðkraga. Auk þess eru þeir afskaplega hlýir og þægilegir og hæfa því tíðarfari sem nú er.


POKADAGAR

*Þú kemur og troðfyllir poka af vörum, tvö verð í boði!*

Minni Poki = 4000 kr

Stærri Poki = 6000 kr

**Allt í búðinni á að seljast!!**

*Ath takamarkað magn af pokum*

GYLLTI KÖTTURINN

Gyllti Kötturinn - Austurstræti 8 - Sími 534-0005



vísir.is

"...ég sá það á vísi"





Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS




Hönnuðurinn Védís Jónsdóttir á vinnustað sínum Ístex í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Hannar fyrir Vogue

***Á forsíðu prjónablaðsins Vogue-knitting sem kom út nú í janúar má sjá prjónakápu eftir íslenskan hönnuð.***

„Ég veit varla hvenær ég lærði að prjóna ég hef bara alltaf kunnað það," segir Védís Jónsdóttir, hönnuður hjá Ístex, en kápa eftir hana birtist á forsíðu Vogue-knitting fyrir stuttu. „Kápuna hannaði ég fyrir Vogue-knitting sérstaklega en ég hef hannað fyrir þá áður í bækurnar Knitting on the go," segir Védís.

Samstarfið við Vogue kom til þegar ritstjóri blaðsins kom hingað til lands að skoða prjónaverksmiðjuna Ístex. Í framhaldi af því var Védísi boðið að vera á lista hönnuða sem senda inn hönnun. „Ég hef ekki alltaf tíma en þegar ég hef sent inn þá hef ég fengið það birt og þannig vita þeir hver ég er. Ég var í New York í sumar og sýndi ritstjóranum það sem ég var að gera, hún sá þarna kápu sem hún varð sérstaklega hrifin af og vildi að ég gerði sérstaka útgáfu fyrir þau," segir Védís. „Í framhaldi gæti ég farið að vinna meira fyrir þau ef ég hef tíma og í sumar vildu þau endilega að ég færi að skrifa bók svo maður veit aldrei."



Sjalpeysan Faðmur eftir Védísi en í nýju hefti ætlar hún að endurvekja útprjón. MYND/FRIÐRIK ÖRN HJALTESTED



Horft inn í vinnslusal Ístex. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Védís útskrifaðist frá Danmarks Design Skole 1989 og fór í framhaldinu að hanna vélprjónaðan fatnað áður en hún fór að hanna liti og flíkur fyrir handprjón. „Það er mikil vinna á bak við þetta," segir hún. „Ég skissa upp og prjóna prufur og breyti munstri og litum og svo þarf að gera uppskriftina og reikna hana allt upp í sex stærðir sem er mikil vinna. Loks er frumgerðin prjónuð og þá skiptir máli að í upphafi hafi verið vandað til verks," útskýrir Védís en hún er alin upp í sveit og þekkir kindina út og inn. Hún segist líka fá innblástur úr náttúrunni og úr tónlist og hafi heilu peysurnar sprottið upp úr einu lagi.

Nú er Védís með nýja línu á prjónunum fyrir Ístex þar sem hún ætlar að endurvekja útprjón. „Ég er að koma með nýtt hefti fyrir einband þar sem ég ætla að endurvekja hugmyndina um útprjón, í anda fínlegu útprjónuðu kjólanna hér áður fyrr. Þetta verða kjólar og peysur, trefill og klútar sem er auðvelt að byrja á ef fólk hefur ekki mikið prjónað útprjón áður," segir Védís og bætir við að áhugi fólks hafi aukist síðustu ár á prjónaskap. „Nú á fólk ekki bara eina lopapeysu heldur margar og margs konar og það er svo skrítið að þegar þetta er komið í tísku þá hætta allir að tala um að ullin stingi. Það finnst mér mjög jákvætt," segir Védís að lokum.

*heida@frettabladid.is*

# Gothic Givenchy?

***Givenchy-tískufyrirtækið er gamalt í hettunni og hannaði m.a. mikið fyrir filmstjörnur á borð við Audrey og Katherine Hepburn.***

Árið 2005 var ungur og óþekktur hönnuður, Riccardo Tisci, ráðinn sem aðalhönnuður Givenchy til að hressa upp á ímynd fyrirtækisins og hefur honum tekist að endurvekja forna frægð.

Vorlínan fyrir 2008 einkennist af rokkuðum fötum, alsettum stálsylgjum og hönnuðurinn er hrifinn af svörtu og hvítu. Línan þykir nokkuð drungaleg og hefur Riccardo verið kallaður „gothichönnuðurinn" en sjálfur þvertekur hann fyrir það og segist einungis vera tilfinninganæmur og rómantískur eftir að hafa alist upp í hópi átta systra. Það sem helst einkennir fatnað hans eru miklar fellingar og létt efni sem bylgjast um fætur sýningarstúlknanna en í vor má sjá hlýralausa samfestinga, aðskorna stífa jakka og stutt pils.

*- rt*



Götóttir og rokkaðir jakkar fyrir vorið frá Givenchy.

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

## BÍLAR & FARARTÆKI

bílalind BÍLASALA



**HYUNDAI STAREX**
HYUNDAI STAREX 7 MANNA 4X4 DÍSEL. ÁRG 9/2002 Ek 97þ 32" með tölvukubb ofl... Toppeintak VERÐ 2.290 TILBOÐ 1.990 STGR Rrn:102600

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

Bílahornið



YFIRTAKA + SÖLULAUN HONDA CIVIC SEDAN LS V-TEC 1.6. Árg 2005, ek 57 þ. Sjálfskiptur. Verð 1.400.000.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2400**
**www.bilahornid.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



SUZUKI VITARA JLX, árg 7/98, ek 187 þ. 1.6L, 5 gíra, Nagladekk fylgja, Góður bíll, Verð 380 þ. TILBOÐ 250 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110485 S. 567 2700



DODGE DAKOTA SPORT 4WD, árg 12/1998, ek 128.þ, 5.2L Bensín Sjálfskiptur, 4 manna, Verð 780.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140235 S: 567 2700



MMC PAJERO INSTYLE 3.2 DÍSEL 35" BREYTTUR, Ssk, árg 7/07, ek 5 þ. km, Leður, TOPPLÚGA, Navi, DVD, ROCKFORD hljómkerfi, Einn með öllu, Verð 6.990.þ TILBOÐ 6.490.þ áhv 5.960 þ.Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 110813 S: 567 2700

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Fosshamar



Til sölu Honda CRV 5 /01 ek. 139 .þ. svar,sj.neld vetrad. loftk , krús, glæsilegur bíll .verð 1150þ. upp s. 820 1909 netf. rubbio@simnet.is

**Fosshamar**
**Sími: 8201909**
**rubbi(hjá)simnet.is**

100 bílar.is bílasala



Volvo S60, árg. 2005, ek.48þús.km, Sjálfsk. 257 Hö, Topplúga, Leður og fl. Verð 3990þús.kr. Gullfallegur bíll!!



Audi A4, árg. 2003, ek. 165þús.km, Sjálfsk. Dísel, Stgr.Tilboð 1490þús.kr. Verð áður 1990þús.kr. Flott eintak af bíl!!



M.Benz C200 Kompressor Elegance, árg. 2004, ek.33þús.km, Topplúga, Dráttarbeisli og fl. Verð 3200þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Splúnkunýr 2008 Toyota Landcruiser 200 um 2 milljónum undir listaverði! Láttu okkur spara þér sporin og milljónirnar. Eitt símtal og þú færð betra tilboð í lúxusbíla hjá okkur t.d. í nýjan Porsche eða Mercedes Benz. Nýjir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



Snowhawk er með 3 tæki ennþá árg. '06. Fást með afslætti. Uppl. í s. 696 4418 / 659 7624. Boivin Ísland ehf.



Ford F-150 4X4 árg. '04. Ek. 127þús. km. Áhv. 1,6M. Vél V8 4,6L. Kanadabíll m. KM mæli og sætum f. 6 manns. S. 694-9741.



Toyota 4 Runner 3000 Diesel (m/turbinu) árg '96 ek. 196þ 33" dekk. Verð 750þ. Engin skipti en skuldabréf ok Uppl. S 566 7653.



Til sölu Toyota avensis 2,0, nýskr. 12-2006, ek. 13000km, einn með öllu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 894 1003.



Toyota Landcruiser 100 disel, árg. '00, ek. ca. 195 þ., ssk., leður, áhv. bílalán. S. 892 2124.



benz c240 4matic 2005 ek 35þús einn með öllu.verð 3.7mil. áhv lán.simi 8671735



Toyota Corola árg.'96, góður bíll skoðaður '09. Ásett verð 250þ., tilboð óskast. S. 868 4490.



Dodge Ram 2500 Laramie Diesel 2007 ekinn 5Þ.Leður 6 manna Topplúga.35" Breyttur lok á palli.Einn með alveg öllu. S:898-2811



Crysler Sebring LXI '95. 2,5L. Bensín, Ek. 140 þús. Verð 400 þús. Uppl. í s. 864 7858.



Toyota Tundra crew max Limited 5,7 árg. 2007, ek. 4Þ. Topplúga, 20" dekk. Verð 4790. S. 898 2811.



Cadilac Escalade, árg. 2007, ek. 29Þ. km. Einn með öllu. Dvd, topplúga, navy, 22"dekk. Bara flottur. S. 898 2811. www.plusgallery.is



**FORD MUSTANG COUPE**
Árg. 2002. Ek.108 þ.km. Verð 1.420.000. Bensín, 4 manna, sjálfskiptur, Sumar og vetrardekk. Uppl. í s. 856 8904



Landcruiser GX ssk. Diesel, 11/'05 33" 8 sæta, sóllúga, beisli, Ek. 60 þ. V. 5.5 mil. Einnig Citroen Berlingo sendibíll, árg. '02, ek. 85þ. V. 590 þ. S. 894 2460.



Eigum nokkra Benz 310 sem líta vel út. Verð frá 150 til 390 þúsund. S. 896 6151.



Pajero 3000. Bensín, árg. '92, 7 manna með dráttarkúlu, nýskoðaður. Verð 180.000. Uppl. í s. 698 4871 & 844 5428.



**Einn góður í snjóinn**
Luxus Subaru Legacy '06. Ek. 29 þús. Upplýsingar í síma 869 2900.



Toyota Hiace árg. '00, ek. 260 þús. V. 1250 þús m/vsk. Uppl. í s. 898 4065.



90% Lán! 2003 Mondeo 1.8 bsk., ekinn 84 þús. 95 þús. út og 14.900 á mán. Uppl. í síma 697 6699.



Mjög fallegur VW Touareg til sölu, 310hö. Ekinn 63 þús. Krómpakki og koníaksinnrétting. Yfirtaka á láni. S. 858 6709.



Aprilia vespa til sölu, 125cc en skráð 50cc, þarf ekki próf. 2004 módel, ekin aðeins 1900 km, geymd inni. Jakki og hjálmur fylgja. Verð 330 þús. Uppl. í síma 659 0120.



Honda Accord árg. '07, ek. 12 þús. Spoiler, fjarstart, dvd o.m.fl. Ásett 2.900 þús. Áhv. 2.850 þús. Uppl. í s. 848 3700.



Suzuki Swift árg. '07. Spoiler, dökkar rúður. Yfirtaka á láni ca. 1800 þ. Uppl. í s. 848 3700.



Land Rover Discovery '98, V8 ssk., 33", 7 manna m. dráttark. Selst ódýrt 550 þ. Skifti möguleg. S. 896 8775.



Toyota Avensis árg. 2005. Beinskiptur Ek.40000 km. Verð 2.190.000. Uppl. í síma 8977011



Díeselevrópubíll, 28 þús km. Árg.'04, nýskr. okt. '05. Sj.sk. Verð 2,3 þús. s. 699 3398.



Til sölu Toyota Corolla '94 ssk., nelgd vetrardekk smurbók frá upphafi fallegur bíll í góðu standi. Verð 190 þ. Uppl. í s. 899 5442.



MMC Outlander '06, 2,4, ssk., ek. 20 þ. km. V 2.650 þ. Sk. á ód. Ath. S. 896 2068.



Toyota Rav4 4WD VVT-I 2.0 ek 38þ nýsk 11/2002 5gíra. Ásett verð 1.530.þ Glæsilegur og lítið ekinn bíll uppl. í síma s. 822 7737.



Toyota Corolla W/G Sol árg 2005 ek 31þ sjálfskiptur. Vel með farinn bíl, ásett verð er 1.680.þ möguleiki á 100% fjármögnun uppl í s. 822 5310



**þú færð 70.000 kr í pe**
Renault Megane Berline Yfirtaka á láni + þú færð 70.000 kr í peningum Árg. 2005 Ek 33Þ. 5 gíra nýkomin úr 30 þ. km. skoðun, Bíll í frábæru ástandi aðeins yfirtaka á láni ca.22 Þ. á mán. Uppl í síma 822 5310

Navigator árg 2007 ekinn 30Þ km DVD topplúga 20" dekk einn með öllu. S 898 2811.

**Fæst gegn yfirtöku**
Til sölu Infiniti FX 35 árg. 2003 20" felgur bakkmyndavél, DVD, bose kerfi ofl.ofl. Ásett verð 3,9 m áhvílandi 3.190.000. Uppl. í s. 896 5290.

Isuzu Trooper 35", árg. '00, ek. 112 þús. Ssk. Nýupptekin vél. Heilsársdekk. Yfirtaka á láni. 1,6. Ca. 35 þús á mán. Uppl. í s. 822 5350.

**Touareg V8 - yfirtaka á láni.**
VW Touareg V8 4,2 Svartur árg. 2004 ek. 85 þ. Leður, xenon ljós, rafmagn í sætum, topplúga og.fl. Flottur bíll. Fæst gegn yfirtöku af láni. Eftirstöðvar 3.6 m. Uppl. í s. 659 4567.


Toyota Landcr 90 árg.'99 ek. 180 þ. 38" breyttur, nýleg AT dekk og felgur, bíll í toppstandi. Uppl. í s. 869 5681


Opel Astra '99, 4 dyra, beinsk., ek.91 þ.km. sk.'08. Viðm. 470 þ. tilb. 350 þ. Uppl.S. 840 4928.


Lexus RX 300, árg. '04, ek. 30 þús. Uppl. í s. 892 0378.


Nissan Patrol, Diesel, 6cyl., 2,8L. Turbo Intercooler árg. '98. Ek. 165 þús. Nýtt olíuverk, cd/mp3, loftlæsingar o.fl. Mjög gott eintak. Verð kr. 1.400.000. Lán kr. 900.000. (27.000 per mán.) Uppl. í s. 896 6860.


Hilux '06 2.5, ek. 24 þ., eins og nýr, 33" breyttur. Ásett verð 2.690 þús., fæst á 2.190 þús. stgr. S. 899 6284.


Mazda 6 wagon ts árg. '04. Einn með öllu. Ek. 67 þús. Verð 1.790.000 kr. Áhvílandi 760.000 kr. Uppl. í s. 664 5866.


Chevrol. Silverado 2500. 35",einn með öllu.Tölvukubbur ,webasto miðstöð,v. 2.990.000,skipt.á ódýr. s. 897 0895.


**1. Gjaldagi í MAÍ !!!**
Mmc Lancer.Árg06/04.E-42Þ.Sk09.1600 Vél.SSK.Abs.Álfelgur+V-dekk,100% Lán. S. 661 8185

**Diesel Station**
Ford Mondeo Ghia, árg. 09/05, ek. 56Þ., Sskj., 2.0L Vél, abs, Cd, álfelgur, Sk.'09, 100%Lán. S. 897 2425.


**1. Gjaldagi í MAÍ !!!**
Mmc Grandis, árg. 11/05. Ek. 27Þ, Ssk, Sk09, 7 manna, álfelgur + V-dekk, Cd, 100% Lán. S. 661 8185.


Ford F 350 FX4 2006 35", 6,0 disel, ek. 29 þ. km. Brimborgarbíl í ábyrgð. 6 gíra bsk., 6 manna, vsk bíll, rafm., í öllu, toppl., leður og fl. Eins og nýr. Getur fengið með eða án húss. Lán 3680 þ. ásett verð 4090 þ. Skoða tilb. og skipti. Uppl. í s. 820 4469.


Passat '98, bsk, 1600, ek. 165 þús. Negld snjódekk. Gott eintak. V. 350 þús. Einnig Toyota Corolla '96. Tilboð óskast. Uppl. í s. 897 5758.


BMW 320 Coupe bsk., 09.07. Ek 1.500 km. M-pakki. M-útlit 18" M-álfelgur. M-innrétting ofl. Xenon Hifi græjur o.fl Umboðsbíll. Eins og nýr. Uppl. í s .695 3071


**Ódýr dísel jeppi!**
Nissan Terrano II turbo dísel árg. '96, 7 manna, topplúga, krókur. Í fínu standi. V. 300 þús. S. 691 9374.

## BÍLAR TIL SÖLU





Toyota Landcr. 120GX árg. '05. 35" breyttur, 7 manna, fallegur bíll. Uppl. í s. 893 7518.


Land Rover Discovery '97. Mjög gott eintak. Frábær í ófærðina. V. 450 þ. S. 822 4504.


**TOYOTA LAND CRUISER 120 GX DISEL ÁRGERÐ 2006**
33" dekk og álfelgur, nýskráður, 07.2006 , sjálfskiptur , 8 manna , rafmagn í öllu, cruisecontrol, abs, cd spilari, hit í sætum , fjarlæsing, dráttarkrókur, þakbogar, stigbretti , ofl. Ekinn aðeins 27 þ. KM , einn eigandi , verð. 5.2 millj. Enginn skipti , glæsilegt og mjög vel með farið eintak! uppl. í s. 663 2430. Frágangur löggilts bílasala fylgir.


**Hyundai Santa Fe 4x4**
Árg. 07.2003. ek. 68þ. Dökkgr, sj.sk., V6, 2.6 ltr., nýjar bremsur og diskar. Verð 2.050þ. Áhv. 1.786þ. (afb. ca 37þ) Tilb. yfirt + 115þ. Uppl. í 840-6608


Dodge Gran Caravan árg.'06. Til sölu gegn yfirtöku á láni. Til sölu á sama stað 3 hjóla mótorhjólakerra og Beta 12, 2007 barna og unglingakrossari. Uppl. í s. 822 1736.


Cadillac SRX 4x4 V8 Glæsikerra '04. 320 hestöfl, ssk, 7 manna. Innfluttur af umboði, ek. 53 þ. ABS hemlar Akksturstölva, armpúðar, ASR spólvörn, Álf. Bakkskynjari, DVD, ESP stöðuleikakerfi, Kastarar,leður , CD magasín,sími ofl. Ásett verð 4,2. Mjög góður staðgr/afsl. áhv. 2,2, tilboð óskast. Skipti möguleg. S. 862 2133.

BMW 525D Ek. 148 þ. 12/'02 Sk. mögul. Uppl. í s. 699 4002.

Audi A4 Quatro 1,8 Turbo '99, ek. 63 þús. Einn með öllu. Listaverð 1190 þús. Tilboð 890 þús. Uppl. í s. 661 3654.

Grár Alfa Romeo 156-2.5V624V árg. '98, ek. 98 þús. 6 gíra, 190hö, dökkar filmur í gluggum, ný tímareim, nýr spindill. Ásett v. 690 þús. Stgr. 550 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 844 1804.

VW Fox VSK bíll árg. 2007. Ek. 7 þús. Eins og nýr. Verð 1 milljón + vsk. Uppl í síma 662 2400.

Dodge Durango 5,7 hemi. Árg. '06, V+S dekk, dvd. V. 3.850 þús. Uppl. í s. 869 1096.

Toyota Corolla árg. '95 í mjög góðu standi og vel með farinn. Ek. 179 þús. Verð 200 þús. Uppl. í s. 693 3520 & 471 2450.

Sendibíll Bens Sprinter 316 CDI '02, ssk. Ek. 90 þús. Verð 1,8. S. 693 2991.

Nissan Almera árg. '99, ek. 137 þús. V. 350 þús. Heilsársdekk, smurbók. Uppl. í s. 867 2677.

Hyundai Accent '99, ek. 120 þ. sjálfsk. Blár. Verð: ca.220.000. S:862-8222

Vantar bíl í góðu lagi, skoðaðan '08, á kr. 70.000 stgr. Sími 896 3694.

Til sölu Toyota Corolla touring '98 4x4 V. 290 þ. S. 868 3069.

Skodi Octavia 4x4 árg. '03, ek. 127 þús. V. 950 þús. Uppl. í s. 588 3657 & 696 3657.

**Kia Picanto**
Árg. '06 Ek. 6 þ. Ssk. Til sölu. Ásett V. 999 þ. V. 1490 þ. nýr. Sumar og vetrard. á felgum. Áhv. ca. 400 þ. Hagkvæmt yfirtökulán. Órafmögnuð ritvél óskast á sama stað. S. 567 2510 & 824 1895.

Landrover Freelander árg.'98. Ek. 155 þús. 1800 cc, Vínrauður/sancera, beisk., Einn með öllu, magacin. Allur ný yfirfarinn, ný heilsársd. ný kúpling ofl. Verðtilboð. Uppl. í s. 660 0550 & 551 5812.

Ódýr bíll. Opel Corsa árg. '00, ek. 127 þús. V. 220 þús. S. 869 1010.

Ford Econoline150 '98 Sk. '08 Sjónvarp, 4 kaftein stólar og rúm. Áhv. bílalán. S. 898 7473.

Ford expedition '05 leður, rafm. Cd, dvd, sjónvarp. ek. 36 þ. 35" S. 898 7473.

AudiA6 árg. '97 rafmagn, þjófavörn, 16" álf. CD Fallegur! V. 490 þ. S. 857 0617

MMC lancer '93 St. 4x4, 5 gíra, 1.6 Rafm. V. 150 þ. S. 857 0617.

Saab 95 turbo, árg. '00, ek. 106 þús. V. 950 þús. Uppl. í s. 565 5714 & 699 0395.

**Útsala á bílum**
Honda Crv árg. '99 v. 400 þús, Nissan Vanette árg '97 v. 200 þús. VW LT árg '97 diesel v. 320 þús, Suzuki Vitara árg. '96 V6 v. 150 þús, Nissan 200 SX árg '90 v. 200 þús, Uppl í s. 822 8171.

## 0-250 þús.


200þús eða Besta boð Alfa Romeo árgerð 1999 Skoðaður 08 - Ný tímareim + fl Get tekið bilaðan bíl uppí Sími 6904045



DVD/TV/RADIO og auka skjár í bíl til sölu. Ónotað tæki. Verð 65 þús. Uppl. í síma 861 4507.


Peugot 307 - 2000 árg. Keyrður 93.000 km. Sjálfskiptur. Verð 140.000kr Góðu standi en beyglaðar afturhurðar. Hafið samband í síma 8224772


Til sölu Chevrolet Cavalier Z24 árg 93 með 3.1L V6, ssk, sk 08. Uppl: S:8923453

Til sölu Jepster árg. '67, 38" breyttur. Til uppgerðar. Uppl. í s. 899 4009.

Nissan Sunny árg. '94. Ek. 145 þús. Ssk. 4 dyra. Þarfnast smá lagf. fyrir skoðun. Fer fyrir lítið, Tilboð óskast. Uppl. í s. 699 6829.

Toyota Corolla '98, station. Ek. 102 þús. ný tímareim og geymir. Vetrardekk og snjódekk. Uppl. í s. 697 8324.

**Ódýr bíll.**
Til sölu Hyundai Accent sjálfsk. Árg. 2000. Ekinn 73.000. Verð 175.000 stgr. Uppl. í síma 553 6285.

TILBOÐ 190 þúsund. (áður 300) VW CADDY'00, ekinn 140þ. silfurgr. Þarfnast smá lagfæringa. S: 845-6770

TOYOTA COROLLA sedan, 4ra dyra. Árg. 98. Rauðbrúnn. 1,6L. Sjálfsk.Ekinn 154þ. Alltaf þjónustaður hjá Toyota. Verð 240.000- Uppl. 896 6913.

3 dyra Polo '97 ekinn 110 þús. til sölu á 230.000 upplýs. í s: 6920097 Hiddy

Nissan Almera árg 2000 til sölu myndir spear.bloggar.is/myndir/ v. 210 þús. s. 858 6454

Volvo 460 2,0 ssk. árg. 1997, ek. 141 þ. Nýsk. '09 s+v dekk á felgum. V. 190 þ. 892 5157

Suzuki Baleno GLX 4WD árg. 1996 til sölu, beinskiptur, ekinn 184.000 km. Nýskoðaður, verð kr. 90.000 þús. Sími 864 5344.

Hounday Sonata árg 1995.ekinn 152,000.fæst ódýrt. Sími: 8493165

**Ódýrir og Góðir**
VW Polo '97, ek. 160 þ. 5 dyra, 5 gíra, V/165 þ. Ford fiesta '97, Ssk. 5 dyra, ek. 98 þ. V/165 þ. S. 896 6744.

## 250-499 þús.


VW Polo ek 115þús nýskoðaður, vetrar og sumardekk fylgja, nýtt bremsukerfi. Verð 320 þús Uppl í síma 8959191


VW Golf árg. '99. Ek. 103 þús. Bsk. Skoðaður '08. Álfelgur. Nelgd dekk + sumar. Verð 350 þús. Sími 864 2339.


Galant árg. '98 ek. 160, sk. 08. Vetrad., ssk. og filmur. Ásett verð 590 þús. Tilboð 350 þús. Uppl. í síma 664 0307.


N. Almera comfort, 01, ek 97þ, 3dyra, fallegur. Listav. 630. Tilboð óskast, allt skoðað. s:8689786


Honda Civic vtec 1500 árg 1999 ekinn 120þ 3 dyra grænn, topplúga, s 617 6029


Ford F150 (supercup) 4x2 árg.'01. Ek 110 þús. Ásett verð 390 þús. Tilb. 400 þ. stgr. Uppl. í s. 663 6666.

VW Bora '99 ek. 108 þ. Sk '08. Verð 480þ. sími 6929714.

Ford Explorer árg. 96. Mjög góður bíll á frábæru verði. 290. þús. Uppl s. 863 8848

## 500-999 þús.


Til sölu góður Volvo S40 árg 2001 2L sjálfsk bein innsp ekinn 75.000km Listaverð 1.1mil fæst á 900.000 S:6177326


Honda CRV, árg. '98. ek. 140 þ. Verð 490 þús. áhv. 330 þús. Uppl. í síma 695 1730.


MMC L 200 diesel árg. 1998 ek. 215 þ. Tilboð 720 þ Uppl. í s. 893 1152 & 893 5854.


VW Golf, árg. '00. ek. 97þ. Verð 720 þús. Nýleg heilsársdekk. S:6924883


Pajero '96, 2.8 dísel, sjsk. Góður bíll, ný snjódekk. V. 530 þús. S. 897 1596.


VW Passat '00 1600 Ek. 107 þ. Í toppstandi nýskoð. Sumar og vetrard. Ný tímareim. Áhv. 400 þ. Verð 690 þ. Tilboð 630 þ. S. 897 2318.

Opel Astra 1,6 stw. Ek. 101þús, árg 01. Verð yfirt.lán +100þús eða 600þús stg. Uppl. 8623746.

Hyundai Getz '04, ek. 26 þ. bsk. Ný vetrard., filmur. V. 700 þ. S. 693 2991.

## 1-2 milljónir


Subaru Legacy 2002, ek. 89000, ssk., ný heilsársdekk, filmur, tengdóbox fylgir. Verð 1190.000 áhvílandi ca. 900.000. Uppl. í s. 663 0084.


BMW 318 i, árg. '99, ek. 80 þ., ssk., hiti í sætum, aðg.stýri v. 1.2m. S. 660 9606.


Honda Advance CRV 2003 ekinn 68 þ.km Hvítur Dráttarbeisli - Filmur verð kr. 1.890.000 skipti möguleg uppl 891 8922

Til sölu Lexus IS 200 sport árg '02, ek. 128 þ/km beinsk. Verð 1.990þ. áhv. 1.300þ. Topp eintak! uppl. í síma 8663551.


Góð kaup VW Golf. 2004 módel ekinn 45 þús km. 1600cc beinsk vetrar og sumar dekk á felgum og fl. skoðaður án atugasemda. 1380 áhvílandi og 120 þús. út uppl. í síma 846 4976.

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 26. JANÚAR 2008




**HANNYRÐIR**

## Blóm úr garði hugans – listilegar húfur Hörpu

**ELDHÚSIÐ**

## Skemmtilegur bragðbætir

**HEIMILIÐ**

## Draumahús Áshildar Haraldsdóttur


FRÉTTABLAÐIÐ







HEIMILISHALD
MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR

# Ávísun á vandræði?

Það er ákaflega móðins þessa dagana „að byggja“. Þegar ég heyri fólk tala um „að byggja“ fer um mig ónotatilfinning því ég og mínir vinir erum flestallir aldir upp við það að vera nýbúar í splunkunýju hverfi. Í Selásnum var hvorki skóli né almennileg matvöruverslun þegar við settumst þar að innan um stillansa, ókláruð hús og vörubílahávaða. Það er þó alls ekki bara vörubílahávaðinn sem fer fyrir brjóstið á mér þegar ég rifja þetta upp heldur að flytja inn í hálfklárað hús. Á níunda áratugnum þótti nefnilega ekkert að því að búa í húsi með álklæðningu í loftinu, með gardínur í stað innihurða. Ég man ennþá þann dag þegar ég fékk hurð á herbergið mitt, þá var sko aldeilis stuð. Hvað þá að geta læst að sér! Bílakostur íbúanna var líka töluvert öðruvísi þá en hann er í dag. Lúnar Lödur og skældir Skódar sem voru að hrynja þóttu ekkert tiltökumál, enda vildi þessi skynsama kynslóð frekar eiga fyrir pússningunni en að bruðla í ökutæki. Á þessum árum voru heldur ekki til nein vísakort. Það sem þurfti að kaupa var því oftast keypt í byrjun mánaðarins og svo var bara borðað úr búrinu eða úr frystikistunni þegar kreppti að. Það var þó alltaf einn og einn í hverfinu sem bjó í húsi sem var tipp topp. Þótt maður væri átta ára áttaði maður sig á því að viðkomandi væri pottþétt milljónamæringur.

> Ég dáist að fólki sem nær að byggja sér hús frá grunni, innrétta það og klára garðinn, án þess að skilja. Því að oft verður minna þrætuepli til að splundra bestu samböndum. Fólk verður að stýra heimilinu eins og stórfyrirtæki. Það er mikilvægt að allir horfi í sömu átt.

Í dag er þetta töluvert öðruvísi með breyttu lánakerfi og stökkbreyttu fjármálalandslagi. Fólk myndi fá hland fyrir hjartað ef einhver myndi flytja inn í hús þar sem væri ennþá álpappír í loftunum og borðplata með gardínu í stað eldhúsinnréttingar. Og þótt það sé fátt skemmtilegra en að innrétta hús þá fylgir því miklu meira vesen en bara að velja á milli eikar og hnotu.

Þeir sem byggja segja að þetta sé eina leiðin til að eignast hús án þess að fara á hausinn og benda á að það sé mun hagkvæmara „að byggja“ en að kaupa eldra hús og gera það upp. Það er sjónarmið út af fyrir sig en ég er þeirrar skoðunar að það sé líka allt í lagi að gera hlutina smátt og smátt í eldra húsi. Og fara í framkvæmdir þegar það eru til peningar frekar en að taka endalaus lán. Það gerir það líka að verkum að maður verður svo ógurlega hamingjusamur þegar hlutirnir loksins gerast.

Ég dáist að fólki sem nær að byggja sér hús frá grunni, innrétta það og klára garðinn, án þess að skilja. Því að oft verður minna þrætuepli til að splundra bestu samböndum. Fólk verður að stýra heimilinu eins og stórfyrirtæki. Það er mikilvægt að allir horfi í sömu átt og vinni að sameiginlegum markmiðum. Annars verður klofningur í stjórninni sem leiðir til sundrungar. Og þá verður svo ægilega leiðinlegt að vera til!



Sófinn og píanóið var það eina sem Elín hafði með sér heim frá Þýskalandi eftir nokkurra ára dvöl þar í landi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

# Borinn yfir Dóná af fjórum óperusöngvurum

● Elín Halldórsdóttir söngkona á góðar minningar frá árum sínum í Þýskalandi, sérstaklega man hún eftir því hvernig henni áskotnaðist forláta leðursófi.

Söngkonan Elín Halldórsdóttir bjó og starfaði í Regensburg í Þýskalandi um nokkurra ára skeið og þar eignaðist hún sófa sem ásamt píanóinu hennar var það eina sem hún flutti með sér heim til Íslands. Elín gaf fyrir jólin út djass- og söngleikjadiskinn Tunglið, fljótið og regnboginn og til að fjármagna hann ákvað hún að selja píanóið og er því sófinn einn eftir.

„Ég bjó í Regensburg í Þýskalandi í þrjú ár en þar var ég að syngja, kenna söng og stjórna tveimur kórum,“ segir Elín. Á meðan hún dvaldi þar kom í ljós að sonur hennar var með rykofnæmi og var henni ráðlagt af lækni að henda tausófa sem hún átti og fá sér leðursófa í staðinn.

„Við vorum svo heppin að góð vinkona mín, Marvi Kukka frá Finnlandi, var einmitt um þessar mundir að skipta út stofuhúsgögnunum sínum og ákvað að gefa okkur svartan þriggja sæta leðursófa. Hann var þá tíu ára gamall en það sást ekki á honum,“ lýsir Elín. Hún rifjar síðan upp hvernig sófinn komst heim til hennar en hún bjó í öðru hverfi en vinkonan. „Sófinn var borinn yfir Dóná, sem rennur í gegnum borgina, af fjórum fílefldum óperusöngvurum og bakaði ég handa þeim pitsur á meðan. Þetta voru talsverð átök fyrir þá og var einn frá vinnu daginn eftir,“ segir Elín og hlær.

Hún starfar nú sem píanó- og forskólakennari við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og stjórnar auk þess Gospelkór Suðurnesja. *-ve*



● **Forsíðumynd:** Harpa Jónsdóttir tók þessa mynd af einni af húfunum sem hún skapar sjálf. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● **PLASTPOKALIST** Virginia Fleck frá Texas í Bandaríkjunum býr til kúnstuga list úr endurunnum plastpokum. Verk hennar eru vinsæl hjá þeim sem stunda hugleiðslu af sérstökum toga og eru sum verka hennar meira en mannhæðar há.

Skoðið verk Virginiu Fleck á www.virginiafleck.com






Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi

Sérhannaðar tengigrindur fyrir íslenskar aðstæður
Vönduð vara úr ryðfríu efni
Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita- og snjóbræðslukerfi og fl.
Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á tengigrindumfyrir hitakerfi

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is


ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®
Skoðið úrvalið
í skíðadeildinni
okkar í Glæsibæ
15% afsláttur
af skíðapökkum
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 40783 01/08
SMÁRALIND SÍMI 545 1550
GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500
KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is


SPELT FLATKÖKUR
Alveg ferköntuð nýjung frá Ömmubakstri
www.ommubakstur.is



TÆKI TIL VERKLEGRA FRAMKVÆMDA
SNJÓTENNUR OG DREIFARAR FYRIR VÖRUBÍLA OG HJÓLASKÓFLUR
Wendel
Tangarhöfða 1 | 110 Reykjavík | Sími: 551 5464 | www.wendel.is


● **LEIRHÚSGÖGN** Hollenska hönnuðinum Maarten Baas varð eitt sinn litið á leir sem lá á við og dreif um vinnustofuna hans og nota átti til annarra verka. Þá hugsaði Baas með sér að skemmtilegt yrði nú að búa til úr leirnum húsgögn og þannig varð þessi skemmtilega lína til, en hún gengur einfaldlega undir heitinu Clay Furniture.




Í Kaffi Ljósi uppi er setið á rökstólum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hlýlegt andrúmsloft

● Á Langholtsvegi 43 þar sem Landsbankinn var með eitt af sínum útibúum hefur Ljósið komið sér fyrir með sína starfsemi. Þótt húsið sé óbreytt að utan er ólíkt um að litast innanstokks.

Þar sem áður var sýslað með peninga og fjöldi fólks gekk út og inn á hverjum degi er mannrækt nú í hávegum höfð þar sem friður og rólegheit ríkja. Ljósið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Góður staður til að rækta bæði huga og hönd og gleði og hjálpsemi einkenna andrúmsloftið. Híbýlin hafa verið tekin í gegn og áhersla lögð á heimilislegan blæ.

Á miðhæðinni þar sem afgreiðsla bankans var er nú handverksstofa og horn með sófa þar sem notalegt er að setjast niður. Þar eru líka bókahillur, borð og stólar og oft skapast þar kaffihúsastemning enda kallast sú aðstaða Kaffi Ljós uppi. Niðri er stórt og gott eldhús og þar eru framreiddir léttir og hollir réttir í hádeginu. Það er Kaffi Ljós niðri.

Uppi er jógasalur. Einnig nuddstofa og námsherbergi.

Starfsemi Ljóssins verður æ umfangsmeiri með hverju ári. Hugleiðsla, slökun, nudd, stafganga, Pilates-æfingar, fyrirlestrar og námskeið eru á dagskránni fyrir utan handverkið sem er vinsælt.

Húsnæðið verður opnað formlega hinn 31. þessa mánaðar milli klukkan 17 og 19. *-gun*


Einn af gluggum efri hæðar.


Sérstakt fundarrými fyrir þá sem sækja þjónustu Ljóssins. Líka námsaðstaða fyrir nema í framhalds- og háskóla.


Boðið er upp á heilsu- og slökunarnudd.


Hér getur fólk keypt fallega muni sem gerðir hafa verið í handverksdeildinni og eru seldir til ágóða fyrir starfsemina.


Kaffihorn á miðhæðinni.


Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Álprófílar – Sapa Building System
Sólstofur og svalalokanir
Prodema viðarklæðning
Hraðhurðir
Stálhurðir
með og án glugga
Gæði og þjónusta
í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Rennihurðir
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

# Blóm úr garði hugans

Hún stendur keik vopnuð myndavél í fagurri birtu Víkur í Mýrdal. Þar sem fyssandi þungi Atlantshafs og litskrúðugur suðurhiminn spila óvænta sinfóníu hvern einasta dag. Í æðum hennar rennur fjölskrúðugt listamannsblóð og hún er jafnvíg á hönnun hannyrða, ljósmyndun, söng og skáldskaparskrif. Og úr hugarins garði spretta blóm án nafna; jurtir sem í fegurð sinni lifna við og blómstra á húfum sem unnar eru af natni í skugga rauðra úlfa.

„Iss, allar vegalengdir eru svo stuttar hérna í Vík. Ég rölti bara heim á leið til að tala við þig í síma," segir verðlaunarithöfundurinn, söngkonan, kennarinn og hannyrðaskáldið Harpa Jónsdóttir þar sem hún smellir af síðustu myndinni á brúnni í Vík.

„Hér höfum við átt heima í rúmt ár; eiginmaðurinn og tvö börn mín, eftir að maðurinn minn tók við stöðu skólastjóra Tónlistarskólans," segir Harpa, sem áður bjó á Vestfjörðum þar sem hún kenndi við Grunnskólann á Ísafirði, en Harpa er fædd og uppalin í Kópavogi.

„Ég ætlaði aldrei að verða kennari þótt ég hafi verið byrjuð að kenna á klarinett fyrir tvítugt. Seinna fann ég að kennslan átti vel við mig, en hannyrðir hef ég lítið kennt utan smávegis á Flateyri um tíma," segir Harpa, sem ólst upp við prjónaskap, hekl og útsaum.

„Ég prjónaði rosalega mikið í menntaskóla og var jafnan í uppreisn í stærðfræðitímunum með prjónana á lofti, en svo lagði ég þá til hliðar og snerti varla fyrr en ég veiktist," segir Harpa, sem undanfarin þrjú ár hefur verið alvarlega veik af rauðum úlfum.



Listaskáldið Harpa Jónsdóttir skapar fegurstu húfur lýðveldins í Vík í Mýrdal.

„Ég hafði verið lasin í dálítinn tíma en vildi ekki horfast í augu við það og harkaði af mér svolítið lengi. Svo kom að því að ég veiktist hastarlega og varð að leggja árar í bát. Rauðir úlfar eru ekki jafn sjaldgæfir og þeir eru lítið þekktir. Sjúkdómurinn sést ekki utan á manni og einkennin eru mismunandi á milli manna, en ég er svona frekar í verri kantinum með tíð höfuðverkjaköst, jafnvægisleysi og takmarkað þrek, en sjúkdómurinn hefur breytt lífinu ansi mikið," segir Harpa um þann ólæknandi gigtarsjúkdóm sem nú hefur alið af sér einstakar húfur.

„Eftir ég þurfti að hætta að vinna vildi ég nota dagana til útrásar fyrir skapandi hliðina. Ég hafði áður dundað mér við skriftir og gefið út barnabókina Ferðin til Samiraka, sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2002. Mig langar gjarnan að halda áfram skrifunum og er aðeins byrjuð aftur, en í handavinnu fæ ég útrás fyrir skapandi orku og get unnið með liti og form," segir Harpa, sem nýtur þess að láta hugmyndaflugið teyma nálina áfram í húfugerðinni.

„Húfurnar eru alfarið sprottnar úr mínu höfði, en ég hristi þær ekki fram á einni kvöldstund. Ég skráði mig í prjónaklúbb á netinu í haust og prjónaði tehettu í leyniprjóni en þótti hún svo skelfilega ljót að ég saumaði í hana munstur til að gera hana illskárri. Með hana fyrir augum mér datt mér í hug að gera fyrstu húfurnar og hef ekki síðan hætt því húfurnar koma ein af annarri í huga minn," segir Harpa sem bróderar blóm, lyng og önnur náttúrunnar ævintýr í þæfðar ullarhúfur sínar á tveimur til þremur vikum.

„Nú á ég sjö húfur í fórum mínum sem víst eru falar en ég hef ekki enn komið þeim í sölu út á við. Framleiðslan er hægari vegna sjúkdómsins. Núna er ég að prjóna bláa fyrir sjálfa mig, en dætur mínar eiga hvor sína og hefur sú níu ára verið að prufukeyra sína snjóhvítu í vetur. Ég prjóna þær stórar og þæfi svo, þannig að þéttnin heldur rigningunni frá og húfurnar eru mjög hlýjar. Ekki sjást óhreinindi á þeirri hvítu þótt alltaf sé verið úti að leika sér," segir Harpa þar sem hún horfir á himnaskartið úr hlaðinu heima.

„Hér er mikið úrkomusvæði en ákaflega fallegt og birtan ólýsanleg þar sem himinn og haf mætast. Það er gott að vera í sveit fyrir Kópavogsbúa. Gott að búa með náttúrunni og skapa."

*- þlg*



Fyrstu tvær húfurnar sem bornar eru og barnfæddar af ímyndunarafli Hörpu eftir ólaglega tehettu sem bjargað var með fögrum útsaumi.



Hvíta ullarhúfan sem dóttir Hörpu ber í leik og námi vekur hvarvetna athygli sem ljúfasta augnayndi, en húfan sú neitar að óhreinkast.







Höfuðskart Hörpu er sannkölluð kóróna með íðilfögrum, fínlegum smáblómum. Dásamleg viðbót við náttúrulegan yndisleik kvenna.

# Verkafólk spyr:

## Getur einhver verið á móti því að lágmarks tekjutrygging í dagvinnu hækki úr 125 þúsund krónum á mánuði í 155 þúsund eins og verkalýðsfélögin fara fram á ?

Veistu að framfærslukostnaður einstaklings er ekki undir 170 þúsund krónum á mánuði.



V.L.F. HLÍF

**Verkalýðsfélagið Hlíf**


A WORLD OF INSPIRATION
20%
FOR YOUR HOME
áður 9.990
Nú 7.990
TRISTAN Borðlampi
000217
áður 4.990
Nú 3.990
SIENNA Borðlampi
000248
áður 4.990
Nú 3.990
MARGOT Borðlampi
000231
the PIER
A WORLD OF INSPIRATION
útsala

# Allt að 70 % afsláttur




Glasamottur
áður 1.990
Nú **990**

Diskamottur
áður3.490
Nú **1.690**

BAMBOO print glasamottur og diskamottur
523196/523066 og 547338/547482




áður
22.900
Nú **15.990**

LINDI kista Sett, stór og lítil
553766







áður 2.990
Nú **1.990**

SERENE stytta 30cm
475457




áður 1.990
Nú **1.190**

SPICE MOSAIC gardínustöng
0537575
RED BEAD GLOBE gardínustöng
550901




MONACO borð 191008 39.900
MONACO stóll 1971010 12.900.-
MONACO sett borð og 4 stólar 531153 69.900.-




áður 990
Nú **690**

MOSAIC vín –og kampavínsglas
476195/476201




áður 4.990
Nú **2.990**

FINE RIB Gardína
brún 537506 rauð 537520 beige 537513




áður 2.990
Nú **1.490**

SEAGRASS bakkar 2stk.
524858




áður 5.990
Nú **4.130**

Melvi baststóll
535267 / 535274

**komdu - sjáðu - upplifðu**

The Pier | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860



1

# Skrítið og skemmtilegt

● Gaman getur verið að hrista aðeins upp í umhverfi heimilisins með því að setja nokkra vel valda og sérstæða hluti hér og þar. Hinn furðulegasti vasi getur orðið að listaverki ef hann er í réttu samhengi. Svo kallaðir „kitsch“-hlutir, sem er skilgreining á nokkurs konar yfirdrifinni hönnun, geta oft sett skemmtilegan svip á hvaða umhverfi sem er. Þetta eru þá oft fremur smekklausar eftirlíkingar eða dramatísk og ýkt hönnun sem oft getur verið gaman að. Víða má finna slíka gripi og þá ekki síst á stöðum eins og Góða hirðinum, í Kolaportinu, antíkverslunum eða í verslunum þar sem boðið er upp á gamla lagera.



2



3

**1. Krúttlegi kettlingabakkinn** fer alla leið í „kitschinu“. Þessi gripur minnir óneitanlega á hina agalegu persónu Dolores Umbridge úr Harry Potter-bókinni „Fönixreglan“ en er þrátt fyrir það yndislega yfirdrifinn og sæmir líka góðu fólki. Herlegheitin fást í Þorsteini Bergmann á 650 krónur.

**2. Skemmtileg kökumót** þar sem útbúa má hendur úr kökudeigi. Síðan má lakka neglurnar með glassúr. Skemmtileg tómstundaiðja fyrir unga sem aldna. Mótin fást í Þorsteini Bergmann á 480 kr.

**3. Hver þarf ekki á smjörkrullujárni að halda?** Sniðugt áhald þar sem útbúa má litlar smjörkrullur til skrauts og neyslu á veisluborðið. Fæst í Þorsteini Bergmann á 250 kr.

**4. Bláeygða kettlinginn** stenst enginn. Styttur sem þessar voru vinsælar á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og má nú finna á fornmunasölum. Bröndótti kettlingurinn fæst í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg á 3.200 kr.



4



5

**5. Blómlegur og rómantískur** ítalskur kertastjaki frá Antíkhúsinu á Skólavörðustíg. Kostar 1.800 kr.

**6. Dásamlega ýktur og ofhlaðinn** lampi með rjómasætu rókókópari uppi við ljósastaur. Skreyta mætti lampann enn frekar með fallegum skermi og gæti verið gaman að hafa lampa sem þennan í barnaherbergi þar sem skraut er dyggð. Fæst í Þorsteini Bergmann á 2.480 kr.



6




Finnskur North Ice Winter útivistarfatnaður með Air-Tex öndunarfilmu

**Innnifalið:** Úlpa, buxur, microflís, nærföt, og flísmillilag, húfa, trefill og lúffur.

Allur pakkinn á

kr. **19.500,-**

**Icefin** • Nóatúni 17 • s., 534 3177

**www.icefin.is**

habitat

# ÚTSALA

## 30-70% afsláttur




**VERDI** plaststóll
Verð áður ~~9.900 kr.~~ nú **5.900 kr.**

Askalind 1, Kópavogur. Sími 568 9700. Opið virka daga 10 - 18, lau 11 - 17 og sun 13 - 17.

UNDRABÖRN
MARY ELLEN MARK




Áhrifarík sýning og vönduð bók með myndum sem hinn heimskunni bandaríski ljósmyndari Mary Ellen Mark tók af fötluðum börnum á Íslandi. Sýningin hefur verið framlengd til 3. mars og bókin fæst í Safnbúð Þjóðminjasafnsins.
Opið alla daga 11-17, lokað á mánudögum.

ÞORRI




Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Sölustaðir
Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Staðarskáli, Verslunin Vísir, Verslunin Þingholt, Bláa lónið, World Class, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA



**Áshildur Haraldsdóttir, stjórnarmaður í Torfusamtökunum, vill búa í húsi með sál.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DRAUMAHÚS

# Eldgamalt með sál

Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari er í stjórn Torfusamtakanna. Hún á sér draum um að búa í húsi með sál.

„Draumahúsið er náttúrlega eldgamalt og það mætti gjarnan vera gömul steinsteypu-klassík sem væri byggð fyrir 1940 með smáatriðum í listum og öðru slíku. Húsið þarf að vera með sál og stemningu og það mætti vera háreist en þarf ekki að vera mjög stórt, tvær hæðir allavega, og sjórinn og Esjan mega blasa við. Það mætti vera mjög miðsvæðis líka og nálægt miðbænum með stórum garði og grónum trjám,“ segir Áshildur og heldur áfram að lýsa draumahúsinu sínu. „Það mætti vera heitur pottur og verönd og gamlar upprunalegar innréttingar í eldhúsinu og nóg af herbergjum, minnst tvö baðherbergi og svo innangengt beint út í garðinn, þó að ég hafi kannski aldrei séð svoleiðis í gömlu húsi,“ bætir hún við en lætur það ekki aftra sér í drauminum um húsið sitt og lýsir því frekar. „Húsið þarf að vera bjart og sólríkt og það mætti vera einn seinni tíma aðskotahlutur sem væri sólstofa. Ég held að svona hús sé ekki til svo þetta er draumahús. Ég er raunsæ og það yrði erfitt að finna það sem ég er að lýsa, að minnsta kosti fyrir laun tónlistarkonu,“ segir Áshildur, sem býr þó núna í húsi sem kæmist næst draumahúsinu hennar.

*-rt*

● **FINNSK HÖNNUN** hefur löngum verið vinsæl og þótt afar vönduð. Iittala er finnskt gæðamerki í hönnun en fyrirtækið var stofnað árið 1881 og sérhæfir sig í alls kyns húsbúnaði. Framleiðslan byggir á nútímalegri skandinavískri hönnun og er fyrirtækið með fjölda þekktra hönnuða á sínum snærum. Elstu vörurnar sem enn eru í framleiðslu eru frá 1930. Skálarnar sem hér gefur að líta eru úr Origoa-línunni sem hefur verið mjög vinsæl. Í henni eru kaffikrúsir, skálar, eggjabikarar og diskar með litríkum röndum. Þessar vörur eru meðal annars fáanlegar í Kokku og Saltfélaginu.







**KLIKKAÐAR KÖKUR** Þegar kalt er úti og jafnvel ófært vegna veðurs getur verið gaman að dunda sér við eitthvað skemmtilegt í hlýjunni heima. Sumir hafa gaman af því að baka og ekki spillir fyrir að fá góðan kökuilm í húsið. Gaman getur verið að bregða út af vananum og útbúa öðruvísi og mergjaðar kökur í stað hinnar klassísku skúffuköku, sérstaklega við skemmtileg tilefni. Oft má notast við dæmigerðar uppskriftir eins og súkkulaðiköku eða piparkökur og setja deigið síðan í skemmtileg form og tapa sér loks í skreytingunum. Þá er um að gera að eiga nóg af matarlit, glassúr og kremi, skreytipenna fyrir kökur, rjómasprautu, sælgæti, skrautsykur og fleira sem gæti komið sér vel við krassandi kökuskreytingar.



**Best að skella í sig einni bollu, eða júmbópillu...hvað sem þetta á nú að vera.**



**Erfiðisvinna.**



**Þetta er alveg að koma! Ætli þessi hönnuður hafi unnið eitthvað á Kárahnjúkum?**



**Þessi er ansi harðsvíruð og ekki fyrir viðkvæmar sálir. Kannski að eitthvert gróft rokklag sem sæmir myndefninu leynist á þessum geisladiski.**

**● GEGGJAÐIR GEISLADISKAR** Geisladiskar búa ekki einungis yfir tónlist heldur eru þeir einnig ágætis efniviður til að leika sér með hönnun. Á IAmboredr.com fer fram hönnunarsamkeppni þar sem hanna þarf mynd á geisladisk sem felur í sér gatið í miðjunni. Það þýðir að gatið þarf að vera hluti af listaverkinu. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir hafa komið þar fram og hér gefur að líta nokkrar og er greinilegt að hugmyndafluginu hefur verið gefinn laus taumur.



## hönnun



### FALL HINNA FORDÆMDU

Það er óvíst að öllum líki þetta nútímalega loftljós sem telst kannski seint vera beinlínis upplífgandi þótt það sé engu að síður áhugavert. Ljósið, sem kallast Fall of the Damned eða Fall hinna fordæmdu, er eftir hönnuðinn Luc Merx og hluti af einkasafni. Það er samansett úr fjölda mannslíkama sem virðast vera að hrapa úr loftinu niður til jarðar, eða hugsanlega helvítis, en fallið á meðal annars að tákna sekt og fordæmingu mannsins.

PRÓTÍNBOMBUR!




Samkvæmt nýrri skýrslu Matís er harðfiskur enn hollari en áður var talið. Langhollasti þorramaturinn.

BÓNUS

Fæst í Bónus

GULLFISKUR
Hollusta í hverjum bita



# Skemmtilegur bragðbætir

● Pipar og salt eru helstu kryddin sem notuð eru til að skerpa og bragðbæta matinn. Það er gott að hafa kryddið í handhægum umbúðum sem auðvelt er að teygja sig í en ekki spillir fyrir að umbúðirnar séu einnig augnayndi.

**1. Hugvitsamleg piparkvörn** sem gengur fyrir rafhlöðum og með því að ýta á takkann að framanverðu malar hún piparinn og neðan úr henni skín ljós. Kvörnin er úr burstuðu stáli og er frá Cole & Mason en fæst í versluninni Pipar & salt á 5.900 kr.

**2. Saltstaukur** sem líkist vita. Á postulíninu er útflúr og fíngerð gullrönd efst og neðst. Hausinn er einnig gylltur. Fæst í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg á 1.800 kr.

**3. Silfursaltstaukur** sem minnir á taflmann eða babúsku með sínar mjúku línur, smekklegt munstur og kórónu. Hann fæst í Antíkhúsinu á Skólavörðustíg og kostar 1.800 kr.

**4. Lítill og sætur saltsveppur** frá Þorsteini Bergmann á Skólavörðustíg. Sveppurinn er á gjafverði, einungis 110 kr.

**5. Fjörugar salt- og piparkvarnir** úr gegnsæju plasti með doppum. Fást hjá Þorsteini Bergmann þar sem einnig má fá leirtau í stíl. Verð er 4.480 kr. parið.

**6. Krúttlegt pipar og saltpar** sem festist saman með segli í innilegum kossi. Hann geymir svartan piparinn og hún hvíta saltið. Þau fást í Pipar og salt og kosta 1.500 kr. *- hs*








Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

# MAX RAFTÆKI

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# útsala

## – verð í frjálsu falli

Gríptu gæsina meðan hún gefst!

**Raftæki** allt að 67% afsl.

**Tónlist** allt að 65% afsl.

**DVD myndir** allt að 50% afsl.

**Tölvuleikir** allt að 80% afsl.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

Þarftu slökun? Heilrænt slökunarnudd er lausnin. Sirra s. 898 2022..

Nokkrir ferðanuddbekkir til sölu á sérkjörum v/flutnings. Uppl. í síma: 891 6447.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S: 435-1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

SCHOOL OF ICELANDIC

Intensive Icelandic-Íslenska f. útlendinga: Level I: 4 weeks x 5d; Md-Frd;18-19:30. Start 4/2, 3/3, 31/3 Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30. Start 25/2, 14/4, Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30. Start 18/3, 27/5. Ármúli 5. s.5881169, ice@icetrans.is, www.icetrans.is/iceschool

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Tvö nýleg stillanleg rúm með fjarstýringu, 90x200 seljast á hálfvirði. Uppl. í s. 858 5102.

**100-150 Lítra fiskabúr óskas gefins eða ódýrt**
Áhugasamir hafið samband við Hildi í síma 692 4174... Skoða öll tilboð.

3ja sæta sófi með brúnu rúskinnsáklæði, nýr 89 þ. selst á 45 þ. S. 864 2335 & 567 2335.

## Antík

GLÆSILEGT SÓFASETT! Yfirdekkt og yfirfarið f 6 árum.Sófi og 3 stólar. Uppl. síma 8927404

## Dýrahald

Til sölu hreinræktaðir silky terrier hvolpar. Heilsufarskoðaðir, örmerktir, tilbúnir til afhendingar með ætbók. Uppl. í s. 897 9257.

Gæludýr & hestar

Opið virka daga frá kl. 11- 18 og laugardaga frá kl. 11-16. Fiskislóð 18, 101 RVK.

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**



Til sölu 6 hreinræktaðir Amerískir Cocker Spaniel hvolpar. Kátir og blíðir. S. 895 7096.



**Elvis Presley til sölu**
Yndislegur og gullfallegur svart/silfur dverg Schnauzer rakki til sölu. Tilbúinn til afhendingar. HRFÍ ættbók og glæsilegir sýndir og augnskoðaðir foreldrar. Uppl. í s. 846 8171. www.svartskeggs.com



Til Sölu Amerískir Cocker Spaniel Hvolpar. Tegundin hendar mjög vel sem heimilshundar, Kátir og miklar félagsverur. Uppl. gefur Karen í s. 661 9876 & á www.draumora.com

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

**Loðnir Chihuahua**
Tilb til afhendingar e 28 jan. Ættbók Rex, örmerktir, heilsufarsb. trygging og hvolpapakki. Áhugasamir sendi inn fyrirspurn á berglilja@hive.is ásamt helstu uppl. um viðkomandi og aðstæður til að taka að sér hvolp. e í s. 856-1773 Á sama stað 120L. fiskabúr m/öllu á góðu verði

Til sölu gullfallegir, litlir Chihuahua hvolpar með ættbók. S. 897 8848.

Til sölu Papillon hvolpar með ættbók frá Íshundum. Uppl í s. 845 0361.

8 vikna fallegir kettlingar fást gefins á góð heimili. Uppl. í s. 865 3346.

# TILKYNNINGAR

KOLAPORTIÐ
OPIÐ
um helgina
frá kl. 11-17
pantaðu bás á netinu:
www.kolaportid.is

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Hnakkar, taumar, múlar, höfuðleður, ábreiður ofl. Hestavörur á frábæru verði. Tito.is - Súðavogi 6. S. 861 7388.

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

## Handavinna

**Módelsmíði**
**Er ekki einhverjir á stór Reykjavíkursvæðinu sem hafa áhuga á módelsmíði á bátum? Ekki setja saman módel, heldur smíða báta frá kjöl og uppúr. Ef einhverjir hafa áhuga á þessu, þá hringið í síma 892 4724 e. kl. 20, Elli.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Húsnæði í boði - einstaklingar sem og fyrirtæki.**
**Glæsileg íbúð, 104 fm í opnu rými með glæsilegu panorama útsýni yfir Rvk. á svæði 104. Gæti henntað fyrirtæki sem og einstaklingum. Langtímaleiga.**
**S. 517 3727 / sunnudagurinn 27.janúar. 15:00-18:00**

**3ja herb. íbúð í 105/ teigunum, laus strax - 1. ágúst**
**Til leigu er 3ja herb. 65fm kjallaraíbúð m./öllum húsbúnaði/ húsgögnum. 120 þús. á mán + 1 mán. fyrirfram.**
**Áhugasamir hafið samband í síma 663 5459.**



Til leigu 164 fm 4. herb. einbýlishús í góðu hverfi í Garðabæ. Langtímaleiga. 210 þ. á mán. + trygging. Sigfús s. 899 4177.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúðir eða skrifstofur til leigu í Súðarvogi 7. Einnig einbýli/tvíbýli á Lindargötu. Uppl. 897-4589/660-9573.

107 fm. 4 herb. Íbúð til leigu í Unufelli. Laus strax. Uppl. í s. 661 8565.

2ja herb. íbúð til leigu í neðstaleiti með bílastæði. Sv. 103. Uppl. í s. 843 9776 & 899 7188

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager frá 1. feb. með húsgögnum. Uppl. í s. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

Herbergi til leigu í 101 V. 50 þús. Allt innifalið! Uppl. í s. 662 0072. Room for rent in 101 Rvk. Everything included. Tel. 662 0072.

Fullbúið 70m2 hús til leigu í Portúgal.685evrur 3-6mán.ADSL.Uppl. joanamatos3@gmail.com

50 fm 2 herb. íbúð í lyftuhúsi við þverbrekku í Kóp. Til leigu nú þegar. Uppl. í s. 863 2444 & 554 0403.

Falleg ný 60 fm íbúð m húsgögnum til leigu á Seltjarnarnesi. Sjón er sögu ríkari. Áhugasamir, reyklausir og reglusamir hafið samb. í s. 898 9171 og 553 4171.

Rúmgott og bjart 15 fm herb. í kjallara til leigu í Fífuseli. Með aðgangi að baðherb. Sjónvarpstengi. Reykl. Laust nú þegar. Áhugasamir hafi samb. í s. 899 0312.

Raðhús til leigu í Mos. 85 fm 3 herb. 110 þ. á mán. 2 mán. fyrirf. Tryggingarv. Greiðsluþj. Laus 1 mars. Langtímal. Reglusemi ásk. S. 554 2542.

2 herb. Hrauntungu í Kópavogi. sérinngangur kr. 105 þ/m Hita,rafm,internet . s. 896 7868.

## Húsnæði óskast

26 ára einstæð móðir með eitt barn óskar eftir lítilli 2ja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Ingileif 8684557

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð á höfuðborgarsv. Langtíma leiga eingöngu. Uppl. í s. 896 2836 & 846 0083

Sjómann vantar 4 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 662 3703.

30 ungur, reglusamur, maður í góðri vinnu, með 3 ára border collie hund. Óska eftir íbúð á stór reykjavíkursvæðinu. S. 869 8655.

Óska eftir herbergi til leigu á höfuðborgrsvæðinu á hámark 35 þús, uppl í s. 867 3399.

## Sumarbústaðir



Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu að Trönuhrauni 6, Hfj.**
Verslunar- / skrifstofuhúsnæði 136 fermetrar,ásamt samtengdu geymsluhúsnæði 176 ferm. Í húsnæðinu er núna sportvöruverslunin P.Ólafsson hf.á sömu hæð er efnavöruversl.Lissy. Upplýsingar í símum 555 2605 og 892 22 22.

Til leigu þrjú skrifstofuherbergi miðsvæðis í Rvk. Leiguverð kr 10.000.- S. 6914060

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 868 1369, Þóra eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólkí fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinna í boði ef vill.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Smiðir og verkamenn**
**Óska eftir smiðum og verkamönnum í ýmis störf á höfuðborgarsvæðinu.**
**KA ehf. s. 660 4060. kaehf@internet.is**

**Atvinna í boði**
**Fyrirtæki á Stórreykjavíkursvæðinu óskar eftir að ráða til starfa laghenta menn, helst vönum húsaviðgerðum, þó ekki skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 661 0117**

**Meiraprófsréttindi Vélamenn óskast**
**Óskum eftir að ráða vana vélamenn, með meiraprófsréttindi. Mikil vinna framundan.**
**Vélsmiðjan Altak ehf Ægisgarði 7 Sími á skrifst. 577-7090 og einnig gefur uppl. Sveinn Magnússon 8992816**

**Mötuneyti**
**Óskum að ráða aðila til að sjá um mötuneytisaðstöðu og þrif á vinnubúðum staðsettum á Hellisheiðarvirkjun.**
**Vélsmiðjan Altak ehf Ægisgarði 7**
**Sími á skrifst. 577-7090 og einnig gefur uppl. Sveinn Magnússon 8992816**

JOLLI

**Söluturninn Jolli Hafnarfirði**
Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.

**Bókari - hlutastarf - möguleg kvöld og helgarvinna**
**Óska að ráð bókara í fjárhagsbókhald, vsk uppgjör, afstemmingar og launabókhald. Um er að ræða hlutastarf með möguleika á kvöld og helgarvinnu.**
**Sendið umsókn á netfangið airhotel@simnet.is**

**Okkur vantar trésmið til Danmerkur**
**Vegna breytinga á húsakynnum Íslandssetursins í Danmörku vantar okkur góðan smið til starfa tímabundið. Ekki er verra ef viðkomandi hefur áhuga á að setjast að í Danmörku eftir að verkefninu líkur. Við höfum góð tengsl og sambönd á dönskum vinnumarkaði.**
**Vinsamlega hafið samband við Baldvin í síma 0045 6139 3304 eða info@inart.dk**

**Join a 2 year leadership training with HUMANA in Africa and Germany!**
**6 months : work and education in our Second Hand fashion shops in Berlin and preparation for the work in Africa through studies and courses. 6 months : work in Africa, e.g. in the second hand sector, social projects etc. 12 months: using your capacity in a significant way. Where? In Germany or in another European country in a management position or setting up a new project.**
**Language: English Start: April, July, October 2008 For more information: E-mail: info@humana-second-hand.de or +493375219829**

**Gluggasmiðjan ehf. auglýsir**
**Gluggasmiðjan ehf., Viðarhöfða 3, Reykjavík, óskar eftir að ráða iðnaðar- eða laghentamenn í ál- og trédeild fyrirtækisins.**
**Upplýsingar veitir Einar Björn í síma 577-5050 eða 692-0096.**

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

**Rafvirkjar**
Óska eftir rafvirkja til starfa. Rafloft s. 896 2660.

**Spjalldömur.**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Reikningshald - Framtíðarstarf Fyrirtæki leitar að einstaklingi til að sjá um bókhald og skrifstofuhald fyrirtækisins og tengdra félaga. Hjá fyrirtækjunum starfa um 25 manns Boðið er upp á góða starfsaðstöðu, sveigjanlegan vinnutíma og topplaun Helstu verkefni: Yfirumsjón með reikningshaldi Launaútreikningar Uppgjör og áætlanagerð Erlend samskipti við birgja Starfsmannamál Hæfniskröfur: Víðtæk bókhaldskunnátta og reynsla Góð Excel kunnátta Gott vald á ensku Frumkvæði, nákvæmni og metnaður Samskiptahæfileikar Starfsumsóknir ásamt ferilsskrá sendist fyrir 10. febrúar á: bokari2008@visir.is

Vanan vélstjóra vantar strax á 80 tonna Netabát sem gerður er út frá suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Vantar þig aukavinnu? Borgargrill getur bætt við sig fólki á kvöld og helgarvaktir. Góð laun í boði fyrir áræðanlega aðila. Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 820-5851

**Vantar þig Starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

Castello Pizzeria óskar eftir að ráða bílstjóra í dagvinnu. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í sima 577 3333 & 692 3051.

Stýrimaður óskast á 150 tonna dragnótarbát sem rær frá Suðurlandi. Uppl. í s. 695 5796.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Vönduð vinnubrögð Sanngjarnt verð. Tek að mér allar gerðir þrifa.Uppl 8573403 Íris

**Smiðir!**
Hópur vaksra smiða ásamt kranamanni óskar eftir vinnu við mótauppslátt, sem undirverktakar. Uppl. í s. 857 0673 & shc@hive.is.

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, bilstjorar, velamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

Pólsk kona óskar eftir vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Skilur íslensku og ensku. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 845 0772.

40 ára Íslenska konu vantar vinnu frá 8- 15 virka daga, mötuneyti kemur vel til greina, Uppl í s. 899 6288.

**Vantar þig Starfsfólk?**
Hendur.is er nýr vefur sem aðstoðar fyrirtæki við að finna rétta starfsfólkið. Ef auglýsingin skilar ekki árangri færðu hana frítt. WWW.HENDUR.IS

Pólskt par, 25 og 21 árs, óskar eftir 100% vinnu, enskumælandi. S. 699 8321 / przem50@hotmail.com

**Kranamaður**
Vanur kranamaður óskar eftir vinnu á byggingakrana. Uppl. í s. 869 1903.

## Viðskiptatækifæri

**Áttu þér draum?**
**er draumurinn kannski að reka lítið fyrirtæki án mikillar áhættu? Þá er þetta málið. Ef þú ert nuddari, snyrti- förðunar- fótaaðgerða- eða naglafræðingur**
**og ert með reynslu hafðu þá samband á snyrtistofanmist@gmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Viðskiptavinir ATH!**
Naglahorn Rutar er flutt í Extra Hár Suðurveri 45-47. Hlakka til að sjá ykkur. Kv. Rut Stephens, 822 0859.

Þau sem sáu áreksturinn á gatnamótum Seljaskógar og Breiðholtsbrautar Sunnudaginn 20/1 Kl. 15.50 Vinsamlegast hringið í S. 866 5884.

## Einkamál

63 ára karlmaður óskar eftir kynnum við konu 55-65 ára. Svar óskast á FBL, merkt „Kynni“.

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**KJARRMÓAR 4 - GBÆ RAÐHÚS**
**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 14.00 TIL 15.00.**



Sérlega fallegt mikið endurnýjað raðhús á þessum frábæra stað. Eignin er 84,8 fm á 2 hæðum auk bílskúrs 29,9 fm, samtals 114,7 fm en fyrir liggur samþ. teikningar af ca 10 fm stækkun á húsinu. Parket á gólfum. Glæsilegt nýtt eldhús, flísalagt bað. Bílskúr með geymslulofti.
**V. 32 millj**
***Hilmar sölumaður Hraunhamars verður á staðnum sími 892 9694***

**FLÓKAGATA 4 - HF. EINBÝLI**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14.00 TIL 16.00.**



Nýkomið í einkasölu á þessum frábæra stað, mjög gott einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals 192,5 fm. Glæsilegt nýtt eldhús, ný standsett baðherbergi, parket á gólfum. Hús að utan í topp standi, nýir gluggar og gler, nýtt þak og fl. Glæsileg lóð með pöllum o.fl. **Verð 49 millj.**
***Dísa og Bubbi bjóða ykkur velkomin.***

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

Frum

# FYRIRTÆKI TIL SÖLU
## SÉRVERSLUN

### Frábær sérverslun á tveimur stöðum

Verslanirnar eru einar sinnar tegundar á Íslandi og með vörur sem seljast alla daga ársins. Stöðugur vöxtur síðustu ár. Eigin innflutningur, traust viðskiptasambönd, góð velta og góður hagnaður. Verslanirnar eru staðsettar í mjög góðum húsnæðum á fjölförnum stöðum. Hagstæðir leigusamningar. Miklir möguleikar á aukinni veltu.

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN**
Skipholti 15 • 105 Reykjavík
Sími 512 3600 • Fax 512 3601
logheimili@logheimili.is • www.logheimili.is
Jónas Örn Jónasson, hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

***Nánari upplýsingar eru aðeins gefnar hjá Heimi Bergmann á skrifstofu Lögheimilis. Engar uppl. gefnar í síma.***

Frum

**heimili FASTEIGNASALA**
Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson, Einar Guðmundsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

# SÖLUSÝNING Í DAG

## TRÖLLAKÓR 2-4 – TIL AFHENDINGAR STRAX



**Vandaðar og vel skipulagðar 3- 5 herbergja 110-168 fm íbúðir í nýju fjölbýlishúsi með lyftu.**
Húsið er mjög vel staðsett í næsta nágrenni við skóla, leikskóla og nýja íþróttabyggingu, Kórinn. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar með vönduðum innréttingum með granít borðplötum, ísskáp,uppþvottavél og örbylgjuofni. Flestum íbúðum fylgir stæði í upphitaðri bílageymslu. Stórar og góðar geymslur.
**Verð frá 25,9 millj.**

***Sölusýning er á eigninni í dag milli kl. 12-13.***
***Sölumenn verða á staðnum.***
***Verið velkomin!***
***Traustur byggingaraðili***
***Dverghamrar ehf***

Frum

ATVINNA

**VANTAR ÞIG SMIÐI?,..**
**..múrara, pípara, hugbúnaðarsérfræðinga, hjúkrunarfræðinga eða aðra starfsmenn?**
Höfum fólk á skrá sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

**proventus**
Traust starfsmannaþjónusta
**Sími 661-7000**
www.proventus.is sverrir@proventus.is

## Fiskbúðin Hafberg
**vantar öflugan starfsmann**
til að sjá um undirbúning fiskrétta og afgreiðslu í búðinni. 50-100% starf í boði.

Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, góður í mannlegum samskiptum, sjálfstæður og vandvirkur.

Góð laun í boði, allar nánari uppl, veitir Geir s. 820-3413.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686. Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

Hringdu í síma
**512 50 60**
ef blaðið berst ekki

> Þegar líður á meðferðina átta menn sig smám saman á að þeir hafa sannarlega beitt andlegu ofbeldi, jafnvel líkamlegu – það bara heitir ýmsum öðrum nöfnum.

leita en við skýrum það í upphafi að trúnaði okkar eru takmörk sett af öryggisjónarmiðum.“

Einar Gylfi segist vilja að makar og börn ofbeldismanna fái öflugri stuðning en nú er. „Við beinum athyglinni fyrst og fremst að ofbeldismönnunum. Fyrir því eru skýr, fagleg rök: Það er verið að leggja áherslu á hvar ábyrgðin liggur. Þetta er einstaklingsvandamál og þótt það bitni á fjölskyldunni er hún ekki hluti af lausninni. Engu að síður þurfa makar og börn stuðning og það viljum við sjá.“

**Góðir hlutir gerast hægt**

Sú spurning vaknar óneitanlega hvort þeim sem hafa beitt maka sína mjög alvarlegu og grófu ofbeldi sé hreinlega við bjargandi? „Staðreyndin er sú að það er,“ segir Andrés. „Eftir fyrsta hollið var gert árangursmat og niðurstöðurnar úr því voru mjög góðar. Árangur úr erlendum rannsóknum er líka mjög góður, allt að því 80 prósent, sem þýðir að menn eru ofbeldislausir tveimur til þremur árum eftir að meðferð lýkur.“

Meðferðin tekur langan tíma, helst ekki minna en eitt til tvö ár. „Líkamlega ofbeldið hættir tiltölulega fljótt en andlega ofbeldið getur haldið áfram og þess vegna leggjum við áherslu á langtímameðferð,“ segir Einar Gylfi. „Meginreglan er að þetta tekur langan tíma, sérstaklega fyrir menn að að átta sig á hvernig þeir beittu andlegu ofbeldi. Það tekur líka langan tíma að ná aftur jafnvægi í sambandinu ef það lifir áfram, sem það gerir í meirihluta tilfella. Það felst mikil vinna í að ná aftur upp trausti.“

Andrés og Einar Gylfa rekur ekki minni til þess að nokkur hafi hætt í meðferð þótt ekki hafi tekist að bjarga hjónabandinu. „Eins og við bendum þeim á þá koma væntanlega aðrar konur inn í líf þeirra. Hvað þá?“ segir Einar Gylfi. „Sumir leita til okkar vegna þess að hjónabandið rann út í sandinn og vilja koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig í nýju sambandi.“

Andrés ítrekar að þeir sem leita til þeirra séu menn sem vilja axla ábyrgð. „Þeir eru það skynsamir og flottir að segja að þeir vilji þetta ekki lengur og eru reiðubúnir til að leggja mikið á sig. Það er ekki eins og þetta sé auðveld meðferð. Við leggjum upp með þá forsendu að taka afstöðu gegn ofbeldi og lýsum andúð á því í hvers konar mynd. En á sama tíma reynum við að sýna viðkomandi manneskju virðingu – hún á fullan rétt á því – og aðgreinum þarna á milli. En við göngum mjög nærri þessum mönnum og það er þeim til mikils hróss og virðingarvert að þeir taka svona á sínum málum.“

**Brautryðjendastarf**

Andrés og Einar Gylfi játa að meðferðin sé krefjandi fyrir þá sjálfa en það gefi starfinu gildi að sjá árangur erfiðisins. „Þegar maður sér þetta skila auknum lífsgæðum til fólks,“ segir Andrés. „Aðalniðurstaðan í árangursmatinu sem var gert eftir fyrra tímabilið var að 90 prósent skjólstæðinga og maka töluðu um aukin lífsgæði í kjölfar meðferðar.“

Þeir vona að næsta skref verði að auka samvinnu milli ýmissa aðila sem tengjast heimilisofbeldi. „Við viljum sjá meiri samvinnu milli lögreglu, okkar, félagsþjónustunnar, barnaverndaryfirvalda, Kvennaathvarfsins og fleiri aðila. Þegar lögreglan hefur afskipti af svona málum þá fari ákveðið ferli í gang. Gátlisti um hvað á að gerast á fyrsta sólarhring og í framhaldinu. Og því verði fylgt eftir af ábyrgum aðilum. Það er draumurinn.“

Andrés og Einar Gylfi eru bjartsýnir á að það starf sem þeir hafa unnið á undanförnum árum verði eflt fyrr en síðar. „Hjá Alternativ til vold í Ósló eru starfandi á fjórða tug sálfræðinga. Samkvæmt því ættum við að vera með fjóra í fullu starfi. Það væri eðlileg þróun og ég held að það eigi eftir að gerast hér,“ segir Andrés. Undir það tekur Einar Gylfi: „Þetta er brautryðjendastarf og við erum stoltir af að taka þátt í því. Nú höfum við grunn til að byggja enn meira á. “



EINAR GYLFI JÓNSSON „Það hefur gerst að við teljum að maka sé ekki óhætt að búa áfram undir sama þaki og eiginmaðurinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Hefurðu áhuga á viðskiptasérleyfum (franchising)?

***Nýsköpunarmiðstöð Íslands*** og ***bandaríska sendiráðið*** standa fyrir opnum morgunverðarfundi um ***viðskiptasérleyfi (franchising)*** á ***Grand Hótel mánudaginn 28. janúar*** nk. Á fundinum verður meðal annars fjallað um ráðstefnuna ***International Franchise Expo 2008*** og kosti þess að taka þátt í íslenskri sendinefnd sem mun sækja hana.

**Framsögumenn:**
***Árni Vilhjálmsson hrl.*** LOGOS lögmannsþjónustu
***Arnar B. Sigurðsson*** frá bandaríska sendiráðinu
***Þórdís Lóa Þórhallsdóttir*** sérleyfishafi Pizza Hut
***Emil Karlsson*** forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar í Háskólanum á Bifröst og sérfræðingur í viðskiptasérleyfum svarar fyrirspurnum.

Morgunverðarfundur um viðskiptasérleyfi:

***Grand Hótel í Háteigi A***
***mánudaginn 28. janúar***
***kl. 08:30 - 10:00***
***Morgunverður er 1.400 kr. á mann***

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
www.nmi.is




# Með bráðsmitandi takt í æðum

Til eru fjölmargar flökkusögur um menn sem forvitnin hefur rekið á framandi slóðir þaðan sem þeir hafa svo snúið fárveikir aftur. Djassistinn **Tómas R. Einarsson** lét ástríðuna reka sig til Kúbu og mun hann aldrei bíða þess bætur. Hann sagði *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* sjúkrasöguna frá því hann fékk hina bráðsmitandi kúbönsku tónlist beint í æð.



ÆFING Í HERBERGINU Þarna er Jorge Yeranis að berja bongótrommurnar og Alvin timbales-trommur í herberginu sem þeir Tómas og Samúel tóku á leigu í Havana. MYND/SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON

Ég fór fyrst til Kúbu árið 2000," segir Tómas R. Einarsson, sem nú hefur gefið út þrjár plötur sem tileinkaðar eru tónlistinni frá eyjunni atarna. Sú fyrsta, Kúbanska, var tekin upp hér á landi árið 2002 og á henni leika eingöngu íslenskir tónlistarmenn. Ári síðar hélt hann til Kúbu til að taka upp plötuna Havana með þarlendum tónlistarmönnum. Árið 2006 tók hann svo upp plötuna Romm Tomm Tomm í Havana sem og í Reykjavík en þar stilla kúbverskir og íslenskir tónlistarmenn saman strengi sína.

„Ég hafði kynnst kúbanskri tónlist og leikið hana nokkuð, eins og til dæmis með hljómsveitinni Six Pack Latino. Vissulega var ég heillaður að heyra þessa tónlist sem leikin var nánast á hverju götuhorni í Havana. En það var sérstaklega einn tónlistarmaður sem heillaði mig svo með gítarleik sínum að ég varð ekki samur á eftir.

Þetta var maður sem varð á vegi mínum um klukkan fjögur að nóttu fyrir utan einn næturklúbb í borginni. Hann lék undurfallega og lipurlega á tresgítar þeirra Kúbananna sem er nokkuð ólíkur þeim sem við þekkjum best. Þessi gítarleikur leið mér ekki úr minni þegar ég var kominn heim svo það var ekkert með það, ég varð bara að hafa uppi á manninum en það var við ramman reip að draga þar sem Hagstofan á Kúbu er ekki jafn skilvirk og hér í Reykjavík. Svo naut hann ekki þessara nútíma þæginda eins og að eiga síma og það varð ekki til að auðvelda málið."

Eftir mikla eftirgrennslan hafði Tómas uppi á nágranna gítarleikarans sem átti síma og gat fært hann að tólinu. Erindi Tómasar var einfalt: „Viltu hjálpa mér að taka upp plötu á Kúbu?" „Claro que sí," sagði Cesar gítarleikari og boltinn var farinn að rúlla.

### Einn í latínhafinu

Á vordögum 2003 fór Tómas til Havana í undirbúningsferð og með hjálp frá Cesari hafði hann uppi á vönum mönnum sem voru tilbúnir til verksins. „Það var svo nokkuð sérstæð tilfinning þegar ég kom aftur um sumarið og fór beint í hljóðver með Cesar og félögum en þá hafði ég aldrei spilað með þeim," rifjar Tómas upp.

„Þrátt fyrir það var bara talið í og byrjað að taka upp fyrsta lag eftir um hálftíma upphitun. Ég hafði líka undirbúið þetta vel og var með nótur tilbúnar fyrir mannskapinn. Cesar átti sérstaklega auðvelt með að læra lögin, hann horfði aðeins á píanistann fara yfir þetta stundarkorn og þá var það komið á hreint. Svo þegar við vorum búnir að starfa saman í nokkurn tíma kom það fyrir að píanistinn var ekki á svæðinu og virtist mér Cesar vera þá á einhverju flæðiskeri staddur. Kom þá í ljós að hann kunni ekki að lesa nótur. Þetta kom mér verulega á óvart því hann átti sérstaklega auðvelt með að læra lögin og ég hafði séð hann stjórna hljómsveit af mikilli röggsemi. En svona getur þetta verið, jafnvel færustu menn eru ólæsir á nótur en hitt er víst að hann hefur alveg einstakt tóneyra."

Fyrsta lagið sem þeir tóku upp var lagið Rumdrum, eða Hægt en bítandi eins og það er kallað á íslensku, en það rataði síðar á safndisk sem fyrirtækið Putumayo gaf út undir nafninu Latin Jazz. Stingur Tómas nokkuð í stúf meðal listamanna á þeirri plötu, sem allir rekja uppruna sinn til Rómönsku Ameríku.

### Hvirfilbylurinn úr trompetinu

Fleiri góðir fýrar göldruðu fram tóna á tóndiskinn hans Tómasar. Má þar til dæmis nefna Daníel hinn feita eða Daniel „El Gordo" Ramos. „Það er svo mikill kraftur í trompetleik hans að ég hélt að haustfellibylurinn væri að vefja sér utan um mig þegar ég heyrði í honum fyrst. En hann er líka öflugur í matartímanum eins og nafnið og vaxtarlagið gefur til kynna.

Mér er minnisstætt þegar við Samúel Jón Samúelsson, betur þekktur sem Sammi í Jagúar, fórum út að borða með honum en þá vildi svo illa til að starfsfólkið á veitingastaðnum var á einhverjum fundi og mátti lítið vera að því að sinna okkur. Fékk hann þá að bíða nokkuð lengi eftir matnum, sem var honum þolraun þung. Þegar allt var komið á borð tók hann vel til matar síns og kláraði meira að segja af diskunum okkar Samma og þar sem hann vildi síst af öllu lenda í því að bíða matarlaus á næstunni skellti hann hálfri pizzu í trompettöskuna sína. Þetta þótti okkur Samma alveg kostulegt."



HLJÓMSVEITIN Talið frá vinstri: Jorge Luis Reyes, Daníel „hinn feiti" Ramos, Samúel Jón Samúelsson, Cesar Hechevarria gítarleikari, Tómas, Jorge Yeranis Silego og fyrir framan eru þeir Osvaldo Perigó og Alvin González. MYND/PEDRO UGARTE PÉREZ

> Þrátt fyrir það var bara talið í og byrjað að taka upp fyrsta lag eftir um hálftíma upphitun. Ég hafði líka undirbúið þetta vel og var með nótur tilbúnar fyrir mannskapinn.



HVIRFILBYLURINN Það var engu líkara en hvirfilbylur færi um hljóðverið þegar Daníel bar trompetið að vörum sér. MYND/SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON



TÓMAS Í GÓÐUM GÍR Þarna er bassaleikarinn í góðum gír. Menn skyldi kannski ekki undra þótt Tómas sé orðinn vel haldinn af hinum bráðsmitandi rómanska takti. MYND/SAMÚEL JÓN SAMÚELSSON



CESAR MEÐ EINLEIK Það var ómetanlegt fyrir Tómas að hafa uppi á Cesari en þá komust upptökumálin á skrið. Hér er kappinn í miðju sólói.

### Byrjaði á því að kaupa skeinipappír

Þriðja „Kúbuplata" Tómasar er tekin upp að stórum hluta í hljóðverinu Egrem í Havana en þar var hin víðfræga plata Buena Vista Social Club tekin upp skömmu fyrir síðustu aldamót. Einnig ritaði Nat King Cole rödd sína á hljóðbönd þar á sjötta áratugnum.

Tómas lætur vel af dvölinni þar en þó kom hann auga á eitt og annað sem ber merki um slakt stjórnarfar í landinu. „Ég hefði nú haldið að í virtasta hljóðveri landsins myndu menn ganga að því vísu að jafn sjálfsögð þægindi eins og klósettpappír væru til staðar þar sem menn þurfa á þeim að halda. En ég mátti byrja á því á morgni fyrsta upptökudags að kaupa það þarfaþing. Ég sá mörg dæmi þess að fólk tæki ekki ábyrgð á neinu í kringum sig og í skjóli þess hugsunarháttar fengu ryðguð rör og tunnur sem enginn hafði skipt sér af frá því fyrir byltingu að vera jafnvel á hinum virðulegustu stöðum eins og til dæmis í útvarpshúsinu."

### Borgað eftir íslenskum töxtum

Það getur verið mikill hvalreki fyrir kúbverska tónlistarmenn að spila með erlendum tónlistarmönnum. „Ég borgaði þeim eftir íslenskum töxtum enda hefði verið lúalegt að gera það ekki," segir Tómas. „En síðan fór ég eftir þeim flokkunum sem gilda á Kúbu og eru nokkuð ólíkar okkar. Til dæmis fá menn aukagreiðslu fyrir hvert sóló. Þegar allt er tekið saman greiddi ég Cesari sennilega um tvenn árslaun læknis á Kúbu." Það er því aldrei að vita nema Cesar verði búinn að fjárfesta í síma þegar Tómas reynir að véla hann í næsta verkefni. Reyndar er bassaleikarinn núna með hugann við sönglagaplötu sem koma mun út í haust. Hann vill þó fátt um hana segja en það má teljast nokkuð víst að þessi bráðsmitandi rómanski taktur sé ekki á undanhaldi enda er hann farinn að vella um æðar tónskáldsins.

# JANÚAR ÚTSALA

## FERÐATÖLVUR
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**50.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

ASUS ASUS ASUS ASUS

## LCD SJÓNVÖRP
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**100.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

PHILIPS JVC Panasonic Dantax UNITED enox.

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT
HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR
MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI
IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR
MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OFL

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Hágæða HLJÓMTÆKI og HÁTALARAR
frá JBL, Infinity og Harman Kardon
með góðum afslætti!

Stafrænar TÖKUVÉLAR
JVC með HÖRÐUM DISK Panasonic
TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR!

32" LCD SJÓNVÖRP frá kr. 59.900

## SÍÐASTI SJÉNS AÐ GERA GÓÐ KAUP

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# Gleðilegt ferða

## Þökkum ótrúlegar viðtökur!

Margar bottfarir sumarsins eru að seljast upp - bókaðu strax á besta verðinu!




Sumar- og sérferðabæklingurinn 2008 er kominn út.
Þú getur skoðað hann á
www.heimsferdir.is

Kynntu þér glæsilegar sérferðir og siglingar og tryggðu þér sæti!

Beint flug með íslensku flugfélagi í allt sumar.
Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar, sumarleyfisferðir til vinsælustu sólaráfangastaðanna og spennandi sérferðir, gönguferðir og glæsisiglingar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap.

Frábærar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á hreint ótrúlegu verði.

**Starfsfólk Heimsferða óskar þér og þínum gleðilegs ferðasumars!**

- Glæsilegar og spennandi sérferðir og lúxussiglingar
- Frábærar gönguferðir
- Einstök vorferð til Róm og Sorrento
- Sumarferð til Búdapest
- Vorferðir til Costa del Sol

**www.heimsferdir.is**

# sumar!

**Bestu gististaðirnir og lægsta verðið.**
**Bókaðu núna og tryggðu þér**
# 10.000-15.000 kr.
**afslátt á mann!**

Vinsælasti sólarstaður Evrópu!
20 ára reynsla á Costa del Sol




## Costa del Sol
frá 37.795 kr.

Gríska perlan – eyja sólarinnar




## Rhodos
frá 54.395 kr. m/hálfu fæði

Perla Miðjarðarhafsins




## Mallorca
frá 39.995 kr.

Hvíta ströndin



## Benidorm
frá 21.795 kr.

Heitasti áfangastaður Evrópu!




## Króatía
frá 49.995 kr.

Fegurstu strendur heims!




## Fuerteventura
frá 40.795 kr.

Borg elskenda



## París & Frakkland
frá 19.935 kr.

Borgin sem allir elska!




## Barcelona
frá 23.990 kr.

Sló í gegn í fyrra!



## Montreal & Kanada
frá 29.990 kr.

# Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri • Sími 461 1099

# Myndi vilja ritstýra Vanity Fair

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir** vakti athygli fyrir vaska blaðamennsku hjá tímaritinu Ísafold. Nú er hún önnur ritstýra tískuritsins Nýtt líf, en breytt blað leit dagsins ljós á fimmtudag. *Anna Margrét Björnsson* tók hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

FULLT NAFN: Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir.

FÆÐINGARÁR: 1979.

Á HUNDAVAÐI: Fór í sveit sem unglingur og á loðnuvertíð á Seyðisfirði. Var ÍTR-ingur og framkvæmdastjóri Jafningjafræðslunnar. Byrjaði að skrifa sem lausapenni á Mannlífi þegar mér leiddist í fæðingarorlofi. Tók þátt í stofnun Ísafoldar og var aðstoðarritstjóri þar. Er nú ritstjóri á Nýju lífi ásamt Ástu Andrésdóttur.



NÝ RITSTÝRA NÝS LÍFS Ingibjörgu Dögg líður best í náttfötum og mjúkri peysu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**í hvernig fötum líður þér best?** Heima vil ég helst vera í náttbuxum og mjúkri peysu. Annars líður mér best í kjól eða gallabuxum og bol.

**Hver eru uppáhalds tímaritin þín?** Nýtt líf auðvitað! Annars V, i-D, Vanity Fair, Numéro og Vogue.

**Botnaðu: Ef ég fengi að velja mínu hinstu máltíð, yrði hún ...** þriggja rétta eftirréttir; svampbotn með jarðarberjum og rjóma, fljótandi súkkulaðikaka og créme brûlée.

**Hvaða kæki ertu með?** Ég fæ skúffu þegar ég er fúl. Og bít í vörina þegar mig langar.

**Uppáhaldshönnuðurnir þínir?** Karl Lagerfeld, Stella McCartney, Alexander McQueen og Filippa K svo ég nefni nokkra.

**Botnaðu: Því eldri sem ég verð því ...** vitrari, skemmtilegri og frjálsari verð ég. Vonandi.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Thank u beibí.

**Eftirlætisbragð?** Súkkulaði...

**Hvaða skáldverk hefur haft mest áhrif á líf þitt?** Engin bók hefur valdið mér kvíða nema Maður gengur með eða gefið mér eins mikið. Annars hef ég á mismunandi tímapunktum elskað Ronju, Svejk og Flugdrekahlauparann. Hugarfjötrar er sú bók sem ég varð síðast heltekin af.

**Hvers konar föt fara mest í taugarnar á þér á fólki?** Ónýt föt. Og föt sem henta hvorki aldri né karakter viðkomandi. Annars er mér eiginlega alveg sama hverju aðrir klæðast.

**Hvaða hlutir á heimili þínu eru í rauðum lit?** Bækur, blóm í vasa, penni og tveir Spiderman-bolir.

**Ef þú ættir að velja þér höfuð einhverrar frægrar manneskju til að setja á þinn búk – hvaða haus yrði fyrir valinu?** Audrey Hepburn.

**Hvernig heilsarðu?** Sæll segi ég við ókunnuga, hæ við hina.

**Hvaða sjö hluti leggurðu til í góða sumarbústaðaferð?** Nýtt líf, spilastokk, bók (mig langar að lesa Veronika ákveður að deyja svo ég myndi taka hana), kósí tónlist (núna elska ég Quelqu'un Ma Dit með Cörlu Bruni), sjónvarpsflakkara, náttföt og snyrtivörur fyrir dekur.

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?** Fasinu. Svo brosinu eða handabandinu, eftir því hvort kemur á undan.

**Ef þú yrðir að eyða 20.000 krónum næsta hálftímann – hvernig myndirðu eyða peningunum?** Ég myndi sennilega kaupa fallegan kjól. Og fá svo samviskubit. Kannski tækist mér þó að láta gott af mér leiða og gefa bágstöddum peningana.

**Ef þú værir persóna í Harry Potter bók, hver værir þú?** Ron.

**Hvaða lag geturðu hlustað á aftur og aftur?** Little trip to heaven með Mugison.

**Ef þú uppgötvaðir nýja plánetu í sólkerfi okkar – hvað myndirðu skíra hana?** Nýtt líf - betra líf.

**Hver er frægasti ættinginn þinn?** Litli bróðir minn er stjarnan í fjölskyldunni þótt hann sé ekki frægur enn. Hann á eftir að verða það.

**Þú færð þér karakter úr kvikmynd til búa með – hvaða persóna yrði það og af hverju yrði hún fyrir valinu?** Monica úr Friends myndi bæði þrífa og elda fyrir mig. Það væri fínt.

**Ef þú gætir ritstýrt hvaða tímariti sem er í heiminum hvaða blað yrði fyrir valinu?** Vanity Fair.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið



**Skóflur.** Sýndu manndóm og mokaðu stéttina - ekki láta gesti vaða snjó eða renna í hálku á tröppunum.

**Framköllun.** Drífið í að festa ljósmyndir ykkar á pappír svo þær hverfi ekki þegar tölvurnar brenna yfir.

**Appletini.** Dásamlega frísklegur kokkteill með vodka, klaka, Sour Applelíkjör og sneið af grænu epli í martíníglasi.

**Sannir karlmenn.** Spyrja hvort b5 sé bensínstöð, bíta tappann af bjórflöskum og redda leka í vaskinum.



**Mið-austurlenskur matur.** Tagine, couscous og baba ghanoush eru dásemd fyrir bragðlaukana. Nú vantar bara svona veitingastað í bæinn.

### Á niðurleið



**Reykjavík.** Borgarmálin eru eins og farsi í Latabæ þar sem flokkarnir skiptast á að leika Glanna Glæp.



**Luxor.** Aumingja „boy-bandið" sem enginn fílaði og allir munu gleyma.

**Stígvél yfir þröngar gallabuxur.** Með tilkomu víðari sniða er þetta svo svooooo búið.

**Skemmdarverk í bíóhúsum.** Hvaða fávitar eru þetta sem hafa ekkert betra að gera á sýningum en að krota og rífa sæti?



**Þorramatur.** Þurfum við eitthvað að útskýra þetta frekar?

**Sjónvarpskonur og hárgreiðsludeild RÚV.** Fléttuhaugar og hliðarsnúðar? Hvað næst, Þórhallur með hanakamb í Kastljósinu?


NÚ Á 2 STÖÐUM
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ
2995-
1995-
995-
2495-
1495-
2995-
995-
3995-
2995-
3995-
1995-
2995-
1995-
3495-
995-
LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLLT
3995-
2995-
1995-
3995-
2995-
3995-
2995-
995-
1995-
2495-
2495-
1495-
995-
2995-
1595-
895-
2995-
1995-
3995-
995-
995-
1995-
3995-
2995-
4995-
1495-
995-
1995-
495-
2995-
1595-
1995-
995-
1695-
995-
1595-
1995-
995-
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16



# HLJÓÐFÆRI HUGANS
## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Gróandi sálarinnar**

Ef til vill er ekkert fegurra í lífinu en að kynnast hrörnandi gamalmenni, sem alltaf er að vaxa að þolinmæði, mildi og manngæzku, tekur ellimörkunum með lotningu og undirgefni við lífsins órjúfanlega lögmál, hugsar til allra gjafa síns liðna lífs með þakklæti og varpar aftanskini af friði í kringum sig. Og fátt er raunalegra en heyra menn, sem ættu enn að vera á ríkasta þroskaaldri, tala um æskuárin sem horfna paradís. Æska mannsins er ekki bundin við neinn aldur. Það eru til örvasa ungmenni og aldnir spekingar með barnshjarta. Æskan er gróandi sálarinnar og endist nákvæmlega jafnlengi og þessi gróandi.

**Sigurður Nordal: Batnandi manni er best að lifa (Áfangar I, 1943)**

**Framkvæma handtöku**

Í Mbl. 14. janúar er haft eftir viðmælanda: „Ég fór í tukthús og sat inni fyrir að hafa framkvæmt ólöglega handtöku.“ Ég hætti aldrei að undrast þessa ást á stofnanamáli.

Er betra að segja „framkvæma handtöku“ en einfaldlega „handtaka“? Hér má blátt áfram segja: ...„sat inni fyrir ólöglega handtöku“.

**Við erum að sjá**

Birgir Guðjónsson skrifar og bendir á viðtal sem birtist í Morgunblaðinu í dag [16. janúar]: „Má ég taka nokkur dæmi: „Við erum að sjá núna í fyrsta sinn að færri nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar en áður hefji störf inni á spítölunum ... Nú sjáum við inni á Landspítala að hópurinn upp að þrítugu er skuggalega lítill ... Hjúkrunarfræðingar sjá starfsumhverfi á sjúkrahúsum í sínu námi, finna fyrir manneklunni og álaginu sem henni fylgir. Erlendis sjáum við að fólk treystir sér ekki inn í þetta umhverfi. Og það er vandi sem við sjáum nú hér ...Við sjáum að frá og með árinu 2112 er mjög stór hópur að hætta störfum.“

Það má nú segja að málið/vandamálið blasi við, ekki satt?? Allt framangreint er að mínu mati dæmi um hina ísmeygilegu aðför enskunnar að innviðum íslenskunnar.“

**Áhyggjur rætast ekki –**

var sagt í Viðskiptablaði Mbl. og nýlega fékk ég kynningu á „yfirvofandi sýningum“.

**Að hittast**

Fbl. 19. janúar: „Eins og fram kom í síðasta þætti Kiljunnar er hann vanur því að hittast þar í góðra vina hópi.“ Þetta merkir væntanlega að hann sé vanur að hitta þar sjálfan sig, ekki satt? Miðmynd gerir hér ráð fyrir gagnkvæmni: Þeir hittast – ekki hann hittist.

**Kveðja**

*Þessir pistlar eru orðnir 72 talsins, og nú verður látið staðar numið, – að minnsta kosti um sinn. Ég vil þakka Fréttablaðinu og lesendum samveruna þennan tíma, og góðar undirtektir. Höldum áfram að nærast á auðgi móðurmálsins, sýna því virðingu nærrar umhugsunar og rækta með okkur málkennd. Leikum eins vel og okkur er framast unnt á hljóðfæri hugans.*

**Braghenda**

Ragnar Böðvarsson sendir þessa braghendu:

*Þetta er nú eiginlega enginn vetur.*
*Aðeins fúlt og önugt tetur*
*sem ætti að heita Grái-Pétur.*

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir ...

**... vini Ólafs F.**



Allt í einu var Ólafur F. Magnússon orðinn borgarstjóri í Reykjavík með öllum þeim hlunnindum sem því fylgja. Til að fylgja öllum þeim góðu málefnum sem Ólafur stendur fyrir komast vinir Ólafs í feitt. Til dæmis Ásta Þorleifsdóttir, sem var í fjórða sæti hjá Frjálslyndum. Hún er orðin varaformaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og líka komin í stjórn Faxaflóahafna. Kjötkatlafræðingum þykja þetta spikfeitir bitar.

**... unnendur absúrdleikhúss**



Áhugafólk um fréttir fékk aldeilis sinn skammt í þessari svakalegu viku og ekki síður unnendur absúrdleikhúss. Eugen Ionescu hefði aldrei getað skrifað aðra eins atburðarás og við sáum í vikunni. Ofan á ráðhúsgrínið bættist bakstungublús Framsóknarflokksins, háleynileg greftrun Bobbys Fischer og 2000-kalla uppákoma Ástþórs. Það vantaði bara nokkrar geimverur, eldgos og engisprettufaraldur til að fullkomna ruglið.

**... rokkara**



Rokkarar landsins glöddust eins og langþreyttir borgarar sem sjá styttu af kúgara sínum falla þegar fréttist að Luxor-hópurinn væri allur. Sönglokkurinn hefur þótt táknmynd alls hins versta sem dægurtónlist getur hugsanlega orðið og fengið herfilega dóma, meðlimirnir jafnvel verið kallaðir synir Satans. Þótt orustan hafi unnist er stríðinu ólokið.

**... Björn Inga**



„Bjartasta von Framsóknarflokksins“ er hætt, farin. Fast var sótt að Birni í október. Brjálaðir sjálfstæðismenn hreyttu í hann svívirðingum úr ráðhúspontunni, en Björn stóð óveðrið af sér, enda réttum megin kjötkatla þá. Svo byrjaði annar ávirðingaflaumur úr innsta koppi eigin flokks – hnífasett hér, jakkaföt þar – og það var meira en Björn þoldi. Enda kominn vitlausum megin kjötkatla.

## Slæm vika fyrir ...

**... Ástþór Magnússon**



Aumingja Ástþór. Það gengur bara ekkert upp. Hann var með pottþétt plott: stóra salinn í Háskólabíói, kraftalega öryggisverði og 40 millur í 2000-köllum. Það var bara tímasetningin sem klikkaði. Á meðan fjórir fréttamenn fylgdust glottandi með fjölmiðlastönti Ástþórs voru allir aðrir að fylgjast með í ráðhúsinu, sem logaði í meintum skrílslátum mótmælenda. Þó er bót í máli fyrir Ástþór að hin fyrrum brotthlaupna eiginkona, Natalía Wium, virðist snúin aftur.

**... handboltaáhugamenn**



Þrátt fyrir gífurlegar vonir og væntingar varð EM ekki sá gleðigjafi sem vænst var til. Þetta var svo slæmt að hetjan Alfreð Gíslason, sem þó hefur upplifað ýmsa skelli, gafst upp og gekk hnípinn frá velli. Handboltaáhugamenn landsins, sem sáu fram á frábæra sjónvarpshelgi, geta huggað sig við það að þeir geta notað sigurvökvann til að drekkja sorgum sínum.

# HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur



Meirihlutinn er fallinn

# „Þau sáu það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttina um yfirvofandi meirihlutaskipti í Reykjavík. Hann er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is













## STUÐ MILLI STRÍÐA Glæpsamlegur tilfinningahiti

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** PRÓFAR NÝTT HLUTVERK Í LÍFINU



Ég er sífellt að koma sjálfri mér á óvart. Nú síðast var það með eigin tilfinningahita. Ó já. Ég vissi bara ekki að ég hefði þetta í mér, og flokkast þó tæplega með þeim manneskjum sem aldrei skipta skapi. Ég fer oftar að grenja yfir sjónvarpsefni en eðlilegt þykir og get froðufellt af illsku yfir fréttum af ofbeldi, fordómum og misnotkun. Hingað til eru það hins vegar bara eyru fjölskyldumeðlima og púðarnir í sófanum sem hafa mátt líða fyrir illsku mína. Á síðustu rúmu vikunni mátaði ég hins vegar alveg nýtt hlutverk í lífinu. Ég breyttist í íþróttabullu.

Íþróttir eru ekki minn tebolli. Ég hef aldrei tekið andköf yfir neinu íþróttatengdu. Ég æsi mig hins vegar hreinlega upp úr öllu herrans valdi yfir leikjum þessa blessaða íslenska handboltalandsliðs. Ég ætla sko aldeilis ekki að fara að tala illa um frammistöðu strákanna okkar, eins og einhverjir búast kannski við, því íþróttabulluhamurinn rennur yfirleitt af mér um leið og síðasta leik er lokið og ég verð aftur frekar dagfarsprúð og blíð stúlka.

Mér líkar hins vegar ágætlega að vera íþróttabulla á meðan á því stendur. Ég er farin að sjá sjarmann í því að finnast lífið velta á því hvað gerist á meðan á tveggja mínútna brottvísun stendur, að öskra úr sér lungun þegar lítill bolti ratar inn í hrörlegt net, og þurfa áfallahjálp þegar ónefndur markvörður frá frændum okkar í Svíþjóð ver enn eitt skotið. Það sem kom mér mest á óvart var samt hvað gerðist eftir Svíaleikinn. Nefnilega, að ég losnaði ekki úr bullugírnum. Ég á sem stendur í viðræðum við sænskan kunningja minn um að hrinda sama ónefnda markverði í veg fyrir áfengisóðan elg þegar tíminn er réttur. Og er þar með komin í tölu glæpamanna. Það hefur ekki gerst áður. Ég er, eins og ég segi, alltaf að koma sjálfri mér á óvart. Og já, þið getið þakkað mér næst þegar við spilum við land Emils, eplatrjáa og elga.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

**Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.**

**1) Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Frá kynslóð til kynslóðar**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**3) Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**4) Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

**5) Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun**, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda inn tilnefningar rennur út á hádegi á morgun!**

zebra

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

**!** **Kl. 22**

*Þorradansleikur Harmonikufélags Reykjavíkur fer fram í Lionssalnum, Auðbrekku 25-27 í Kópavogi, í kvöld kl. 22. Þar geta unnendur harmónikutónlistar komið saman og skemmt sér með öðrum við undirleik ljúfra og fjörlegra tóna.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hörður og Halldór

Listamenn ná oft og tíðum að blása hver öðrum anda í brjóst og hafa mikil áhrif á skapandi einstaklinga í samtíma sínum og framtíð. Halldór Laxness var einn slíkur listamaður og er næsta víst að verk hans koma til með að lifa með þjóðinni um ókomna tíð. Því er ekki úr vegi að rýna duglega í þau með reglulegu millibili og velta því fyrir sér hvaða þýðingu þau hafa fyrir okkur.

Gljúfrasteinn býður upp á röð viðburða þar sem þekktir listamenn, hugsuðir og fræðimenn fjalla um verk skáldsins. Fyrsti slíki viðburðurinn fer fram á morgun kl. 16. Þá mun söngvaskáldið Hörður Torfa fjalla um ljóð Halldórs í tali og tónum.

Hörður er sem kunnugt er einn framsæknasti og sjálfstæðasti tónlistarmaður þjóðarinnar. Hann ólst upp við skáldskap Halldórs Laxness; sögur hans, leikrit og ljóð. Hörður hefur aldrei farið leynt með dálæti sitt á ljóðagerð Nóbelskáldsins. Hann hóf til að mynda ungur að aldri að setja saman lög við ljóð Halldórs og eitt þeirra, Kveðið eftir vin minn, var á fyrstu breiðskífu Harðar frá 1970. Það náði miklum vinsældum og er sungið víða enn þann dag í dag. Annað ljóð eftir Halldór, Í áfanga, var síðan á annarri breiðskífu Harðar árið 1972. Hörður tileinkaði Halldóri hausttónleika sína í Jónshúsi í Kaupmannahöfn árið 1982 og flutti þar mörg ljóð hans við eigin tónlist. Árið 2002 sendi hann síðan frá sér geisladiskinn Söngvaskáld þar sem hann túlkaði ljóð Halldórs með dyggri aðstoð Vilhjálms Guðjónssonar. Það má því telja næsta víst að viðburðurinn á morgun verði bæði fróðlegur og skemmtilegur, enda er Hörður umfjöllunarefni dagsins vel kunnugur.

Ókeypis er inn á viðburðinn og er hann öllum opinn meðan húsrúm leyfir. - vþ



**HÖRÐUR TORFASON** Fjallar um ljóð Halldórs Laxness á Gljúfrasteini á morgun.


Salurinn

**SUN 27. JANÚAR KL. 20**
TÍBRÁ: MUSIC FOR A WHILE
JÓHANNA HALLDÓRS OG BAROKKSVEIT.
SÖNGVAR OG DANSAR FRÁ 16.ÖLD
Miðaverð 2000 kr

**LAU 2. FEBRÚAR KL. 13**
TÓNLEIKAR TKTK
MYNDIR Á SÝNINGU
ÚR HNOTUBRJÓTNUM
PÉTUR OG ÚLFURINN

**MYRKIR MÚSÍKDAGAR**
VIKUNA 3. – 10. FEB 08
**www.salurinn.is**

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið




**ÁSMUNDARSAFN** Býður upp á listsmiðju á morgun.

## Leirað og leikið

Listsmiðja fyrir börn fer fram á morgun í Ásmundarsafni á milli kl. 13 og 16. Listamaðurinn Ásmundur Sveinsson hafði mikið yndi af börnum og tók þeim opnum örmum þegar þau vildu fá að skoða eða leika sér í stóru höggmyndunum hans. Enn þann dag í dag sækjast börn eftir því að heimsækja Ásmundarsafn og ævintýragarðinn í kringum safnið.

Hugmyndin með listsmiðjunni í Ásmundarsafni á sunnudaginn er að fá börn og fullorðna til að vinna saman. Byrjað verður á stuttri yfirferð um sýningu safnsins en að því loknu verður sest niður í vinnustofu með leir og viðeigandi verkfæri og leirinn mótaður undir áhrifum frá Ásmundi. Umsjón með listsmiðjunni hefur Sigríður Ólafsdóttir myndlistarmaður.

Aðgangur að listsmiðjunni er ókeypis og öllum opinn. - vþ



**LAGT Á RÁÐIN** Frá æfingu á leikritinu Halla og Kári. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Ástir og eiturlyfjasmygl

**Nýtt íslenskt gamanleikrit sem ber titilinn Halla og Kári verður frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Höfundur leikritsins er Hávar Sigurjónsson og leikstjóri er Hilmar Jónsson.**

Viðfangsefni verksins hljómar kunnuglega í eyrum þeirra sem fylgjast náið með fréttum; í von um skjótfenginn gróða tekur par, þau Halla og Kári, upp á því að smygla eiturlyfjum. Inn í ráðabruggið fléttast atburðir og persónur sem gera sitt til að flækja málin. Halla og Kári eru þó bjartsýn, láta ekki bugast og trúa því að ástin vinni þrautir allar þrátt fyrir mótlæti.

Erling Jóhannesson fer með hlutverk Kára, en segir ekki hlaupið að því að lýsa persónunni. „Í byrjun æfingatímabilsins hefði ég átt auðvelt með að setja Kára á einhvern bás, en ég er farinn að þekkja hann svo vel að ég á orðið erfitt með það. Ætli það sé ekki best að segja að hann er Íslendingur með öllu sem því fylgir. Hann sækist eftir viðurkenningu umhverfis síns og ríkidæmi og er tilbúinn að ganga ansi langt í leit sinni, en er þó ekki algerlega samviskulaus. Hann er því dálítið tvöfaldur, eins og íslenska þjóðin almennt. Við erum til að mynda afar trúuð, en förum aldrei í kirkju. Við viljum líka velferðarþjóðfélag, en finnst samt í lagi að svíkja undan skatti. Þannig er þjóðin upp til hópa og þannig er Kári.“

Leikritið tekst á við málefni sem verða að teljast áleitin. Eiturlyfjaváin, neyslusamfélagið, græðgi og, ekki síst, innflytjendamál eru dæmi um viðkvæm mál sem ofin eru inn í söguþráðinn. Því vekur nokkra athygli að verkið teljist til gamanleikrita. „Grínið getur gert umræðu um erfið málefni aðgengilegri. Þó verður ávallt að fara varlega og passa að grínið verði ekki rætið eða bitni á þeim sem síst skyldi. Innflytjendamálin eru sérlega vandasöm; umræðan um þau er afar skammt á veg komin hér á landi, enda málið tiltölulega nýtt af nálinni. Það er erfitt að fjalla um slíkt án þess að verða pólitískri rétthugsun að bráð, en hún er andstæðingur skapandi hugarfars og ber því að forðast í listum. Við reynum okkar besta til þess að takast á við málin á þann hátt að við náum að skemmta leikhúsgestum en jafnframt að vekja þau til umhugsunar um samfélagið sem við búum í,“ segir Erling.

Með önnur hlutverk í sýningunni fara María Pálsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Þorsteinn Bachmann. Um tónlistina sér enginn annar en Benedikt Hermann Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm, sem er þekktur fyrir ljúfa en jafnframt nútímalega tónlist sína. vigdis@frettabladid.is


KRINGLU KRÁIN
Logar
halda upp á 35 ára gosafmæli
í kvöld



ÞORRADANSLEIKUR
í kvöld frá kl. 22:00
í Lionssalnum Auðbrekku 25-27
Kópavogi
Harmonikufélag Reykjavíkur



ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
Í samstarfi við Vesturport
25 jan uppselt
30 jan örfá sæti laus
27 febrúar
28 febrúar
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



Barna- og unglingaleikhúsið kynnir
söngleikurinn
Öskubuska
Í AUSTURBÆ
Aukasýning vegna fjölda áskoranna
Sunnudaginn 27.jan kl. 16.00
miðaverð kr. 1.900.-
Miðasala í síma 5514700 og á midi.is
Leiklistarskóli Leynileikhússins, skráning á leynileikhusid.is og í s. 8498877


## Ungfóníu boðið á hátíð

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins hefur verið boðið á alþjóðlega listahátíð ungs fólks í Aberdeen í Skotlandi sumarið 2009. Hátíðin, sem ber titilinn Aberdeen International Youth Festival, leggur áherslu á aðkomu ungs fólks að klassískri tónlist og öðrum listgreinum. Þar koma fram kórar og hljómsveitir, óperur eru settar upp, þar fara fram dans- og leiksýningar, myndlistarsýningar auk þess sem boðið er upp á fjölda námskeiða í listum og menningu.

Hátíðin er virt og því sækjast fjölmargar hljómsveitir eftir því að koma fram á henni. Á síðustu hátíð, sem fór fram sumarið 2007, voru það svissneska strengjasveitin Orchestra Giovanile D'archi og sinfóníuhljómsveit æskunnar á Spáni, Joven Orquesta Nacional de Espana, undir stjórn hins kunna hljómsveitarstjóra José Serebrier, sem urðu fyrir valinu. Það er því Sinfóníuhljómsveit unga fólksins mikill heiður að vera boðin þátttaka sumarið 2009.

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins var stofnuð árið 2004 og er skipuð tónlistarnemum af höfuðborgarsvæðinu. Hún tekst árlega á við þrjú til fjögur verkefni og heldur sex til átta tónleika á ári. Þá tekur hljómsveitin jafnan þátt í Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði. Nú eru nýhafnar æfingar fyrir næstu tónleika hljómsveitarinnar sem haldnir verða 9. og 11. mars í Stykkishólmi og Reykjavík. Einleikari með hljómsveitinni verður Freyja Gunnlaugsdóttir klarinettuleikari. Stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins er Gunnsteinn Ólafsson. - vþ



**SINFÓNÍA UNGA FÓLKSINS** Hefur verið boðið á alþjóðlega listahátíð í Aberdeen.




Landsbankinn

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Miðasala: 555 2222. www.midi.is

HAFNARFJÖRÐUR

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Mikil eftirvænting ríkir vegna nýs ilms hjá franska tískuhúsinu **Chloé** sem er sagður einn sá kynþokkafyllsti á síðari tímum. Ilmurinn sem kallast einungis „Chloé“ er væntanlegur í verslanir í Parísarborg nú um helgina. Þrjár svalar stúlkur sitja fyrir í auglýsingaherferðinni, en þær eru pólska fyrirsætan **Anya Rubik** og leikkonurnar **Chloé Sevigny** og **Clémence Poésy**. Ilmvatnið er sérstök blanda af blómum og kryddi og að sögn tískuhússins er það kynþokkafullt, smart og rómantískt.



# stíll

utlit@frettabladid.is

**Snilldarleg skíðagleraugu** sem er hægt að breyta í sólgleraugu frá Rossignol. Fást í Gleraugnasmiðjunni, Kringlunni.





**Æðislega hlýja og smart hnésokka** frá franska hönnuðinum Gaspard Yurkevich. Fást í Kronkron, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

**Smart og handhægar** svartar töskur frá ACNE. Frá Bask, Laugavegi.





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Í París með strákunum*

Það hefur verið gaman að fylgjast með því sem hönnuðirnir höfðu fram að færa í herratískunni á nýyfirstöðnum tískusýningum í París. Þegar það kemur að strákum og spjörum finnst mér alltaf skemmtilegast að þeir séu vel til fara og fylgist með tískunni en líti aldrei, aldrei út fyrir að hafa reynt of mikið eða api eftir einhverjum stíl sem þykir flottur þá stundina (og þá er mín uppáhaldsflík til að hata hin skræpótta hettupeysa sem sést á öðrum hvorum manni í 101 Reykjavík). Undanfarin ár hefur rokk og ról-lúkkið sett mark sitt á hátískuna með þröngum buxum og jökkum hjá Slimane og glamúr-rokk hjá Gucci og er það vel. En nú kallar ef til vill sköpunarorka hönnuða á eitthvað nýtt og annað en enn einar þröngu buxurnar og það var skemmtilegt að sjá nýjar útgáfur af buxnasniðum, sem líkt og í kvenmannstískunni eru orðin mun fjölbreytilegri. Hönnuðir eins og Yohji Yamamoto með sínum XXL jakkafötum og Kris Van Assche sem bauð upp á mjög víðar buxur vilja greinilega að herramenn taki upp nýjar og víðari útlínur. Eiginlega minnti þetta allt saman dálítið á MC Hammer í byrjun tíunda áratugarins. Þeir sem fíla ekki svona víðar rapparabuxur geta þrátt fyrir það prófað ný og víðari snið, til dæmis útvíðar eða bara allmikið lausari en hinar „skinny“ rokkarabuxur sem eru á hraðri útleið. Ef hönnuðir voru ekki alveg sammála um buxurnar næsta vetur þá voru þeir á einu máli með skóna: reimaðir og í hermannastíl. Við erum að tala um svona „skinhead“ stígvél, eða Doc Martens. Því hærri og klossaðri, því betra. Og eins og ávallt er hægt að merkja áhrif kvenmannstískunnar á herratískuna sirka ári síðar, eins og slárnar hjá Henrik Vibskov og Attachment. Loðkragar voru líka áberandi hjá næstum öllum hönnuðum. Eitt af mest sjarmerandi „lúkkunum“ fyrir næsta vetur að mínu mati er hinn breski herramaður frá 19. öld en margar tískulínur einkenndust af jakkafötum með vesti eins og hjá Jean-Paul Gaultier og Lanvin. Ann Demeulemeester var líka með rómantískt og gamaldags línu sem minnti á sorgmædd skáld eins og Byron og Tennyson. Það er gaman að fá smá drama og elegans inn í heim sem einkennist aðallega af gallabuxum og bolum. Dries Van Noten og Nine komu hins vegar með þá uppástungu að vera í einhverju sem líktist náttfatabuxum úr silki yfir daginn sem eflaust hentar ákveðnum týpum afar vel. Hinsvegar var sýningin hjá Comme des Garcons dularfull og einkenndist af köflóttum jökkum og einhverskonar skotapilsum eða skotastuttbuxum. Ekki gott lúkk. Sumsé strákar, af nógu að taka í tískunni og setjið þrönga bolinn og gallabuxurnar í geymsluna.



**HAMMER-BUXUR** Dior sýndi nýjasta buxnasniðið: rapparalegar buxur í anda MC Hammer.








**SVALT** Töffaraleg samsetning hjá Gucci: brúnar flauelsbuxur, grár tweedjakki og þjóðlegur klútur um hálsinn.



**FLAUEL** Þröngur rokkabillíjakki við svartar flauelsbuxur og litríkar slæður hjá Gucci.



**GLAMÚR** Loðkragi og hálsklútur hjá Gucci.

TÍSKUVIKUM HERRA VAR AÐ LJÚKA Í PARÍS OG MÍLANÓ

# RÚSSLAND, RAPP OG RÓMANTÍK

Það hefur verið nóg að gerast í herratískunni undanfarnar tvær vikur, Pitti Uomo var að klárast í Mílanó og svo sýndu hönnuðir nýjar línur fyrir haust og vetur 2008 í París í síðustu viku. Frida Giannini hjá Gucci var innblásin af Rússlandi og dökkeygir sígaunastrákar í kósakkafötum gengu niður tískupallana. Skemmtilegt þjóðlegt ívaf með litríkum slæðum og munstruðum skyrtum. Dior Homme vekur ávallt athygli og hönnuðurinn Kris Van Assche bauð upp á einhvers konar sambland af rapparalegum fötum við blóðsugulegar flíkur, svarta jakka, leðurbuxur og rómantískar skyrtur. Christopher Bailey hjá Burberry var greinilega á kafi í hauststemningunni og fyrirsætur hans klæddust dökkum jarðarlitum, hnepptum peysum og lausum skyrtum sem minnti dálítið á fátæka breska listamenn. Sem er ekki skrítið þar sem Bailey sagðist hafa byggt línuna á landslagsmálaranum L.S. Lowry, sem var uppi á byrjun tuttugustu aldar. - amb



**HAUSTLEGT** Falleg samsetning af frakka, útvíðum buxum og hlýrri húfu hjá Burberry Prorsum.



**SKEMMTILEG HLUTFÖLL** Smókingjakki við prjónavesti, skyrtu og buxur hjá Burberry Prorsum.



**BRESK KLASSÍK** Flott samsetning; fallega sniðinn jakki og dálítið útvíðar buxur og hálsklútur við.



**DRAMATÍSKT** Flottur pelsjakki við svarta skyrtu og buxur hjá Gucci.



**SÍGAUNALEGT** Praktískur jakki við þrönga skyrtu, laussniðnar buxur og þjóðlegur klútur hjá Gucci.

# NÝTT DANSAFL Á NÝJU ÁRI!

## – fylgstu með á dancecenter.is




# Dansfestival 2008

**SJÓÐHEITIR DANSÍTMAR** hjá dómurum og danshöfundum
So You Think You Can Dance?

## Shane Sparks og Dan Karaty í febrúar!

Föstudaginn 15. og laugardaginn 16. febrúar í íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal

**100% skemmtun lofað!!!** - námskeiðin eru fyrir alla!

**Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!**
Seinast var **UPPSELT** og komust færri að en vildu

Skráning fer fram á www.dancecenter.is. Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

**www.dancecenter.is**

DANSGLEÐI með:

2 skemmtilegri · KAUPÞING · ÍTR · OUTFITTERS NATION · Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI

> **VISSIR ÞÚ?**

Að meðaltali eyðir hver manneskja 1,1 klukkustund á dag í ferðalög. Meðalvegalengdin sem fólk ferðast á ári er tólf þúsund kílómetrar. Alls ferðast jarðarbúar í heild sinni rúma 23 trilljón km á ári. Flest ferðalaganna eru í bílum, eða 53 prósent.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Magni syngur um glataða ást

Nýtt lag frá hljómsveitinni Á móti sól var frumflutt í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni í fyrradag en það ber hið skemmtilega heiti Árin. Fjölmargir hlustendur ráku upp stór augu þegar rýnt var í textann en þar er rætt um ástina sem klikkar. „Allt var miklu auðveldara í denn“, syngur Magni Ásgeirsson í laginu. Og þeir voru því enn fleiri sem fóru af stað með þær kenningar að þarna væri Rock Star-stjarna þjóðarinnar að syngja til fyrrum unnustu sinnar, Eyrúnar Huldar.

„Ég samdi því miður ekki textann, heldur Heimir. Hann er orðinn minn uppáhaldstextahöfundur á Íslandi,“ segir Magni í samtali við Fréttablaðið og hafði augljóslega búist við þessum spurningum. „Hins vegar er það ekkert nýtt að íslenskir textahöfundar syngi um ást sem bregst nema að við dettum ekki niður stiga, dauðadrukknir í Danmörku,“ bætir Magni við en hljómsveitin hyggst á næstunni halda í æfingarhúsnæði sem hún hefur komið sér upp í Hveragerði.

Hann var hins vegar staddur fyrir norðan hjá Eyrúnu og syni sínum, Marinó, þegar Fréttablaðið náði tali af honum en Eyrún er að kenna íslensku við Menntaskólann á Akureyri. Og voru þeir feðgar að undirbúa sig fyrir leik í snjónum. Að því búnu ætlaði Magni að halda suður á vit gamals félaga, Tommy Lee, sem skemmti á Nasa í gærkvöld. **- fgg**



**MAGNI MEÐ NÝTT LAG** Magni Ásgeirsson og Á móti sól hafa sent frá sér nýtt lag. Hér er Magni með Marinó syni sínum.

# *Amy farin í meðferð*

Söngkonan Amy Winehouse er farin í meðferð til að vinna bug á eiturlyfjafíkn sinni. Eftir að hafa rætt við plötufyrirtæki sitt, Universal, fjölskyldu sína, vini og lækna ákvað hún að láta til leiðast.

Myndband af söngkonunni reykjandi krakkpípu birtist á netinu fyrir skömmu og varð það ekki til að bæta ástandið hjá söngkonunni. „Hún áttaði sig á því að hún þarf á sérfræðimeðferð að halda vegna eiturlyfjafíknar sinnar og til að geta búið sig undir komandi Grammy-verðlaunahátíð,“ sagði í yfirlýsingu frá Universal. „Amy fór í meðferðina sjálfviljug og hún mun áfram fá þann stuðning sem hún þarf á að halda.“

Fyrirhugað var að söngkonan kæmi fram á NRJ-tónlistarverðlaununum í Frakklandi en hætt hefur verið við það vegna meðferðarinnar.



**AMY WINEHOUSE** Söngkonan og vandræðagemlingurinn er á leiðinni í meðferð.






# Hjólhýsafrændi Britney Spears leysir frá skjóðunni

**Enn einum meðlimi úr fjölskyldu Britney Spears hefur tekist að koma sér í kastljós fjölmiðla. Sá heitir William Spears og býr í hjólhýsi en hann segir söngkonuna hafa byrjað að nota lögleg og ólögleg vímuefni á barnsaldri.**

Breska blaðið The Sun gróf Willie, eins og hann er kallaður, upp í Kentwood, heimabæ Britney. Og frændinn telur sig vita hvers vegna svona er farið fyrir Britney. Orsökina sé að finna í æsku hennar. „Britney hefur alla tíð óttast að enda líf sitt eins og amma hennar sem fyrirfór sér,“ segir Willie í viðtalinu og telur meiri líkur en minni á að svo kunni hreinlega að fara.

Willie segist í samtali við The Sun hafa verið fastagestur á heimili Spears-fjölskyldunnar og þótt yfirborðið hafi verið slétt og fellt þá kraumaði undir alkóhólismi og ofbeldi. „Ég er ekki bara einhver sem telur sig þekkja þau. Ég var hjá þeim upp á hvern einasta dag og ég hef fylgst með þessum hryllingi fikra sig nær og nær,“ segir Willie. Hann er þess fullviss að Britney hafi byrjað að drekka og reykja maríjúana strax á fjórtán ára aldri og að ásóknin í vímuna hafi aukist eftir að hún sló í gegn. Jafnvel þegar hún og Justin Timberlake hafi sungið í Mikka Mús-klúbbi Walts Disney hafi þau laumað sér í burtu frá foreldrunum til að drekka. „Og þegar hún varð fræg uppgötvaði hún að fólk var reiðubúið til að gera allt fyrir hana,“ segir frændinn.

Hann skellir þó skuldinni fyrst og fremst á foreldrana, þau hafi aldrei getað ráðið við sína drykkju og að Britney hafi alist upp við að það væri í lagi að vera fullur. Pabbi Spears hafi verið sýnu verstur, alltaf undir áhrifum bæði kvölds og morgna. „Hún sá hann aldrei öðruvísi en fullan,“ segir Willie í viðtalinu sem er nokkuð ítarlegt og frændinn heldur engu undan í lýsingum sínum á heimilishaldi Spears-fjölskyldunnar. Willie er sjálfur óvirkur alkóhólisti en viðurkennir að hafa notað eiturlyf með frænkunni sinni frægu. „Hún notaði kókaín í fyrsta skipti þegar hún var átján ára og ég var með henni,“ lýsir Willie yfir. „Britney drekkur og notar dóp til að flýja raunveruleikann. Og það er enginn sem getur hjálpað henni því hún vill ekki hjálp.“



**DAUÐADÆMD** Frændi Britney Spears telur söngkonuna vera dauðadæmda og bíður þess að heyra fregnir af andláti hennar.

# Lýst er eftir trúverðugu pönki

Lýst er eftir nýju frumsömdu pönki í söngleikinn Ástin er diskó – lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason. Þjóðleikhúsið setur söngleikinn upp á stóra sviðinu um mánaðamótin apríl/maí og er vonast til að söngleikurinn gangi langt fram eftir næsta vetri. Textar við lögin tvö sem leitað er að liggja frammi á heimasíðu Þjóðleikhússins og á síðu Popplands á Rás 2, sem tekur þátt í leitinni. Lögin heita þeim alpönkuðu nöfnum „Skítandi júní“ og „Ísland er fokk“. Leikstjóri sýningarinnar er Gunnar Helgason en tónlistarstjóri er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

„Ég bað um að þessi keppni færi fram til að trúverðugleikinn yrði sem mestur,“ segir Þorvaldur. „Pönkið er mjög líkamlegt og mér fannst upplagt að þeir sem eru að fást við svona tónlist í dag gætu spreytt sig á þessu frábæru textum hans Hallgríms.“

Þorvaldur játar því að pönkið er ekki hans heimavöllur. „Þegar Bubbi var að byrja í Kópavogsbíói var ég sjálfur að hlusta mest á Robert Fripp. En ég var samt mjög hrifinn af bæði Clash og Stranglers, fannst þau bönd í góðum pælingum.“

Þorvaldur segist hafa samið mikla diskóorgíu í kringum söngleikinn. „Ég fór einn upp í sumarbústað og fékk diskóið til að streyma. Í gamla daga blótaði maður nú diskóið í laumi. Ég og Skúla Sverrisson hlustuðum bæði á Abba og Bee Gees, en pössuðum að segja engum frá því.“

Þorvaldur hefur líka samið fullt af lögum fyrir söngleikinn. „Þau eru ekki beint í þessum stílum, en engu síður er fullt af vísunum í bæði diskó og pönk. Það var gaman að rifja þetta upp og Youtube kom að mjög góðum notum. Svo verða líka upprunaleg lög frá þessum tíma í söngleiknum, bæði íslensk pönk- og diskólög.“

Skilafrestur á pönkinu er til 31. janúar. Aðstandendur sýningarinnar velja þrjú lög við hvorn texta sem verður kosið um á heimasíðunni ruv.is vikuna 4-8. febrúar. Vinningslögin tvö verða kynnt í Popplandinu föstudaginn 8. febrúar.



**BAÐ UM KEPPNI SVO PÖNKIÐ YRÐI SEM TRÚVERÐUGAST** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson tónlistarstjóri.

# Tommy skemmtir sér á Organ

**Rokkarinn Tommy Lee, sem hélt tónleika á Nasa í gærkvöldi, ætlar að mæta í partí á skemmtistaðnum Organ í kvöld.**

„Það er spurning hvort hann taki í græjurnar eða ekki. Það verður meira svona „spontant“ ef hann verður í stuði,“ segir Margeir Ingólfsson hjá Jóni Jónssyni sem flytur Tommy Lee til landsins.

Tommy bað sérstaklega um að fá að vera hér á landi lengur en venjan er á tónleikaferðum hans og dvelur hann því hér fram á sunnudag. Ætlar hann að nýta tímann vel með því að fara í Bláa lónið og síðan út á lífið í kvöld en hvað hann tekur sér annað fyrir hendur er óvíst. „Þeir fara fram á að dagskráin sé ekkert auglýst. Þeir eru vanir að vera eltir á röndum af ljósmyndurum.“

Að sögn Margeirs er rándýrt að fá Tommy og félaga til landsins. „Það þarf að byrja á að reikna með flugi á business class frá Los Angeles og svo er hann ekki ódýrasti skemmtikrafur í heimi. Það er alveg á mörkunum að svona dæmi beri sig á litlum stað eins og Nasa þannig að þetta er ekkert endilega einhver gullnáma,“ segir hann.

Vegna slæms veðurs í gærmorgun þurfti flugvél Tommys að lenda á Egilsstöðum. Þar hélt hann sig í góðu yfirlæti og fékk sér drykki og samlokur. Flaug hann til Reykjavíkur um hádegisbilið eftir að versta veðrið hafði gengið yfir. Hefði Tommy orðið veðurtepptur og ekki komist á tónleikana var vinur hans Magni Ásgeirsson búinn að útvega honum gistingu hjá ættingjum sínum fyrir austan. Ekkert varð þó af því í þetta sinn.

Hvað varðar beiðni Þráins Árna Baldvinssonar, aðdáanda Tommys og Mötley Crüe, um að fá að hitta goðið sitt þá verður honum ekki að ósk sinni. Aftur á móti verður séð til þess að hann fær bókina The Dirt áritaða af Tommy auk þess sem hann fékk frímiða á tónleikana í gærkvöldi. Ætti hann því að vera nokkuð sáttur við sinn hlut. **- fb**



**TOMMY LEE** Tommy Lee ætlar að kíkja við á skemmtistaðnum Organ í kvöld.










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — 5%

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 1.30 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MIST | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 1.30 - 3.30 ÍSLENSKT TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 1.45 - 3.45 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4 - 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 5 ótextuð | 12 |
| THE MIST | kl. 8 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Háskólabíó merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| PERSEPOLIS | kl. 8 - 10 | 14 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 4 - 6 | 7 |

5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | 10 |

*KRAFTSÝNING — 5%

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! — AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 3:40D -5:50D 8D - 10:20D | 12 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | VIP |
| THE GAME PLAN | kl. 1-3:20-5:40-8-10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 | 14 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30D - 3:30 | L |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 | L |
| AMERICAN GANGSTER | Síðustu sýningar kl. 10:20 | 16 |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 1:20 - 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 1:40 - 3:50 | L |
| SYDNEY WHITE | kl. 6 | L |
| THE NANNY DIARIES | kl. 8 - 10 | L |
| ALVIN OG ÍKO... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10 | 12 |
| THE GAME PLAN | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 8 | 7 |
| NATIONAL TREASURE 2 | kl. 10 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 3:40-5:50-8-10:10 | 7 |
| NANNY DIARIES | kl. 8 | L |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |
| SIDNEY WHITE | kl. 6 | 7 |
| ALVIN OG ÍKOR... M/- ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 1:40 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 4 | L |




450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4, 6, 8 og 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 2 og 5 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR - ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN - ÍSL TAL | kl. 2 | L |




# Stjörnur í mynd Dags Kára

**Undirbúningur fyrir tökur á næstu kvikmynd Dags Kára Péturssonar er nú á lokastigi. Tveir þekktir Hollywoodleikarar verða í aðalhlutverkum.**



**LOKSINS, LOKSINS** Kvikmynd Dags Kára fer í tökur í næsta mánuði.



**UPPRENNANDI** Paul Dano lék eitt aðalhlutverkanna í Little Miss Sunshine.



Brian Cox og Paul Dano munu leika aðalhlutverkin í kvikmyndinni Goodheart eftir Dag Kára Pétursson. Þórir Snær Sigurjónsson framleiðandi vildi ekki staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið, sagði viðræður við aðalleikara á lokastigum en Cox lýsti þessu yfir í viðtali við kvikmyndabloggsíðu MTV og sagðist vera spenntur fyrir því að endurnýja kynnin við Dano sem hefur litið á Cox sem lærifóður sinn.

Kvikmyndin segir frá lífsreyndum barþjóni sem tekur ungan heimilisleysingja upp á sína arma. Myndin verður að mestu leyti tekin upp hér á landi, væntanlega í Héðinshúsinu, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einnig ráðgert að taka eitthvað upp í New York. Þórir segir að enn eigi eftir að ganga frá ráðningu nokkurra íslenskra leikara í myndina sem og í aðalkvenhlutverkið. Myndin verður öll leikin á ensku og var meðal annars auglýst eftir leikurum hér á landi sem voru af erlendu bergi brotnu. Tökur á mynd Dags Kára hefjast í næsta mánuði.

Brian Cox er einn virtasti leikarinn í Hollywood og hefur komið við sögu í mörgum af vinsælustu kvikmyndum seinni tíma, þeirra á meðal Troy, X-Men-myndunum þremur og tveimur Bourne-kvikmyndum. Þá hefur hann leikið í gæðamyndum á borð við Adaptation og nú síðast Zodiac. Frægastur er hann þó sennilega fyrir túlkun sína á sjálfum Hannibal Lecter í Manhunter sem frumsýnd var fyrir nærri þremur áratugum en frammistaða hans þar þykir jafnvel betri en sú sem Anthony Hopkins fékk Óskarsverðlaun fyrir. Cox ætti einnig að vera áhorfendum Stöðvar 2 að góðu kunnur en hann lék stórt hlutverk í vestraþáttunum Deadwood.

Paul Dano er upprennandi stjarna í draumaverksmiðjunni og lék meðal annars í hinni marglofuðu Little Miss Sunshine. Dano leikur jafnframt eitt aðalhlutverkanna í There Will Be Blood á móti Daniel Day Lewis en sú kvikmynd fékk átta tilnefningar til Óskarsverðlauna. Meðal næstu verkefna á dagskrá Dano er kvikmynd byggð á hinni umdeildu sálfræðikönnun í Stanford þar sem nemendur voru látnir skipta með sér hlutverkum fanga og fangavarða.

freyrgigja@frettabladid.is









# Píanópopp, fönkað popp og abbavædd sveitasveifla

**Laugardagslögin halda áfram í kvöld þegar áhorfendur fá að velja á milli þriggja laga. Þau tvö sem fá flest atkvæði komast áfram í úrslitaþáttinn 23. febrúar.**

Gestaálitsgjafi í Laugardagslögunum í kvöld er Gísli Marteinn Baldursson, sem án efa verður feginn að fá að tjá sig um eitthvað annað en atburðina í Ráðhúsinu. Gestir þáttarins verða gleðipinnarnir Atli Þór Albertsson og Jóhann G. Jóhannsson, sem saman sjá um útvarpsþáttinn A til J á Rás 2.

Búið er að hressa upp á öll lögin, mismikið þó. Nú þurfa allar raddir sem heyrast í þættinum að vera sungnar í beinni, en í fyrri þáttum var leyfilegt að bakraddir væru á bandi.

Davíð Þorsteinn Olgeirsson ríður á vaðið með lagið In Your Dreams. Hann er eini listamaðurinn sem enn er inni sem flytur sjálfur sitt eigið lag. In Your Dreams er þvottekta léttpopp með áberandi píanóslætti. Það minnir um margt á tónsmíðar Mika sem mikilla vinsælda hafa notið að undanförnu.

Næst er komið að lagi Andreu Gylfadóttur. Bjartur Guðjónsson flytur lagið The Girl in the Golden Dress fyrir mömmu sína. Þetta er léttleikandi og fönkað popplag. Bjartur, sem samdi textann, kemur ákveðinn til leiks með fimm manna bakraddakór í bakhöndinni og í flunkunýju dressi.

Baggalútur er síðastur á mælendaskrá. Hljómsveitin flytur lag Magnúsar Eiríkssonar, Hvað var það sem þú sást í honum? Lagið er rólegasta lag kvöldsins, yfirveguð sveitasveifla, sem hinn skýrmælti útvarpsmaður Guðmundur Pálsson leiðir af öryggi. Reyndar mun lagið hafa tekið stórkostlegum breytingum og kántríið fengið að víkja fyrir Abba-sándinu. Síðast þegar lagið var flutt vakti Baggalúturinn Karl Sigurðsson athygli fyrir vandaða meðferð á sóp og verður spennandi að sjá hvað hann verður með í höndunum í kvöld.



**ANDREA GYLFADÓTTIR** - The girl in the golden dress.



**MAGNÚS EIRÍKSSON** - Hvað var það sem þú sást í honum?



**DAVÍÐ ÞORSTEINN OLGEIRSSON** - In your dreams.



**12 TÓNAR** Rekstri 12 Tóna í Kaupmannahöfn verður hætt í dag eftir tæplega tveggja ára starfsemi.

# Búðinni lokað í dag

Rekstri verslunar 12 Tóna í Kaupmannahöfn verður hætt í dag eftir tæplega tveggja ára starfsemi. Í staðinn verður opnaður vandaður söluvefur á netinu auk þess sem markaðsskrifstofa fyrirtækisins heldur áfram. Engum starfsmanni búðarinnar verður sagt upp.

„Við erum að laga okkur að breyttum aðstæðum,“ segir Lárus Jóhannesson, annar eigenda 12 Tóna. „Við erum að breyta umsvifum okkar í Danmörku og ætlum að einbeita okkur meira að Þýskalandi, Benelux-löndunum og Frakklandi. Það var gaman að þessu meðan á því stóð en það var ekkert markmið að hafa búðina, heldur var hún bara góð leið til að fara inn á þennan markað á sínum tíma,“ segir Lárus. „Við höfum fengið góð viðbrögð við því sem við erum að gera í Evrópu en það hefði að sjálfsögðu verið gaman að halda áfram með búðina. Reksturinn var að mörgu leyti erfiðari en ég var að vonast eftir. Þetta var allt í lagi en samt ekki nægilega gott til að vera með bundinn pening í lager og mannskap.“

Lokaútsala verður haldin í búðinni í dag auk þess sem danska hljómsveitin The Tremolo Beer Gut treður upp. - fb


ÚTSALA

VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...

Opið laugardag 11-16 - Sunnudag 13-16



www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375





PÓSTURINN

10 | ÁRA

Samkeppni meðal grunnskólabarna um hönnun jólafrímerkja

**Þann 1. janúar 2008 voru 10 ár liðin síðan Íslandspóstur hf. tók til starfa, en áður hafði starfsemi félagsins verið rekin undir nafni Pósts og síma.**
**Í tilefni tímamótanna hefur verið ákveðið að efna til samkeppni meðal grunnskólabarna um hönnun tveggja jólafrímerkja, sem út eiga að koma á árinu 2008.**

**Þátttaka.** Öll börn í grunnskólum landsins frá 1.-10. bekk geta tekið þátt í keppninni.

**Myndefni.** Þátttakendur eiga að nota ímyndunarafl sitt og sköpunargáfu til að teikna mynd á frímerki í anda jólanna sem þeir sjálfir myndu vilja nota á jólapóstinn sinn.

**Hönnunarkröfur**. Tillögum skal skila sem myndverkum (t.d. teikning, málverk, klippimynd) í stærðinni A4 eða A3 (21x29,7 sm eða 29,7x42 sm). Þátttakendum er í sjálfsvald sett hvaða efni og liti þeir nota. Verkin mega ekki hafa birst áður.

**Skilafrestur**. Frestur til að skila tillögum er til 15. mars 2008. Tillögur skulu merktar á bakhlið með dulnefni.
Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer höfundar skal fylgja með í lokuðu umslagi sem merkt er með sama dulnefni og tillögurnar. Teikningunum skal skila til *Íslandspósts hf., Frímerkjasölu, Stórhöfða 29, 110 Reykjavík* merkt: *Samkeppni um jólafrímerki 2008*

**Verðlaun**. Þriggja manna dómnefnd, skipuð fulltrúa Íslandspósts auk fulltrúa tveggja auglýsingastofa, mun velja tvær bestu tillögurnar og veita verðlaun fyrir þær. Tvenn fyrstu verðlaun verða veitt að upphæð 150.000 krónur hvor. Innifalið í verðlaunafénu er ótakmarkaður birtingarréttur.

Íslandspóstur - Frímerkjasala, Stórhöfða 29, 110 Reykjavík
Sími: 580 1050, Fax: 580 1059, Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

## > Gylfi genginn til liðs við Brann

Knattspyrnumaðurinn Gylfi Einarsson hefur skrifað undir þriggja ára samning við norska meistaraliðið Brann frá Björgvin, en þetta var staðfest á opinberri heimasíðu liðsins í gær. „Þetta er sannkallaður gleðidagur fyrir félagið,“ sagði Roald Bruun-Hanssen, yfirmaður íþróttamála hjá Brann. Gylfi Einarsson kvaðst spenntur að hefja feril sinn með Brann. „Þetta er spennandi félag sem hefur verið vaxandi á síðustu árum og ég vonast til þess að geta hjálpað liðinu til að ná enn lengra,“ sagði hann í samtali við heimasíðu Brann í gær.



**sport**

sport@frettabladid.is

**GRINDVÍKINGURINN ÓLAFUR ÓLAFSSON:** SIGRAÐI TROÐSLUKEPPNI KKÍ Á STJÖRNUDEGINUM UM SÍÐUSTU HELGI

# *Held mikið upp á Vince Carter og Gerald Green*

Grindvíkingurinn Ólafur Ólafsson, sem verður átján ára á þessu ári, gerði sér lítið fyrir og vann troðslukeppnina á Stjörnudegi Körfuknattleikssambands Íslands um síðustu helgi og varð þar með fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna troðslukeppnina síðan Logi Gunnarsson vann árið 2001.

„Það var mjög gaman að taka þátt í þessu og vinna. Ég var búinn að æfa eina troðsluna með bræðrum mínum sérstaklega, en hugmyndir að hinum troðslunum spann ég bara á staðnum,“ sagði Ólafur, sem tryggði sér sigur í keppninni með stórglæsilegri lokatroðslu. Ólafur fékk þá mann sér til aðstoðar sem stóð nokkrum metrum fyrir framan körfuna og Ólafur kom hlaupandi og stökk yfir hann og tróð með miklum tilþrifum. Ólafur játaði að áhorf á NBA-deildina hefði vissulega hjálpað til við hugmyndaflug í sambandi við troðslurnar.

„Ég á mér svo sem ekkert uppáhaldslið í NBA deildinni en pabbi heldur upp á Boston og þeir eru fínir. Ég held hins vegar mikið upp á troðara á borð við Vince Carter hjá New Jersey Nets og Gerald Green hjá Minnesota Timberwolves. Ég fékk einmitt hugmyndina að einni troðslunni eftir að hafa fylgst með Green þegar hann varð troðslumeistari NBA árið 2007. Ég hélt líka upp á Michael Jordan þegar ég var yngri,“ sagði Ólafur, sem hefur einnig náð að troða í leik með meistaraflokki Grindavíkur.

„Já, ég náði að troða í bikarleik gegn Hrunamönnum og svo hef ég oft troðið með drengjaflokkum. Ætli ég hafi ekki verið fjórtán ára þegar ég gat troðið í fyrsta skipti,“ sagði Ólafur, sem kemur úr mikilli körfuboltafjölskyldu. Faðir Ólafs var liðtækur körfuboltamaður með Grindavík, systir hans lék einnig körfubolta með Grindavík og bræður hans, Þorleifur og Jóhann Þ., leika með honum í meistaraflokki Grindavíkur.

„Ég er náttúrlega bara ungur ennþá en mér líst bara vel á framhaldið með Grindavík og bíð því rólegur eftir því að fá tækifæri með liðinu. Grindavík hefur spilað vel í vetur og deildin verður alltaf sterkari og sterkari. Það er fleiri sterk lið og allir virðast geta unnið alla,“ segir Ólafur.



## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1 deild kvenna:*

Valur-Fram 17-19 (6-11)

**Mörk Vals (skot):** Eva Barna 5 (12), Nora Valovics 4 (8), Dagný Skúladóttir 3 (3), Katrín Andrésdóttir 2 (3), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (2/1), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (5).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 25/2 (44/2), 57%. **Hraðupphlaupsmörk:** 4 (Eva 2, Dagný, Katrín). **Fiskuð víti:** 1 (Kristín).
**Utan vallar:** 0 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Sara Sigurðardóttir 6 (10), Pavla Nevarilova 4 (5), Anett Köbli 3 (9), Stella Sigurðardóttir 3 (11/1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (3/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 1 (4).
Varin skot: Kristina Matuzeviciute 16/1 (33/1), 48%. **Hraðupphlaupsmörk:** 1 (Pavla).
**Fiskuð víti:** 2 (Sara, Stella).
**Utan vallar:** 2 mínútur.

Stjarnan-Fylkir 38-22

### *Iceland Express deild karla:*

Grindavík-Stjarnan 103-91 (57-45)

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 24, Jonathan Griffin 19, Páll Kristinsson 18 (6 stolnir), Adama Darboe 17 (7 frák., 7 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 12, Helgi Jónas Guðfinsson 6, Ólafur Ólafsson 5, Davíð Páll Hermannsson 2.
**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 22 (10 stoðs., 6 frák.), Jovan Zdravevski 22 (7 frák.), Fannar Freyr Helgason 16, Calvin Roland 7 (13 mín.), Kjartan Kjartansson 7, Guðjón Lárusson 6, Hilmar Geirsson 4, Sævar Ingi Haraldsson 3, Eiríkur Þór Sigurðsson 2, Birkir Guðlaugsson 2.



**VEL TEKIST Á** Stella Sigurðardóttir úr Fram fær hér harðar móttökur frá Katrínu Andrésdóttur úr Val. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

N1 deild kvenna í handbolta:

## Fram vann Val

**HANDBOLTI** Fram sigraði Val 17-19 í toppslag erkifjenda í N1-deild kvenna í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda í gærkvöldi.

Hörku varnarleikur og markvarsla fengu að njóta sín framan af en gestirnir í Fram tóku svo völdin á vellinum og staðan var 6-11 í hálfleik. Valsstúlkur mættu ákveðnari til síðari hálfleiks og náðu fljótt að saxa á forskot Framstúlkna. Munaði tveimur mörkum um miðjan seinni hálfleik þegar staðan var 12-14. Munurinn var kominn í eitt mark þegar tíu mínútur voru eftir og munurinn var enn aðeins eitt mark, 17-18, þegar ein mínúta lifði leiks.

Valsstúlkur fengu tækifæri til þess að jafna en Framstúlkur áttu lokaorðið þegar markvörðurinn Kristina Matuzeviciute skoraði með skoti yfir völlinn. - óþ

# Vildi fá Hlyn í hjarta varnarinnar

**Landsliðsfyrirliðinn í handbolta, Ólafur Stefánsson, var búinn að finna næsta varnartröll íslenska landsliðsins með góðri hjálp bróður síns Jóns Arnórs Stefánssonar. Sá er Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells.**

**HANDBOLTI** Varnarleikur íslenska handboltalandsliðsins hefur verið mikið í umræðunni og landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson hafði eins og aðrir áhyggjur af stöðu mála í ljósi þess að Sigfús Sigurðsson var búinn að glíma við langvinn meiðsli. Ólafur er þekktur fyrir að þaulhugsa hlutina og hann var búinn að finna góðan mann í hjarta íslensku varnarinnar.

„Ég hringdi í hann en fylgdi því ekkert meira eftir,“ sagði Ólafur Stefánsson þegar Arnar Björnsson spurði hann í þættinum Utan vallar á Sýn hvort hann hefði reynt að fá Hlyn Bæringsson til að koma inn í íslensku vörnina. „Nonni bróðir sagði að hann væri með bestu fótavinnu sem hann hefði séð og væri sá sterkasti sem hægt væri að lenda í. Mér fannst okkur vanta hafsent með allri virðingu fyrir Fúsa, Sverri og Vigga,“ sagði Ólafur og bætti við:

### Talaði við Óskar Bjarna

„Ég var að hugsa þetta fyrir Ólympíuleikana og þeir eru það stærsta sem íþróttamaður getur komist í tæri við,“ sagði Ólafur í þessu skemmtilega viðtali sem Arnar tók við hann eftir síðasta leikinn á EM í Noregi.



**HUGSAR DJÚPT** Ólafur Stefánsson, fyrirliði landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Íslandsmeistara Vals, var með Ólafi í ráðum og hugmyndin var að hann myndi skóla Hlyn í Valsliðinu í vetur. „Ólafur átti hugmyndina að þessu og ég ætlaði að spila þetta með honum. Ég guggnaði eiginlega á því; maður hefði þurft að láta hann spila hundrað prósent og ég var með fullmótaðan hóp sem ég hafði trú á. Ég vissi að ef við ætluðum að ná honum í stand, sem ég hafði trú á því þetta er algjört naut, þá hefði hann þurft að spila á fullu og við hefðum þurft að leggja áherslu á hann. Ég hélt að ég gæti ekki veitt honum þann tíma og þann spilatíma sem hann hefði þurft. Þetta var ekki vitlaus hugmynd því þeir tala um að hann sé óhugnanlega hraustur og hreyfanlegur. Það væri gaman að sjá hann í handboltanum,“ segir Óskar Bjarni, sem hjálpaði Ægi Hrafni Jónssyni, efnilegasta körfuboltamanni Íslands árið 2000, til þess að verða lykilmaður í Valsvörninni.

„Ég var búinn að gera þetta með Ægi og það tókst mjög vel. Ægir hafði mikinn áhuga á þessu og var hættur í körfunni út af meiðslum. Þetta var gríðarleg vinna fyrir hann en hann var rosalega þolinmóður og það hefur skilað sér,“ segir Óskar Bjarni.

„Ég held að við missum eðlilega þessa stærri stráka í körfuna. Þessir strákar eru kannski að spila viðlausa stöðu í körfunni en ættu jafnvel hrikalega möguleika á að komast inn á Ólympíuleika með því að vera í handboltanum. Það er fjarlægur draumur í fótboltanum og í körfunni því þar er landslagið svo allt öðruvísi út í heimi,“ segir Óskar Bjarni sem segir íslenskan handbolta þurfa á átaki að halda til þess að fá stóru strákana til að velja handboltann.



**VÍGALEGUR** Hlynur Bæringsson er mikið varnartröll í körfuboltanum og mikill leiðtogi inni á velli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Skemmtilegt símtal

„Þetta var með skemmtilegri samtölum sem ég hef átt um ævina. Þetta er stórmerkilegur maður og ég hafði virkilega gaman af að tala við hann. Þetta kom mér svo á óvart að það var varla að ég tryði þessu. Ég vissi samt að þetta væri í alvöru því Jón Arnór hafði hringt í mig á undan. Þetta fór aldrei lengra en að hann hringdi bara þetta eina símtal. Ef þetta hefði verið sumaríþrótt hefði maður kannski látið vaða. Þetta er samt spennandi og það væri mjög gaman að fara á Ólympíuleika,“ segir Hlynur, sem segist ekki fylgjast með handbolta nema þegar íslenska landsliðið sé að spila. Hlynur segist aldrei hafa átt von á því að þetta símtal kæmist einhvern tímann í fjölmiðla.

„Mér fannst gaman að þessu og tók því bara sem hrósi að hann hringdi í mig. Þetta er svipað eins og í körfunni því í vörninni þarf maður að vera með góða fótavinnu og geta dekkað stóra og sterka menn sem eru líka snöggir,“ segir Hlynur, sem segir að gaman hefði verið að eiga upptöku af samtalinu við Ólaf.

„Ég ber mikla virðingu fyrir Ólafi eftir öll viðtölin sem ég hef séð við hann. Hann segir alltaf það sem honum finnst og eftir þetta samtal hef ég bara enn meiri aðdáun á honum, enda hugsar hann dýpra en við flestir.“

ooj@frettabladid.is





13.000 GESTIR Á AÐEINS 8 DÖGUM
HILMIR SNÆR GUÐNASON
MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR
LAUFEY ELÍASDÓTTIR
JÓHANN SIGURÐARSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR
ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON
ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON
ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR
“Tær snilld!”
Séð og Heyrt
"Brúðguminn er fljót að ná tökum á áhorfendunum og missir aldrei dampinn, verður sterkari eftir því sem líður á og skilur mikið eftir sig og er myndin enn einn sigur Baltasars Kormáks á farsælum leikstjórnarferli."
Frjáls Verslun
"Hún er grátbrosleg, beisk, súrsæt, sorgleg en umfram allt er hún yndisleg.
- Dóri DNA, DV
“Brúðguminn er heilsteypt og skemmtileg mynd sem kemur eins og ferskur andvari inn í skammdegið.”
- Sigríður Pálsdóttir, Kvika Rás 1
GSM
TAXI
GUIDED TOURS OF FLATEY
Frábær mynd. Hún er falleg, sár og fyndin. Allt gekk upp, leikur, leikmynd, saga, hljóð, mynd og allt sem þarf til að gera fína bíómynd.
-Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf
"Með Brúðgumanum efnir Baltasar Kormákur öll loforðin sem fyrri bíómyndir hans hafa gefið."
Silja Aðalsteinsdóttir, Viðskiptablaðið
SÖGN EHF KYNNIR KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
BRÚÐGUMINN
“Brúðguminn er skemmtileg mynd sem lætur áhorfendur hljæja og líða vel“
- Gunnar Hjálmarsson, FBL
“Íslenska kvikmyndavorinu lauk 16. janúar sl. Þá hófst langþráð íslenskt kvikmyndasumar með frumsýningu Brúðgumans eftir Baltasar Kormák sem er best heppnaða kvikmynd Íslendinga til þessa.”
- Jakob Frímann Magnússon
“Hreint út sagt frábær mynd í alla staði, leikararnir skila stórkostlegum frammistöðum, fyndið og dramatískt í senn.
Besta íslenska fíl-gúdd myndin fyrr og síðar“
- Stefán Sigurjónsson, X-ið FM 9.77
SÝND Í KVIKMYNDAHÚSUM UM LAND ALLT
Viðskiptavinir Glitnis fá 20% afslátt af miðaverði á kvikmyndina BRÚÐGUMINN þegar þeir greiða með greiðslukorti frá Glitni.
GLITNIR

## > Uma Thurman

„Ég er mjög hamingjusöm ein heima hjá mér. Mér finnst best að vera í rólegheitum með dóttur minni og helst að dunda mér í garðinum. Ég er ekki með tómarúm inni í mér sem ég þarf stanslaust að fylla upp í," segir Uma Thurman, sem gerir allt annað en að slaka á í kvikmyndinni Kill Bill: Vol. 2 sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI HORFÐI Á HÆFILEIKAKEPPNI Í SJÓNVARPINU

# *Framadraumar í hakkavél*

Ég horfði með öðru auganu á fyrstu þættina af American Idol í vikunni. Þetta er sjöunda árið í röð sem vongóðir Kanar hópast í hakkavél Simons Cowells og félaga. Þúsundum saman baula greyin fyrir tríóið. Maður trúir því samt varla að heilu íþróttaleikvöllunum af veinandi nóboddíum sé smalað fyrir dómarana. Hlusta Simon og félagar virkilega á allt þetta lið? Hvílík kleppsvinna. Fyrstu þættirnir eru skemmtilegastir enda er boðið upp á hæfileikalausustu söngvarana þá. Mér finnst mun skemmtilegra að sjá vonda söngvara syngja en góða, sérstaklega þar sem þátttakendur splæsa sjaldan í annað en lummulegustu lummur dægurlagasögunnar. Það er góð skemmtun að sjá hversu veruleikafirrt fólk getur verið því flestir halda að þeir séu Elvis endurfæddir og skilja ekkert í dómhörku tríósins. Stundum finnst manni þetta þó ganga alltof langt. Er ekki bannað að gera grín að þroskaheftum? Greinilega ekki í Bandaríkjunum. Þar má ekki bara taka þroskahefta af lífi í sjónvarpinu heldur líka í alvörunni í fangelsunum.

Þegar keppninni vindur fram og kannski tíu ágætis barkar berjast um hnossið nenni ég ekki lengur að fylgjast með þessu. Dæmin sýna að það kemur ekkert út úr þessum þáttum nema sykursæt væmin froða sem er fokin út í veður og vind þegar næsta syrpa hefst.

Idol-stjörnuleit á Íslandi hélt athyglinni í þremur seríum og svo kom ein umferð af X-faktor. Þá var búið að láta alla sem á annað borð vildu koma nálægt þessu fara í gegnum hakkavélina. Íslenska dvergþjóðin var orðin fullsödd af þessari uppskrift. Ágætis söngvarar komu út úr keppnunum og bættust á varamannabekki popplandsliðsins. Ekkert út á það að setja. Það er samt augljóst að þeir listamenn sem lengst hafa náð undanfarin ár í poppinu höfðu ekki geð í sér til að taka þátt í þessum hæfileikakeppnum.



**FÚLL Á MÓTI Í SJÖ ÁR** Simon Cowell stjórnar hakkavélinni í Idol.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.10 Phenomenon** STÖÐ 2



▶ **20.00 Rumor Has It** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15 Laugardagslögin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.05 Big Day** SIRKUS




▶ **21.00 Heroes** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Lína, Skúli skelfir og Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar

**10.00 Einu sinni var... -** Maðurinn (2:26)

**10.30 Kastljós**

**11.00 Kiljan** e.

**11.45 07/08 bíó leikhús** e.

**12.15 Útsvar** e.

**13.20 Frumstætt fólk** (1:3) e.

**14.10 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.

**14.30 EM í handbolta** Bein útsending frá fyrri undanúrslitaleiknum.

**16.30 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.

**17.00 EM í handbolta** Bein útsending frá seinni undanúrslitaleiknum.

**17.35 Táknmálsfréttir**

**17.45 EM í handbolta** Seinni hálfleikur.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.45 Spaugstofan**

▶**20.15 Laugardagslögin**

**21.15 Hrúturinn Hreinn** (13:40)

**21.25 Laugardagslögin - úrslit** Kynnt verða úrslit í símakosningu.

**21.40 Sæludagur** (Oh Happy Day) Dönsk bíómynd frá 2004.

**23.15 Matrix 3** (The Matrix Revolutions)

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Miss Congeniality 2.**

**08.00 De-Lovely**

**10.05 Cheaper By The Dozen 2**

**12.00 Rumor Has It**

**14.00 Miss Congeniality 2.**

**16.00 De-Lovely**

**18.05 Cheaper By The Dozen 2**

▶**20.00 Rumor Has It** Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum

**22.00 Kill Bill. Vol. 2**

**00.15 The Door in the Floor**

**02.00 Possible Worlds**

**04.00 Kill Bill. Vol. 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**

**07.25 Hlaupin**

**07.35 Louie**

**07.45 Gordon Garðálfur**

**08.00 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri

**09.05 Kalli kanína og félagar**

**09.10 Kalli kanína og félagar**

**09.15 Kalli kanína og félagar**

**09.25 Firehouse Tales**

**09.50 Ben**

**10.15 Willoughby Drive**

**10.30 Pokemon 6**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**12.45 The Bold and the Beautiful**

**13.05 The Bold and the Beautiful**

**13.25 The Bold and the Beautiful**

**13.45 The Bold and the Beautiful**

**14.10 American Idol** (1:41)

**15.35 American Idol** (2:41)

**17.10 Gossip Girl** (3:22)

**17.55 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

▶**19.10 Phenomenon** (4:5) Glænýr, spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónvherfingum.

**20.00 Raise Your Voice** Létt og skemmtileg fjölskyldumynd með ungstirninu Hilary Duff í hlutverki ungrar smábæjarstúlku sem á sér þann draum heitastan að verða söngstjarna.

**21.45 Jarhead** Hárbeitt og kómísk sýn á líf ungra bandarískra landgönguliða sem sendir eru lítt undirbúnir á líkama og sál á vígvöll blóðugra og stjórnlausra átaka. Aðalhlutverk. Jake Gyllenhaal, Peter Sarsgaard, Scott MacDonald.

**23.50 Garden State** Gráglettin og áhrifamikil verðlaunamynd með Zack Braff úr Scrubs og Natalie Portman í aðalhlutverkum.

**01.30 Blind Horizon** Fantagóður spennutryllir með Val Kilmer í hlutverki

**03.10 Raise Your Voice** e.

**04.55 Phenomenon** (4:5) e.

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.50 PGA Tour 2008 -** Hápunktar

**08.45 Inside the PGA**

**09.10 Spænski boltinn -** Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**09.40 Clevland - Phoenis NBA körfuboltinn**

**11.40 Utan vallar**

**12.25 Mansfield Town - Midddlesbrough FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Mansfield Town og Middlesbough í ensku bikarkeppninni.

**14.25 FA Cup - Preview Show 2008** Elsta og virtasta keppni heims skoðuð í bak og fyrir.

**14.50 Arsenal Newcastle FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Arsenal og Newcastle í ensku bikarkeppninni.

**16.50 Inside Sport**

**17.10 Wigan - Chelsea FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Wigan og Chelsea í ensku bikarkeppninni.

**19.10 World Supercross GP**

**20.00 PGA mótaröðin í golfi**

**23.00 Box** Roy Jones Jr. og Felix Trinidad

**00.30 Box** Joe Calzaghe - Mikkel Kessler

**01.45 Box** Manny Pacquiao vs. Marco

## SÝN 2

**12.35 Masters Football** (Midland Masters)

**14.55 Aston Villa - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Aston Villa og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**17.00 Premier League World**

**17.30 PL Classic Matches**

**18.00 PL Classic Matches**

**18.30 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**19.30 Aston Villa - Blackburn** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Aston Villa og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**21.10 Man. City - West Ham** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 20. janúar.

**22.50 Masters Football** (Midland Masters)

## SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 Less Than Perfect** (e)

**16.00 Skólahreysti** (e)

**17.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**18.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.30 Game tíví** (e)

**19.00 5 Tindar** (e)

**20.00 Friday Night Lights** (e)

▶**21.00 Heroes** (e) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Peter heldur til Texas ásamt nýjum vini í von um að eyða vírusnum sem mun í framtíðinni draga 93% heimsbyggðarinnar til dauða. Niki snýr aftur til sonar síns með slæm tíðindi, Hiro reynir að finna morðingja föður síns og Nathan kemst að því að bróðir hans er á lífi

**22.00 House** (e) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Fjórtán ára drengur með hvítblæði þarf beinmerg og sá eini sem getur bjargað honum er 10 ára bróðir hans. Þegar yngri bróðirinn veikist einnig þarf House að komast að því hvað amar að honum í von um að finna lækningu í tæka tíð til að bjarga bróður hans

**23.00 Xchange** Spennandi framtíðarmynd frá árinu 2000 með Stephen Baldwin og Kyle MacLachlan í aðalhlutverkum. Í náinni framtíð er fljótlegra fyrir fólk að skiptast á líkömum en að ferðast milli staða. Þegar maður sem er að prófa slík líkamaskipti í fyrsta skipti kemst að því að hann hafi skipt um líkama við hryðjuverkamann lendir hann í kapphlaupi við tímann til að stöðva hryðjuverkamanninn áður en það eru um seinan og bjarga eigin líkama.

**00.50 Law & Order** (e)

**01.40 Professional Poker Tour** (e)

**03.20 The Boondocks** (e)

**03.45 C.S.I. Miami** (e)

**04.30 C.S.I. Miami** (e)

**05.15 Vörutorg**

**06.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20
### Raise Your Voice

Létt og skemmtileg fjölskyldumynd með ungstirninu Hilary Duff í hlutverki ungrar smábæjarstúlku sem á sér þann draum heitastan að verða söngstjarna. Stóra tækifærið kemur þegar hún fær inngöngu í listaskóla í Los Angeles. En þótt tækifærið sé stórt þá eru hætturnar og freistingarnar einnig margar fyrir unga og saklausa stúlku.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Matrix 3 The Matrix Revolutions**
**Sjónvarpið kl. 23.15**

Matrix 3 er bandarísk spennumynd frá 2003. Neó er tepptur á lestarstöð á milli Matrixins og Raunheimsins en vinir hans reyna að bjarga honum áður en óvinirnir hremma hann. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Leikstjóri er Andy og Larry Wachowski og með aðalhlutverk fara þau Keanu Reeves, Carrie-Anne Moss, Laurence Fishburne, Monica Bellucci og Hugo Weaving.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Í húsinu heima
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Förum aðeins lengra- maraþonsögur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hundur í útvarpssal
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Á hljóðbergi: Das Leben und nicht anders / Lífið og ekkert annað
**23.10** Villtir strengir og vangadans

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks** (106:260)
**15.25 Hollyoaks** (107:260)
**15.50 Hollyoaks** (108:260)
**16.15 Hollyoaks** (109:260)
**16.40 Hollyoaks** (110:260)
**17.55 Skífulistinn** Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**18.50 X-Files** (e)
**19.35 The George Lopez Show** (8:18) (e)
**20.00 Logi í beinni** e.
**20.35 Lovespring International** (4:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
▶**21.05 Big Day** (4:13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegu hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**21.30 Special Unit 2** (4:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**22.15 Wildfire** (6:13)
**23.00 X-Files** (e)
**23.50 The George Lopez Show** (8:18)
**00.15 Lovespring International** (4:13)
**00.40 Big Day** (4:13)
**01.05 Special Unit 2** (4:19)
**01.50 Wildfire** (6:13)
**02.35 Skífulistinn**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.00** EastEnders **10.30** EastEnders **11.00** Ever Decreasing Circles **11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** Great Romances of the 20th Century **13.30** Great Romances of the 20th Century **14.00** Popcorn **15.00** Land of the Tiger **16.00** Nile **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** My Hero **18.30** My Hero **19.00** My Dad's the Prime Minister **19.30** Mad About Alice **20.00** Under the Greenwood Tree **21.30** The Office **22.00** Extras **22.30** Saxondale 23.00 EastEnders **23.30** EastEnders **00.00** Under the Greenwood Tree **01.30** The Office **02.00** Extras **02.30** Saxondale

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Hjerteflimmer **11.40** Boogie Listen **12.35** Family Guy **13.00** X Factor **14.00** Chris på Skolebænken **14.35** Dansk Melodi Grand Prix 2008 **16.05** OBS **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea - og et reklameeventyr **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** SportNyt **18.10** Det lille hus på prærien **19.00** Danmarks Indsamling 2008 **21.30** Inspector Morse: Joannas grav **23.10** Anklaget

## NRK 1

**09.01** V-cup langrenn: Høydepunkter 10 km kvinner og 15 km menn **09.45** Sport i dag **09.55** V-cup kombinert: Hopp sprint **10.45** V-cup alpint: Høydepunkter storslalåm 1. omgang, kvinner **10.55** V-cup alpint: Utfor, menn **12.15** V-cup skøyter: 500 m kvinner og menn **12.50** V-cup alpint: Storslalåm kvinner, 2. omgang **13.25** V-cup skøyter: 5000 m kvinner **14.05** V-cup skøyter: 1500 m menn **14.50** V-cup kombinert: 7,5 km langrenn **15.20** Sport i dag **15.55** V-cup hopp: 1. omgang **16.50** Sport i dag 17.00 Jubalong **17.30** Sommeren i mitt liv **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Borettslaget **19.25** Den store klassefesten **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Fakta på lørdag **22.05** Kveldsnytt **22.20** Keno **22.25** Godsend **00.05** Peep Show

## SVT 1

**10.00** Beckman, Ohlson & Can **10.30** Smakbitar **11.30** Frufritt **12.00** Plus **12.30** Packat & klart **13.00** Dubbat **13.30** Tv-stjärnan **14.00** Andra Avenyn **14.30** Andra Avenyn **15.00** Uppdrag Granskning **16.00** På spåret **17.00** BoliBompa **17.05** Disneydags **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Harry Potter och hemligheternas kammare **21.30** Brottskod: Försvunnen **22.15** Rapport **22.20** Out of Practice **22.45** Krigaren **00.10** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Anna Pála Sverrisdóttir*

**Aldur:** 24 ára.
**Starf:** Mastersnemi í lögfræði.
**Fjölskylda:** Einhleyp.
**Foreldrar:** Sverrir Þórisson og Helena Pálsdóttir. Bæði skólafólk.
**Búseta:** Vesturbærinn í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Meyja.
**Anna** Pála Sverrisdóttir var áberandi á ráðhúspöllunum á fimmtudaginn. Hún er formaður ungra jafnaðarmanna.

# Talsmaður Impregilo krefst tveggja milljóna



Meiðyrðamál upplýsingafulltrúans Ómars R. Valdimarssonar gegn leikstjóra Silvíu Nætur-fyrirbærisins, Gauki Úlfarssyni, var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á fimmtudaginn. Gaukur sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki vilja tjá sig neitt frekar um málið en á sínum tíma efaðist Gaukur um að einhver lögfræðingur hefði tíma og ráð í að sinna svona hlutum.

Málið snýst um færslu á bloggsíðu Gauks þar sem hann kallaði upplýsingafulltrúann rasista. „Ég hef rætt töluvert um rasisma hér og bent á nokkra frambjóðendur Frjálslynda flokksins sem hika ekki við að bera útlendingahatur sitt á borð hér í bloggheimum. Nú hef ég fundið einn til, svæsnari en hinir lagðir saman, talsmann Impregilo á Íslandi,“ skrifaði Gaukur á heimasíðu sína í apríl á síðasta ári. Ómar hafði þá skrifað mikið um núverandi þingmann vinstri grænna, Paul Nikolov, í aðdraganda alþingiskosninganna.

Ómar krefst þess að ummælin verði dæmd dauð og ómerk og hefur farið fram á tvær milljónir í skaðabætur. „Ég kýs að tjá mig ekki um málið á meðan það er fyrir dómstólum,“ sagði Ómar í samtali við Fréttablaðið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst Ómar ekki taka við fjárhæðinni sjálfur ef sigur vinnst heldur ánafna upphæðinni til lögfræðings síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar. - fgg



**TJÁ SIG EKKI** Hvorki Ómar né Gaukur vildu tjá sig um málið og ætluðu að bíða eftir úrskurði héraðsdóms.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** blikk **6.** klafi **8.** leyfi **9.** hrós **11.** hljóm **12.** kortabók **14.** blóm **16.** skammstöfun **17.** á móti **18.** rotnun **20.** til dæmis **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gunga **3.** hvort **4.** hundraðshluti **5.** festing **7.** kotbær **10.** skorðýr **13.** fæða **15.** brýna **16.** vafi **19.** ryk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** ok, **8.** frí, **9.** lof, **11.** óm, **12.** atlas, **14.** sóley, **16.** eh, **17.** and, **18.** fúi, **20.** td, **21.** ismi.
**LÓÐRÉTT: 1.** rola, **3.** ef, **4.** prósent, **5.** lím, **7.** kotshús, **10.** fló, **13.** ala, **15.** ydda, **16.** efi, **19.** im.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.
ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.
penzim.is

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**MEÐ HEILU HNÍFASETTIN Í BAKINU** Lykilpersónur í dramatískum vendingum en þáttur Spaugstofunnar í kvöld verður með þeim hætti að vara verður viðkvæma við honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

PÁLMI GESTSSON: VIÐ ERUM ÓÞARFIR Í SVONA ÁSTANDI

# Borgarstjóri Spaugstofunnar í viðbragðsstöðu

„Við erum nú bara með hann Ólaf Efff á náttslopp hérna. Og bíðum átekta. Ég í Villa-gervinu með heilu hnífasettin í bakinu,“ segir Pálmi Gestsson, upplýsingafulltrúi Spaugstofunnar. Þáttur þeirra í kvöld verður með þeim hætti að vara verður viðkvæmar sálir við honum.

Þegar Fréttablaðið mætti á tökustað til Spaugstofunnar á fimmtudag, þar sem hópurinn hafði hreiðrað um sig á Kringlukránni, mátti greina mikla óvissu. Menn fylgdust agndofa með vendingum í málefnum borgarinnar – og var ekki skemmt. Enginn þeirra Spaugstofumanna vildi ráðast í það viðsjárverða verk með Rögnu Fossberg förðunarmeistara að þróa gervi Ólafs F. Magnússonar.

„Við töldum rétt að láta gestaleikara fara með þetta hlutverk. Þeir skipta svo ört. Erlendur Eiríksson er verulega góður borgarstjóri. En við sjáum ekki fyrir okkur að þurfa að kalla hann til mjög oft,“ segir Pálmi. Hann telur ófaragleðinni takmörk sett.

Meðan þessu fer fram eru gerð hróp að nýjum borgarstjóra sem tekur við lyklavöldum í ráðhúsinu. „Þetta fer fram úr okkur. Við af öllum mönnum stöndum eftir sem „stabíl“ stofnun í þjóðfélaginu. En borgarstjórn situr fram að hádegi og önnur tekur við eftir hádegi. Okkur er lítill greiði gerður með þessu. Við erum óþarfir í svona ástandi,“ segir Pálmi.

Spaugstofumenn gera út á að ýkja ástandið, líkt og flestir þekkja, en Pálmi segir að atburðir vikunnar séu miklu farsakenndari en þeir hafi á færi sínu.

Að sögn Pálma hefur ekki verið gengið frá samningum þess efnis að þeir haldi úti sínum vikulegu þáttum næsta haust. Sem er reyndar hefðbundið. Þannig hafi þetta verið allt frá árinu 1989. Samið til eins árs í senn. En Pálmi gerir frekar ráð fyrir því að áframhald verði á þáttagerðinni.

jakob@frettabladid.is



**SEX ÞÚSUND OG FIMM HUNDRUÐ ATKVÆÐI** Ellert Eiríksson, borgarstjóri Spaugstofunnar, hefur helst til málanna að leggja setninguna „sex þúsund og fimm hundruð atkvæði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Handknattleiksáhugamenn syrgja margir hverjir brotthvarf **Alfreðs Gíslasonar** enda hefur landsliðsþjálfarinn unnið hug og hjörtu þjóðarinnar og varla hefur nokkur maður þorað að styggja fyrrum stórskyttuna. Fjölmiðlamenn hafa líka tekið miklu ástfóstri við Alla og það kom kannski hvað best í ljós þegar það sást í útsendingu RÚV að **Adolf Ingi Erlingsson** faðmaði þjálfarann í kveðjuskyni. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem íþróttafréttamenn RÚV sýna hug sinn í verki því eins og mörgum er enn í fersku minni smellti **Ingólfur Hannesson** kossi á **Guðjón Þórðarson** eftir jafnteflið gegn heimsmeisturum Frakka á Laugardalsvelli fyrir nokkrum árum.





Stjarna **Hugleiks Dagssonar** skín skærar en nokkru sinni og nú er höfundurinn snjalli við það að leggja undir sig sjálft Frakkland. Hinar umdeildu bækur hans, með teikningum þar sem öllum tabúum er sagt stríð á hendur, eru á metsölulistum víða um Evrópu. Og nú berast þær fregnir frá útgefanda hans, Forlaginu, að Hugleikur hafi nýverið gengið til samninga við eitt stærsta bókaforlag Frakka sem heitir Sonatine Editions.



**Mikael Torfason**, fyrrum aðalritstjóri Birtings, er að endurnýja ágætan rithöfundaferil sinn eftir nokkur ár í blaðamennsku og situr nú við skriftir. Mikael sótti um í launasjóð rithöfunda, meira formsins vegna en annars og kom það honum ánægjulega á óvart að fá úthlutað þremur mánuðum. Dregur hann þá ályktun að mönnum sé það í mun að halda honum fremur innan þeirrar stéttar en að hann sé að láta til sín taka í fjölmiðlum. Mikael fór í sjálfskipaða blaðamennskuútlegð eftir að dómur féll **Jónínu Ben** í hag gegn DV. - fgg/jbg



# Skaupið kostaði þrjátíu milljónir

„Kostnaðurinn við Skaupið var á áætlun, kostaði þrjátíu milljónir og var heldur ódýrara en í fyrra og mörg undanfarin ár,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV. Eins og Fréttablaðið greindi frá á síðasta ári var kostnaðurinn við áramótaskaupið 2006 tæpar fjörutíu milljónir en þá gekk heldur verr að fá upplýsingar um kostnaðinn hjá hæstráðendum í Efstaleitinu og þurfti meðal annars að leggja fram stjórnsýslukæru til að fá þær upplýsingar.

Nú stóð hins vegar ekki á svarinu frá dagskrárstjóranum Þórhalli, sem segir hverri krónu vel eytt í þetta vinsælasta sjónvarpsefni Íslandssögunnar. Hann hafði ekki fengið áhorfstölurnar frá Gallup en reikna má með að þær verði eitthvað í líkingu við undanfarin ár, að 95 prósent þjóðarinnar hafi notað síðustu klukkustundina á gamla árinu til að horfa á þennan spéspegil.

Eins og kom fram í fjölmiðlum var mikil ásókn hjá stórfyrirtækjum að auglýsa skömmu fyrir Skaup og má áætla að tæplega átta milljónir hafi komið í kassann í dýrasta auglýsingatímanum í íslensku sjónvarpi. Þá má ekki gleyma framlagi fasteignarisans Remax sem keypti auglýsingaplássið í miðju Skaupsins fyrir þrjár milljónir. - fgg



**ERFITT VERKEFNI** Ragnar Bragasyn leikstýrði Skaupinu í ár og fékk, eins og við mátti búast, misjafna dóma. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR FERÐATÆKI
DVD SPILARAR LCD SJÓNVÖRP
ELDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
MYNDBANDSTÆKI
VÖFFLUJÁRN
RISA ÚTSALA
MAGNARAR
RAKVÉLAR
REIKNIVÉLAR
RYKSUGUR
SAMLOKUGRILL
HÁFAR
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
KAFFIVÉLAR
BLANDARAR
LOKADAGUR
BROT AF ÞVÍ BESTA
Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995
HRÆRIVÉLAR
STRAUJÁRN
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði
KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslætti
Pottar og pönnur frá Bialetti og Tefal með 30% afslætti
Panasonic RYKSUGA – Verð áður kr. 6.995 – Verð nú kr. 4.995
Philips keramik SLÉTTUJÁRN – Verð áður kr. 4.995 – Verð nú kr. 2.995
220 lítra FRYSTIKISTA – Verð áður kr. 36.995 – Verð nú kr. 26.995
Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti
Heimilistæki
www.ht.is
OPIÐ 10-16
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700
CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA Indesit VESTFROST Whirlpool

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## Af skríl

Á fimmtudaginn varð ég vitni að því þegar fólk á öllum aldri streymdi inn í Ráðhús Reykjavíkur af fúsum og frjálsum vilja til þess að mótmæla, af augljósum ástæðum, fyrirvaralausum meirihlutaskiptum. Þarna var gamalt fólk, ungt fólk, miðaldra fólk, skáld, lögfræðingar, stúdentar, læknar, kennarar, ellilífeyrisþegar og allt þar á milli. Fólk af öllum sviðum þjóðfélagsins fyllti pallana, gangana og stóð fyrir utan húsið. Það hrópaði, púaði og stappaði fótunum.

**ÞETTA** fólk var að tjá skoðun sína og tilfinningar. Ef það hefði ekki mætt er vandséð að þessar tilfinningar hefðu komist til skila. Og þetta var bara toppurinn á ísjakanum. Úti um alla borg sat fólk, sem fannst því vera misboðið. Það þurfti engan vísindamann til þess að nema það með græjum að víðtæk reiði ríkti úti um alla borg.

**ÞEGAR** almenningur rís upp og tjáir sig verða hins vegar alltaf til þeir sem vilja annaðhvort gera lítið úr slíku, eða vilja lýsa því yfir að þeir telji slíkt óviðeigandi. Talað er um að einhverjir ákveðnir skipuleggjendur hafi fengið fólk á staðinn og sagt því að æpa. Eitt tiltekið hnignandi dagblað hér í bæ er til dæmis þessarar skoðunar, og opinberar þar með litla trú sína á manneskjunni. Fólk er strengjabrúður. Ekki kemur til greina að fólk hafi raunverulega verið reitt og sé það enn.

**HIN** hlið viðbragðanna gengur síðan út á það, að halda því fram að svona mótmælendur séu andlýðræðislegur skríll sem virði ekki fundarsköp. Það er alveg rétt að ef óp á pöllum verða fastur liður er slíkt dálítið vandamál, fyrir utan að vera hvimleitt. En yfirleitt eru svona mótmæli einstök afleiðing af einhverju sem fólk telur mun djúpstæðari misgjörð en brot á fundarsköpum. Fólk er semsagt reiðubúið að virða ekki fundi, í því augnamiði að vekja athygli á mun stærra máli og tjá afstöðu sína til þess.

**EF** Moggi hefði verið í Austur-Berlín hefði ritstjóri hans án efa talið niðurrif múrsins hið versta mál. „Svona múra", hefði hann sjálfsagt skrifað í leiðara, „ber að rífa einungis með samþykki til þess bærrar stofnunar, enda er hér um múr að ræða sem reistur hefur verið fyrir skattfé. Framkoma sem þessi er því ekkert annað en skrílslæti."

**EF** við hlustuðum á svona málflutning myndu allir Skugga-Baldrar þessa heims alltaf komast óséðir upp með allt, án athugasemda. Það gerðu þeir ekki á fimmtudaginn.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 26. janúar, 26. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.27 | 13.40 | 16.53 |
| Akureyri | 10.28 | 13.25 | 16.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


